

Þetta er mín gleðisprengja

segir **Benedikt Erlingsson**, leikstjóri Kona fer í stríð sem sló í gegn á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Hann segist vilja ná til áhorfandans með því að skemmta honum. → 26



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Auralaus á Listahátíð
Leiðarvísir fyrir blanka listunnendur.

→24



Kerfið virkar ekki

Sanna Magdalena um upp-vöxtinn í London og Breiðholti.

→32



14
DAGAR
Í HM

RUNAR ALEX RÚNARSSON



KÁRI ÁRNASON

Safnaðu öllum leikmönnum



SMÁRALIND

GJAFAKORT
SMÁRALINDAR

ÓTAL MÖGULEIKAR
Í EINUM PAKKA



OPIÐ TIL 18 Í DAG

Veður



Suðvestan strekkjngur í dag og skjjað með dálitilli vætu Vestanlands, en þurr og bjart austan til. Hiti 8 til 20 stig, hlýjast á Austurlandi.
SIÁ SÍÐU 50

Selur fyrir meira en 600 milljónir í HB Granda

VIÐSKIPTI Eignarhaldsfélagið VGJ, sem er að mestu í eigu Eiríks Vignissonar, hefur selt í HB Granda fyrir 617 milljónir króna og á eftir viðskiptin 2,9 prósentu hlut í útgerðinni. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins keypti nánast allan hlutinn og skiptust kaupin á milli A- og B-deildar. Þetta kemur fram á hluthafalista.

Verðið í viðskiptunum er hið sama og yfirtökutilboð Brims í HB Granda hljóðar upp á. Eignarhaldsfélagið fékk greitt í hlutabréfum HB Granda þegar Vignir G. Jónsson sameinaðist útgerðinni árið 2013 og eignaðist í kjölfarið 5,5 prósentu hlut. Í mars var upplýst um að eignarhaldsfélagið VGJ hefði selt fyrir um 300 milljónir króna í HB Granda. Það á 1,95 prósentu hlut í Heimavöllum sem metinn er á 270 milljónir króna og 1,27 prósent hlut í Kviku sem metinn er á 183 milljónir.

– hvj

2,9%

hlut á eignarhaldsfélagi VGJ í HB Granda.

Flugvél brotrenti í Kinnarfjöllum

SLYS Flugvél brotrenti í Kinnarfjöllum, austan Eyjafjarðar á niunda tímanum í gærkvöldi. TF-GNA, þyrila Landhelgisgæslunnar, var send á staðinn og fór hún í loftið klukkan 21.45.

Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni tilkynnti flugmaður vélarinnar flugstjórn á Akureyri að tveir hefðu verið um borð í vélinni og sloppið ómeiddir. Þyrflan var ekki komin norður að Kinnarfjöllum þegar Fréttablaðið fór í prentun. – jnh

Forsætisráðherra keypti fyrstu tautöskuna



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra keypti fyrstu tautöskuna í fjárföllumarátaki Mæðrastyrksnefndar í Melabúðinni í gær, í tilefni af 90 ára afmæli nefndarinnar. Mæðrastyrksnefnd var stofnuð árið 1928 eftir að togarinn Jón forseti strandaði út af Stafnesi 27. febrúar sama ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Leiðtogafundur aftur á dagskrá

BANDARÍKIN Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, og Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, ætla að funda í Singapúr þann 12. júní. Þetta tilkynnti Trump í gær en viku áður hafði hann aflýst fundinum vegna ógrandi mállutnings Norður-Kóreustjórnar.

Trump tilkynnti um fundinn eftir að sendiboði Kim-stjórnarinnar, ráðgjafinn og hershöfðinginn Kim Yong-chol, afhenti forsetanum bréf frá einræðisherranum. Trump sagði bréfið afar áhugavert en vildi ekki deila efni þess með alþjóðasamfélaginu. Að minnsta kosti ekki að sinni. Trump sagði þó að Norður-Kórea væri fylgjandi kjarnorkuafvopnun.

Kim Yong-chol hafði átt í viðræðum við Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, undanfarna daga um að koma fundinum aftur á dagskrá. – þea

Tíu ára gömul hugmynd loks orðin að veruleika

Gleði ríkti þegar Grandi mathöll, með níu matsölustöðum, var opnuð í gær. Götumatarmenning verður sífellt vinsælli. Staði af þessu tagi má finna víða um heim í margvíslegu formi. Skipuleggjandi segir tíma hafa verið kominn á Ísland.

SAMFÉLAG Grandi mathöll opnaði dyrnar fyrir gestum og gangandi klukkan sex í gærkvöldi. Hús Sjávarklasans hysir höllina sem sækir innblástur sinn í götumatarmenningu. Vel hefur gengið að koma mathöllinni á legginnar og margir lagt hönd á plóg.

„Þetta hefur verið strembið undanfarna daga og mikið búið að ganga á. Að mörgu þarf að huga en með íslensku leiðinni er þetta að hafast,“ sagði Franz Gunnarsson, viðburðastjóri og skipuleggjandi, þegar Fréttablaðið náði af honum tali rétt fyrir opnun. „Það sem er skemmtilegast við þetta er að maður er eiginlega búinn að eignast auka fjölskyldu, þetta er svona „mini“-samfélag sem við erum búin að skapa.“ Hann var jákvæður og létt yfir honum og mátti heyrja að spenningurinn væri mikill.

Níu matsölustaðir verða í Grandi mathöll og er þar að finna fjölbreytta bragðflöru. Kjöt- og fiskstaðir, vietnamskur staður, kóreskur staður, grænmetisstaður og kaffi- og vínbar svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður þar svokallaður pop-up vagn þar sem alltaf verður eitthvað nýtt og ferskt í hverjum mánuði.

„Frumkvöldar í matargerð geta sótt um að fá vagninn í einn til tvo mánuði í senn og kynnt þar vöru sína. Sá staður verður mjög lifandi, svona eins og kameljón. Frábært tækifæri og skemmtilegt fyrirbæri,“ segir Franz. „Einnig verum við með til sölu vörur hérna frá fyrirtækjum í Sjávarklasunum sem hafa verið að þróa vöruna sína.“

Götumatarmenning hefur verið að ryðja sér e til rúms en svona staði



Níu matsölustaðir eru í mathöllinni Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þetta hefur verið strembið undanfarna daga og mikið búið að ganga á. Að mörgu þarf að huga en með íslensku leiðinni er þetta að hafast.

Franz Gunnarsson



má finna víða um heim á alls konar formi. Franz segir að það hafi verið kominn tími til að opna slíkan stað á Íslandi. Hugmyndin að staðnum hafi hins vegar kviknað fyrir hátt í tíu árum.

„Það eru allir gríðarlega spenntir að leyfa fólkinu að koma og sjá og gæða sér á þessum frábæru réttum. Við erum búin að finna fyrir miklum áhuga og eftirvænting eftir að fá viðbrögðin er gífurleg,“ segir Franz að lokum.

gunnthorunn@frettabladid.is

Er vinningur í þinni öskju?
Leitaðu að vinningsmiða næst þegar þú kaupir sælgætisöskju frá Góu. Þú gætir unnið svífretti eða gómsætan sælgætisglöðning.

Gleðilega hátíð



JONASDÓTTIR & SÖN - JÚL - 2014



TÖLUR VIKUNNAR 27.05.2018 TIL 02.05.2018

1,71

barn á ævi hverrar konu var frjó-semi kvenna á Íslandi árið 2017 og var hún minni en nokkru sinni áður. Meðalaldur frumbjörja hélt áfram að hækka og var 27,8 ár. Sé horft til Evrópu er algengast að barn fæðist utan hjónabands á Íslandi.



15

púsund tonn af plastumbúðum fóru á markað hérlandis árið 2016. Tæp 43 prósent skiluðu sér til endurvinnslu.

54,7

prósent var herbergjanýting á hótélum í apríl síðastliðnum. Er það lækkun um 11,3 prósentustig frá apríl 2017 þegar herbergjanýtingin var 66,0%. Á sama tíma hefur framboð gistingu aukist um 8,3% mælt í fjölda herberga.



61

eftirlitsmynda-vél verður í notkun hjá embætti ríkislögreglustjóra innan nokkurra vikna.

2

milljónir mynda breska fjölmiðilsins The Telegraph verða skannaðar hjá íslenska fyrirtækinu NordicVisual. Fyrirtækið samdi um að flokka myndasafn The Telegraph og færa á rafrænt form.



65,6

prósent af þeim 4.554 nemendum sem luku háskólaprófi á skólaárinu 2015 til 2016 voru konur.

5-10

púsund dollara mun nöttin í sumum svítum 5 stjörnu hótelsins sem ris við Hörpu kosta. Það er jafnvirði hálftrar til einnar milljónar króna.



Þrjú í fréttum Afsláttur, börn og þrælur

Sigurður Páll Jónsson

Þingmaður Miðflokksins og flutningsmaður frumvarps um lækkun veiðgjalda



kvaðst reikna með að fá afslátt verði frumvarpið að lögum. Sigurður er eigandi alls hlutfjár Kára ehf. sem á aflahlutdeild að verðmæti 106 milljónir króna. Hann sagðist ekki geta séð að hann væri vanhæfur.

Salvör Nordal

umbóðsmaður barna

sagði að rýna þyrfti betur tölur um fjölda barna yngri en 13 ára í launuðu starfi með tilliti til athugasemda SP um vinnu barna. Í



fyrri voru þessi börn hátt í 700. Vinnueftirlitinu berast sjaldan fyrirspurnir um leyfi sem kveðið er á um í reglugerð. Salvör telur börn vinna af mikið með skóla og segir það geta bitnað á tömstundum þeirra, námi og hvíld.

Sanna Magdalena Mörtdóttir

borgarfulltrúi

Sósíalista-flokksins

ákvað að taka ekki þátt í meirihlutasamstarfi í Reykjavík. Hún kvaðst geta gert meira úti á akrunum en sem húsræll. Hún hefði ekki verið að hafna völdum heldur hefði hún verið að tryggja það að hún gæti sótt sér afl og vald til þeirra sem hana kusu.



YouTube sætir harðari reglum

Myndbandaveitan YouTube hefur hingað til ekki verið skuldbundin til að setja sér reglur sem snúa að vernd barna og hefur ekki verið hluti af þeim miðlum sem fjölmiðlanefndir í Evrópu hafa eftirlit með.

PERSÓNUVERND YouTube er gagnrýnt af hagsmuna- og neytendahópum og af foreldrum víða um heim fyrir að bregðast síðferðislegum skyldum sínum, sem meðal annars snúa að óviðeigandi efni sem ætlað er börnum á veitunni.

En foreldrar geta senn andað léttar. Með nýjum lögum um persónuvernd sem tóku gildi í lok síðustu viku hafa reglur verið hertar fyrir fyrirtæki á borð við YouTube.

„Nú er að koma ný hljóð- og myndmiðlanartilskipun sem verður samþykkt á þessu ári og þarf að innleiða hana í öllum EES-rikkjum, þar á meðal á Íslandi. YouTube, og aðrir samfélagsmiðlar sem bjóða upp á myndefni, munu þá falla undir gildissvið tilskipunarinnar og verða undirorpnrir eftirliti fjölmiðlanefnda í álfunni,“ segir Elfa Yr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, en fjölmiðlanefndir hafa ekki haft eftirlit með YouTube til þessa.

Tilskipunin hefur verið gefin út og hefst þá innleiðingarferli. Búist er við að ferlið taki 12 til 24 mánuði.

„Það sem skiptir máli er hvar fyrirtækið er skráð. YouTube tilheyrir til dæmis írskri lögsögu. Írsla fjölmiðlaeftirlitið þarf þá að tryggja að YouTube setji sér reglur um vernd barna og sjá til þess að þeim sé fylgt. YouTube þarf því að tryggja að efni sem talið er óæskilegt börnum sé ekki aðgengilegt þeim,“ segir Elfa Yr.

Umsvif myndbandaveitunnar eru hins vegar svo gríðarlega mikil að með tilskipuninni þarf að finna lausn á því hvernig hægt er að tryggja að börn hafi ekki aðgang að skaðlegu efni í allri álfunni.

Hollenska fyrirtækið NICAM hefur fengið það hlutverk að aldursmeta alla tölvuleiki fyrir EES-svæðið.



YouTube hefur litið látið til sín taka þegar kemur að vernd barna gegn óæskilegu efni á veitunni. Fjölmiðlanefndir hafa ekki haft eftirlit með því sem þar birtist. Það breytist þó með nýrri löggjöf um persónuvernd. NORDICPHOTOS/GETTY



Elfa Yr Gylfadóttir.

Fyrirtækið hefur einsett sér að finna leiðir til að aldursmeta efni sem aðgengilegt er á samfélagsmiðlum og hefur gert ýmsar tilraunir í þá veru.

Hjá NICAM starfar vísindanefnd sem stýst við völdtækar rannsóknir á því hvernig myndefni hefur áhrif á börn, rannsóknir í þroskasálfræði og fleira. FRISK, Félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði, er með samning við NICAM og er þetta aldursmatskerfi notað hér á landi.

„NICAM hefur verið virkt í að taka þátt í verkefnum sem snúa að því að aldursmeta efni. Þeir hafa reynt að vinna með YouTube en það hefur gengið illa. YouTube hefur sýnt áhuga og svarað á jákvæðum nótum en svo ekkert aðhafst frekar né viljað samstarf. Ein af ástæðunum er að YouTube er ekki skuldbundið til að gera slíkt á evrópskum markaði. En nú þegar tilskipunin verður samþykkt getur það varðað við lög eftirfyrirtækið tekur sig ekki á,“ segir Elfa Yr.

„Annað til viðbótar almennt um YouTube er að það er verið að framleiða svo gríðarlega mikið af efni. Við erum í auknum mæli farin að sjá fyrirbæri sem nefnist „FakeTube“. Það eru alls kyns aðilar sem búa til

falsfréttir, efni sem getur verið skaðlegt og hvað annað sem er. Þetta eru aðilar úti í heimi sem nota gervigreind til að framleiða myndbönd á YouTube og nýleg rannsókn sýnir að slíkar veitur geta verið að dæla út 80.000 myndböndum á nokkrum dögum og hlaðið inn á nokkurra mínútna fresti,“ segir hún.

Að sögn Elfu Yrar er erfitt að ráða við þetta. Efnið getur ekki aðeins verið skaðlegt börnum heldur er líka mikið um hatursordræðu, sem sé ekki siður alvarlegt.

„Þetta er eitt af stóru málunum sem er ekki komin lausn á. Þessu efni hefur fjölgað og hluti af vandamálinu er að YouTube ræður ekki við þetta,“ segir framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar. gunthorunn@frettabladid.is

HÖRKUTÓL SEM ENDIST

RAM 3500 CREW CAB
VERÐ FRÁ KR.
5.960.000 ÁN VSK.
7.390.400 MEÐ VSK.

6700cc Cummins dísel 370 hö. / 385 hö.
(með AISIN sjálfskiptingu), 6 gira
sjálfskiptur. Fánlegur í SLT, Laramie og
Limited útfærslum.



EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX



ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

ÍSLENSK - BANDARÍSKA EHF. • UMBOÐSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI: 534 4433 • WWW.RAMISLAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

FRÁBÆR TILBOÐ

ALLIR PLASTKASSAR



20-40%
afsláttur

ÖLL GARÐHÚSGÖGN



20%
afsláttur*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

ALLIR BLÓMAPOTTAR



20-50%
afsláttur

90 x 200 cm **99.950** nú **69.950**
120 x 200 cm **119.950** nú **79.950**
140 x 200 cm **129.950** nú **89.950**
160 x 200 cm **149.950** nú **99.950**
180 x 200 cm **159.950** nú **109.950**

Sparið
allt að
50.000

Með 7 þægindasvæðum



SWEET DREAM

SWEET DREAM HEILSURÚM

Gott meðalstíft heilsurúm með 260 poka-gormum pr. m². og 7 þægindasvæðum. Afóst 5,9 cm þykk yfirdýna úr eggjabakalöguðum svampi og MEMORY FOAM svampi. Fætur og botn fylgja með. Nokkrar stærðir. Vnr. 8880002033

NÚ VERÐ FRÁ:

69.950

VEISLUTJALD
FRÁBÆRT Í GARÐINN EÐA
Á PALLINN!



FULLT VERÐ: 19.990

14.990

Sparið
5000

135x200 cm **34.990** nú **19.990**
Koddi 50x70 cm **9.995** nú **4.995**



Allt að
50%
afsláttur



SÆNG VERÐ NÚ:

19.990

Downafresh **NOMITE**
Hygiene according to DIN EN 12935

PREMIUM MOSKUSDÚNSÆNG
Einstök heilsársæng fyllt með moskudúni sem minnr á besta dún í heimi, æðardún. Sængin er dönsk gæðaframleiðsla þar sem yfstrustu gæðakröfum er fylgt. Hentar fólki með ofnæmi. Burðargeta 11. Fylling 600 gr. 90% evrópskur moskudúnn 10% evrópskar smáfjaðir. Áklæði 100% bómullarléft. Þolir þvott við 60°C.

Vnr. 401-40400, 403-40400

VEISLUTJALD
Með stórum og góðum gluggum. Tívalið fyrir ættarmótin, brúðkaupsveisluna eða önnur skemmtileg tilefni. B3 x L6 x H2,5 metrar.

Vnr. 96506



GILDIR 02.06 - 03.06

Ráðherra telur nýjan samning við Microsoft geta sparað milljarða

STJÓRNSÝSLA Íslenska ríkið hefur í fyrsta sinn gert heildstæðan samning við Microsoft, en áður hafa stofnanir og ráðuneyti gert sjálfstæða samninga.

Bjarni Benediktsson og Heimir Fannar Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, undirrituðu samninginn í gær fyrir hönd ríkisins og Microsoft. Með honum sparast 200 milljónir króna árlega en hann felur í sér aðgengi ríkisstofnana að nýjustu útgáfu Office 365 hugbúnaðar-

pakkans, sem inniheldur meðal annars Word, Excel, höpinnukeyrni og póstkferfi.

Hægt verður að þýða íslenskan texta yfir á sextíu önnur tungumál og Microsoft mun forgangsraða íslenski talvél framfar. Stefnt er á að láta hugbúnaðinn skilja íslenska tungu.

„Við teljum að við höfum náð verulega hagstæðum samningum við Microsoft, en þeir tryggja okkur meiri afslátt en býðst í mörgum nágrannaríkjum okkar. Samn-

ingurinn er liður í stærra átaki ríkisins sem felst í að auka og bæta opinbera þjónustu. Árlega sparast um 200 milljónir króna í krafti samningsins, sem til framtíðar þýðir hagráðningu sem nemur milljónum króna. Það fjármagn verður hægt að nýta til uppbyggingar stafrænnar þjónustu og með því eykst skilvirki í starfsemi stofnana ríkisins.“ segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, í tilkynningu sem ráðuneytið sendi fjölmiðlum.

Árlega sparast um 200 milljónir króna í krafti samningsins, sem til framtíðar þýðir hagráðningu sem nemur milljónum króna.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra



„Þetta er mikilvægur samningur fyrir Microsoft sem markar viss tímamót þar sem þetta er fyrsti samningurinn af þessu tagi sem Microsoft gerir við heilt ríki,“ segir Heimir Fannar.

Á vef ráðuneytisins kemur fram að samningurinn er í tveimur hlutum. Annars vegar er samningur fyrir almennar stofnanir og hins vegar er samningur fyrir menntastofnanir. Samningum fækka þvi við þetta úr rúmlega hundrað í tvo. – jhh

Rósa fékk meira en helming útstrikana

KOSNINGAR Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði og verðandi bæjarstjóri í meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og óháðra, fékk langflestar útstrikana í sveitarstjórnarkosningunum um síðustu helgi.



Rósa Guðbjartsdóttir

Efstu tveir frambjóðendur allra lista sem buðu fram fengu samanlagt 201 útstrikun. Efstu tveir frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins fengu flestar þessara útstrikana.

Rósa var strikuð út á 121 kjörseðli og annar maður á lista Sjálfstæðisflokksins, Kristinn Andersen, var strikuð út af 18 kjösendum flokksins. Aðrir frambjóðendur fengu allir undir tíu útstrikunum frá sínum kjösendum.

121


kjösendi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði strikaði yfir nafn Rósu Guðbjartsdóttur.

Sjálfstæðisflokkurinn hlaut yfirburðakosningu í Hafnarfirði og fimm menn kjörna. Samfylkingin fékk tvo menn og missti einn frá þvi á síðasta kjörtímabili. Framsókn, Miðflokkurinn, Bæjarlistinn og Viðreisn hlutu allir einn mann kjörinn. – sa


Persónukjör hyglar körlum í sveitarstjórnarkosningum

Hlutfall kvenna í nýkjörnum sveitarstjórnunum er minna þar sem persónukjör var viðhaft en þar sem framboðslistar voru í boði. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnunum er mjög hátt í alþjóðlegum samanburði. Árborg og Mosfellsbær aðeins með tvær konur í sveitarstjórn en sjö karla. Karlar eru oftast oddvitar á framboðslistum.

Hlutfall kynjanna í sveitarstjórnunum eftir formi kosninga



Nýir sveitarstjórnarfulltrúar



Sveitarfélög með hvað mestan kynjahalla

Sveitarfélag	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Hlutfall kvenna
Helgafellssveit	1	4	80,00%
Skaftárhreppur	1	4	80,00%
Asahreppur	1	4	80,00%
Fjallabyggð	2	5	71,43%
Borgarbyggð	3	6	66,67%
Reykjavík	8	15	65,22%
Rangárþing ytra	5	2	28,57%
Vopnafjörður	5	2	28,57%
Langanesbyggð	5	2	28,57%
Mosfellsbær	7	2	22,22%
Árborg	7	2	22,22%
Eyja- og Miklaholtshreppur	4	1	20,00%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	4	1	20,00%
Tjörneshreppur	4	1	20,00%
Vogar	6	1	14,29%
Borgarfjarðarhreppur	5	0	00,00%

» Konur ná betur inn í sveitarstjórnunum eftir því sem sveitarfélög eru stærri.

sveitarstjórnunum á næsta kjörtímabili. „Það virðist líka vera að karlar séu oftast oddvitar sinna framboða. Ef svo gerist að margir flokkar ná inn oddvitum þá skekkist hlutfall kynjanna mikið.“ segir Eva Marin.

Katrín Björg Ríkardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, segir mikilvægt að konur standi einnig í stafni sinna flokka til að tryggja að bæði kynin komi að borðinu.

„Ef við ætlum að ná sem jöfnustu hlutfalli innan hvers sveitarfélags fyrir sig þá eru fluttlistar besta leiðin að minnu mati og að konur séu í oddvitasættum til jafns á við karla.“ segir Katrín Björg.

„Ég geri mér fulla grein fyrir því að þessu er samt sem áður erfitt að stjórna enda margt sem getur haft áhrif en í þessum efnum eins og mörgum öðrum þá er það meðvitund þeirra sem velja á lista sem skiptir höfuðmáli og að leitað sé jafnt til kvenna og karla. Í óhlutbundnum kosningum er málið auðvitað flókna. Þar skiptir þó líka máli meðvitundin um að kjósa þurfi bæði konur og karla því auðvitað viljum við að sveitarstjórnir endurspegli þau samfélög sem þeim er falið að stjórna.“
sveinn@frettabladid.is

Álagið á bráðamóttöku eykst frekar

HEILBRIGÐISMÁL Álag á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi mun aukast enn frekar á næstunni. Ástæðan er sú að tekin hefur verið ákvörðun um að loka Hjartagáttinni, eða deild 10D, þann 7. júlí næstkomandi og flytja bráðastarfseminna á bráðamóttöku í Fossvogi. Þetta kemur fram í vikulegum pistli Páls Matthíassonar forstjóra á vef Landspítalans.

Þjónusta hjartasérgreina í Fossvogi verður aukin samhliða lokun Hjartagáttarinnar og fleiri rúm opnuð á hjartadeildinni (14EG) við Hringbraut.

„Öllum er ljóst að með þessu færast mikill þungi á starfsemi bráðamóttökunnar í Fossvogi þar sem þegar eru fyrir ærin verkefni og rúmlega það. Ég vil fullvissa ykkur um að allra leiða var leitað til að forða þessu en niðurstaðan var að gripa til þessa óyndisúrræðis,“ segir Páll.

Öllum er ljóst að með þessu færast mikill þungi á starfsemi bráðamóttökunnar í Fossvogi þar sem fyrir eru ærin verkefni og rúmlega það.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans



er sú að lokanir standa yfir í lengri tíma og opin rúm í sumarbyrjun eru þegar færri en í fyrra.“

Páll segir að ástæða lokunar hjartagáttar sem og meginástæða fækkunar opinna rúma í sumar sé skortur á hjúkrunarfærðingum. „Þvi miður hefur okkur ekki tekist að ráða nægilega marga til sumar-afleysinga, né eru stóður hjúkrunarfærðinga fullmannaðar.“

Þetta er grafalvarleg staða. Sannarlega vantar í fleiri heilbrigðisstétir til starfa í spítalanum, einkum sjúkraliða, lífeindafærðinga og geislafræðinga en sá skortur hefur ekki (enn) orðið til þess að draga hafi orðið úr starfsemi með þessum hætti,“ segir hann.

Þíslu sínum fagnar Páll kjaramanninum ríkisins við ljósmæður. „Kjaradeilur og heilbrigðisþjónusta er afleitar kokteill enda hafa þær afar slæm áhrif inn í viðkvæma starfsemi,“ segir hann. – jhh

Handfrjálts búnaður í bílinn.

- Tengist símanum með Bluetooth.
- HQ voice hljómgæði með „noise cancellation“

Sekt fyrir að tala í símann undir stýri án handfrjálts búnaðar er 40.000 kr.



BSV
netverslun

Nánari upplýsingar á www.bsv.is eða bsv@bsv.is og í síma 571 4000

Meira svona alla daga



Sósur sem gera góðan borgara betri

349 kr/stk



Smash Style
hamborgarar

2 x 100 g

479 kr/pk
Verð áður 599

2 x 120 g

559 kr/pk
Verð áður 699

2 x 140 g

639 kr/pk
Verð áður 799



Rufus Teague Rub

799 kr/stk

Tilboð gilda út 3. júní



Nocco Ice Pop

Ferskur og svalandi

Verð frá **259** kr/stk



Annie Chung's

Núðlur og núðluréttir

Verð frá **599** kr/pk



30%
afsláttur

Grandiosa pizzur

Hakk & laukur, pepperóni og skinka & paprika

475 kr/pk
Verð áður 679



Lifrænar Agúrkur

Verð frá **399** kr/pk



Lifrænir Tómatar

Verð frá **549** kr/pk



Lifrænn Kúrbítur

699 kr/kg



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

KYNNINGARFUNDUR UM SKIPU- LAGSMÁL Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar og drög að deiliskipulagi vestursvæðis

Kynningarfundur verður haldinn um verkefnis- og matslýsingu og vinnslutillögu vegna breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, sem fjallar um auknar byggingarheimildir. Fundurinn verður í Bíósal Duushúsa í Reykjanesbæ miðvikudaginn 6. júní kl. 16–17. Jafnframt verða kynnt drög að deiliskipulagi fyrir vestursvæði Keflavíkurflugvallar – svæðið umhverfis Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Gögn málsins eru aðgengileg á heimasíðu Isavia, kefairport.is/adalskipulag.

Frestur til að gera athugasemdir við lýsingu og vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingar er til og með 20. júní 2018.

Athugasemdir skulu berast á netfangið sveinn.valdimarsson@isavia.is.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar.

Út í heim

Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði

Vorfundur Tækniþróunarsjóðs 2018 fer fram í Petersen svítunni, Gamla bíói við Ingólfsstræti, fimmtudaginn 7. júní kl. 15-17.


Dagskrá:

- **Ávarp**
Þórdís Kolbrún Reykjarörð Gyldadóttir nýsköpunarráðherra
- **Vorúthlutun Tækniþróunarsjóðs og nýtt áhrifamat**
- **Oculus, frá örlitlum sprota yfir í fremstu röð augnlyfjapróunar á alþjóðamarkaði**
Páll Ragnar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Oculus á Íslandi
- **Reynslusögur úr Kísildalnum**
Guðmundur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri vöruþróunar Google Assistant

Brund Gunnsteinsdóttir, stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs, stýrir fundinum

Spjall, léttar veitingar og ljúfir tónar

Nánari upplýsingar og skráning á rannis.is



Anna Kristine Magnúsdóttir, blaðamaður og kattavinur, segir stöðuna í manneklu heimahjúkrunar alvarlega fyrir fólk eins og hana. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Mannekla veldur kvíða

Alvarleg staða er komin upp í heimahjúkrun í Reykjavík þar sem illa hefur gengið að manna stöður fyrir sumarið. Fólk tilkynnt um minni stuðning.

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta er skelfileg aðstaða og ég kvíði mjög sumrinu,“ segir Anna Kristine Magnúsdóttir um fyrirsjáanlegan samdrátt í þjónustu við heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu í Reykjavík í sumar.

Líkt og Fréttablaðið hefur fjallað um hefur illa gengið að manna stöður og skortur á hjúkrunarfræðingum á Landspítalanum með tilheyrandi lokunum á deildum á borð við Hjartagattina geri ástandið illt verra.

Anna kveðst hafa fengið bréf frá þjónustumiðstöð sinni, Laugardal og Háaleiti, í gær þar sem boðað var að dregið yrði úr þjónustu. Hún eigi að vera í hjartabilunarefirliti en nú sé svo komið að hún fái ekki heimahjúkrun daglega, aðeins hjúkrunarfræðing á föstudögum og ófaglærðir félagsliðar taki til lyfin hennar.

„Ég þurfti að fá lánaðan sýrefnisnettunarmæli, og þeir geta bara ómögulega mannað stöðurnar. Fólk á örorku- og ellilífeyri hefur ekki efni á að skipta við Sinnum. Þetta er alvarleg staða, og mun alvarlegri en forsvarsmenn hafa látið í veðri vaka. Hjartagattin verður lokað í sumar þannig að maður verður skilinn eftir í lausu lofti,“ segir Anna. Hún krefst þess að ríkið fari að greiða fólk mannsæmandi laun svo hægt verði að manna þessar mikilvægu stöður.

„Staðan er slæm alls staðar í borg-

Ég þurfti að fá lánaðan sýrefnisnettunarmæli, og þeir geta bara ómögulega mannað stöðurnar.

Anna Kristine Magnúsdóttir

inni, eins og á spítöllum þar sem fást ekki starfsmenn í sumarflýsingar,“ segir Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.

Sigtryggur bendir á, líkt og Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála hjá Reykjavíkurborg, sagði í Fréttablaðinu í vikunni, að þetta sé ekki fyrsta sumarið þar sem svona staða hafi komið upp. Sigtryggur bendir á að þetta hafi verið svona í fyrra-sumar einnig.

Aðspurður um það að ófaglærðir félagsliðar skuli sjá um lyfjaskömmtnun segir Sigtryggur að allt sé gert til að reyna að halda uppi þjónustu.

„Þó svo að þetta sé staðan er þrugðist við akút þörf og það er fólk úti um allan bæ sem þarf aðstoð við lyfjaskömmtnun. Ef svo er þá er þessu stýrt af fagfólki og ég geri fastlega ráð fyrir að farið hafi verið í gegnum hvernig að þessu er staðið.“

mikael@frettabladid.is

Oddviti H-listans verður bæjarstjóri í Eyjum

VESTMANNAEYJAR Ákveðið hefur verið að Íris Róbertsdóttir, oddviti Fyrir Heimaey, verði bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Eydalastanum og Fyrir Heimaey, en þessi tvö framboð hafa komið sér saman um að mynda nýjan meirihluta í bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Málefnaáskjalningur nýja meirihlutans verður kynntur í næstu viku. Njáll Ragnarsson, oddviti Eydalastans, verður formaður bæjarráðs.

Í tilkynningunni segir enn fremur að Íris Róbertsdóttir muni ekki segja af sér sem bæjarfulltrúi, eins og H-listinn hafði áform um, ef oddviti hans yrði bæjarstjóri.

Sjálfstæðisflokkurinn verður einn í minnihluta en hann fékk, líkt og Fyrir Heimaey, þrjá fulltrúa



Íris Róbertsdóttir, oddviti Fyrir Heimaey

kjörna. Eydalastinn fékk einn fulltrúa kjörinn og var því í oddastöðu í viðræðum um meirihlutamyndun.

Íris Róbertsdóttir er menntaður grunnskólakennari. Hún var í fjórða sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar 2009 og varð því fyrsti varaþingmaður flokksins í kosningunum. Hún kom inn á þing fyrst 25. nóvember 2010 en hún leysti Árna Johnsen af. Síðan tók hún sæti í tíu daga í maí 2011 og aftur í rúma viku í nóvember 2012. – jnh



TAX FREE

Af öllum sumarblómum

*Gildir ekki af tilbodsvörum og Laegsta lúga verði Húasmíðjunnar. Tax Free tilbod afhjálðir 19,35% afslætti. Að sjálfsgögu stendur Húasmíðjan skil á vörubaukaskatti til ríkissjóðs.



SÉRTILBOD:
SÝPRIS
80-100 CM
999 kr.
~~1.990 kr.~~

SÉRVERÐ:
STJÚPUR
10 STK.
999 kr.

20% afsláttur
Af öllum sláttuvélum og orfum

20% afsláttur

HM TILBOD
34.956 kr.
~~43.695 kr.~~
Bensínláttuvél Razor 4610
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari.
5086301

5.596 kr.
~~6.995 kr.~~
Rafmagnsorf GL310
300W, sláttubreidd 25 cm.
5083661

20% afsláttur

20% AFSLÁTTUR
Af öllum garðverkfærum

20% afsláttur

SÚPER TILBOD
2.796 kr.
~~3.495 kr.~~
Stungugaffall
Green-It.
5084299

20% afsláttur

SÚPER TILBOD
3.196 kr.
~~3.995 kr.~~
Kantskeri
Green-It, stál.
5084405

20% afsláttur

SÚPER TILBOD
2.796 kr.
~~3.495 kr.~~
Stunguskófla
Bein Green-It.
5084298

20% afsláttur
Af öllum hábrýstidælum og slönguhjólum

20% afsláttur

Nilfisk
HM TILBOD
11.996 kr.
~~14.995 kr.~~
Hábrýstidæla C 100.7-5(EU)
100BÖR, 1,3 Kw, 440 ltr./kíst., sjálfvirk gangsetning og stöðvun 5 m slanga. Click & Clean kerfi.
5254200

Sjáðu verðið!



Byggjum á betra verði



TAX FREE
ER LIKA Í VEFVERSLUN



Viðskiptamálastjóri ESB segir tollastríð ekki hafið

VIÐSKIPTI Ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta leikur hættulegan leik með því að leggja tolla á evrópskt stál og ál. Þetta sagði Cecilia Malmström, viðskiptamálastjóri Evrópusambandsins, í gær. Varaði hún forsetann við því að hinir nýju tollar gætu haft alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir ríki Evrópusambandsins og bandaríska neytendur.

Evrópusambandið hefur nú þegar birt tíu blaðsíðna lista af nýjum tollum á bandarískar vörur.


Á þeim lista má meðal annars finna Harley-Davidson mótorhjól og bandarískt bourbon-vískí. Þá eru bæði Kanada og Mexíkó að undirbúa sams konar gagnaðgerðir.

Malmström tók þó

fram að þrátt fyrir mótvægisáðgerðirnar væri Evrópusambandið ekki í tollastríði við Bandaríkin. „Þetta er erfitt ástand, það er það sem þetta er. Ástandið batnar eingöngu ef Bandaríkin draga til baka áðgerðir sínar gegn Evrópusambandinu,“ sagði viðskiptamálastjórnin.

Greint var frá þessum ál- og stál-tollum fyrst í mars. Trump forseti heimilaði hins vegar undanþágur frá þeim á meðan stjórnvöld settust að samningaborði til að ræða málið. Á fimmtudaginn sagði Wilbur Ross, viðskiptamálaráðherra Bandaríkjanna, svo frá því að viðræðurnar hefðu ekki gengið nógu vel til þess að hætt yrði við tollalagninguna. – þea

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.



Luigi Di Maio og Matteo Salvini, formenn ríkisstjórnarflokkanna, saman á góðri stundu. NORDICPHOTOS/AFP

Popúlistaflokkarnir loks teknir við völdum

Popúlistaflokkarnir taka við völdum á Ítalíu eftir þriggja mánaða stjórnarkreppu. Ætla ekki að kasta evrunni fyrir borð en vilja lækka skatta og vísa hálfri milljón óskræðra innflytjenda, sem eru mestmagnis flóttamenn, úr landi.

ITALÍA Ný ríkisstjórn popúlistaflokkanna Fimmstjórnuhreyfingarinnar og Bandalagsins tók við völdum á Ítalíu í gær. Þar með lauk þriggja mánaða langri stjórnarkreppu. Flokkarnir hafa heitið skattalækkingunum, tekjum fyrir atvinnulausa og fátæka og brottflutningi hálftrar milljónar flóttamanna, svo fátt eitt sé nefnt.

Ljóst var að stjórnarmyndun yrði erfð þegar niðurstöður þingkosninga lágu fyrir í byrjun mars. Hvorki kosningabandalag hægri né vinstri flokka fékk hreinan meirihluta og spilaði Fimmstjórnuhreyfingin þar stórt hlutverk, enda flokkurinn frá stofnun barist gegn „hinni rótrónu elítu“.

Svo fór að þessir stærstu og mestu popúlistaflokkar Ítalíu hófu stjórnarmyndunarviðræður. Aðrir flokkar kosningabandalags hægri flokka, sem Bandalagið tilheyrði, sátu því eftir með sárt ennið.

Stjórnarmyndun hefur þó ekki gengið snurðulaust fyrir sig. Fyrr í

vikunni höfðu flokkarnir skilað ráðherralistanum til Sergio Mattarella forseta. Forsetinn neitaði þó að samþykkja fjármálaráðherrann vegna andstöðu við evruna og sagðist ætla að skipa starfsstjórn og fór fram á að það yrði til kosninga á ný.

Popúlistaflokkarnir snöggreiddust, töldu Mattarella með þessu fara út fyrir valdsvið sitt. Í gær afhenti Giuseppe Conte, forsætisráðherraefni flokkanna, Mattarella svo nýjan ráðherralista með nýju fjármálaráðherraefni, Giovanni Tria, sem er hlynntur evrunni. Mattarella féllist á listann og lauk því mánaðalangri stjórnarkreppu.

Fyrir liggur að hvorki Fimmstjórnuhreyfingin né Bandalagið eru hlynnt evrunni. Bandalagsmenn hafa verið harðir í þessari andstöðu og hefur formaðurinn Matteo Salvini lýst því yfir að það hafi verið mistök að taka upp evru. Fimmstjórnuhreyfingin hefur áður sagst vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

En þótt evran sé ekki í upphaldi hjá þessari nýju ríkisstjórn litur ekki út fyrir að gjaldmiðillinn sé á útleið á Ítalíu í bráð.

Samkvæmt BBC vilja flokkarnir ekki yfirgefa evrusvæðið á kjörtímabilinu, vilja heldur einbeita sér að því að breyta því innan frá.

Sé horft til annarra efnahagsmála vill hin nýja ríkisstjórn taka upp nærri hundrað þúsund króna mánaðarlegar greiðslur til fátækra og atvinnulausa og lækka tekjuskattinn. Tekjuskattþrepinn verði tvö, fimmtán og tuttugu prósent. Hæsta skattþrepnið nú er tæp fimmtíu prósent.

Sterk afstaða Bandalagsmanna á móti innflytjendum fær að njóta sín í stjórnarsáttmálanum.

Stjórnin ætlar nefnilega að setja í forgang að vísa hálfri milljón óskræðra innflytjenda úr landi. Um er nær eingöngu að ræða flóttamenn frá Afríku og Mið-Austurlöndum.

thorgnyr@frettabladid.is

Þjóðarsáttin og þróun ójöfnuðar á Íslandi

Opinn fyrirlestur og pallborð í boði Eflingar-stéttarfélags mánudaginn 4. júní kl. 16.30 á Grand Hótel

Stefán Ólafsson prófessor í félagsfræði flytur erindi og að því búnu verður boðið til pallborðsumræðna. Í pallborði sitja

- Guðmundur Jónsson, sagnfræðingur
- Margrét Valdimarsdóttir, félags- og afbrotafræðingur
- Þórhur Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans

Fundarstjóri er Þórhildur Ólafsdóttir, dagskrárgerðarkona á Rás 1.

Fundurinn er hluti af fundaröðinni **Stóra myndin** þar sem Efling býður til umræðna um vinnumarkaðstengd málefni sem kunna að skipta sköpum á komandi kjarasamningavetri.

AUGLÝSING VEGNA UTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsóknar 2 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á Akureyri og 1 leyfi í Árborg.

Þau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu Samgöngustofu, Ármúla 2 í Reykjavík eða á www.samgongustofa.is.

Umsóknarfrestur er til og með 08.06.2018.

Samgöngustofa



Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

Úr körfubolta og í forsætisráðuneytið

SPÁNN Hinn 46 ára gamli Pedro Sánchez, formaður Sócialistaflokks Spánar (PSOE), verður forsætisráðherra eftir að vantraust var samþykkt í gær á Lýðflokksmanninn Mariano Rajoy. Madridarmaðurinn Sánchez hefur risið hratt upp á stjórnuhimin spænskra stjórn mála en eftir að körfuboltaferli hans með U-21 liði Estudiantes lauk árið 1993 gekk hann til liðs við sócialista.

Sánchez varð formaður PSOE árið 2014. Hann neyddist til að segja af sér formennsku í kjölfar slæmra kosninga árin 2015 og 2016. Hann sneri hins vegar skjótt aftur, vann formannskjör og nú verður hann fyrsti maðurinn í sögu spænsks lýðræðis til að taka við forsætisráðuneytinu eftir að vantraust er samþykkt á sitjandi forsætisráðherra.

Í ljósi þess að PSOE hefur einungis 84 þingsæti af 350, og þar sem Sánchez sjálfur á ekki sæti á þingi, verður erfitt fyrir komandi ríkisstjórn að ná málum í gegn á þinginu. Búist er við því að Sánchez njóti stuðnings vinstri flokksins Podemos



Sócialistinn Pedro Sánchez verður forsætisráðherra Spánar. NORDICPHOTOS/AFP

auk nokkurra smáflokka. Ef allir 67 þingmenn Podemos styðja Sánchez er samlagður fjöldi þingmanna að baki verðandi forsætisráðherra 151, séu smáflokkar taldir frá. Það er 25 atkvæðum frá meirihluta.

„Í dag skrífum við nýjan kafla

í sögu spænsks lýðræðis,“ sagði Sánchez fyrir atkvæðagreiðsluna í gær. Rajoy játaði hins vegar sigur og sagði það sannan heildir að hafa þjónað Spáni og „skilið Spán eftir í betra ásigkomulagi“ en þegar hann tók við. – þea

Kraftmikill fjölskyldudagur

Laugardaginn 2. júní
í Hellisheiðarvirkjun



Bíbi & Björgvin
mæta kl. 13



Frábær fjölskyldudagskrá

Það eru allir velkomnir á opinn fjölskyldudag á Jarðhitasýningu Orku náttúrunnar í Hellisheiðarvirkjun. Áhugaverð sýning og fræðandi skemmtidagskrá í stærstu jarðvarmavirkjun heims.

Grillaðar pylsur og drykkir fyrir stóra sem smáa og öll börn fá íspinna.

13.00 **Bíbi og Björgvin**

13.30 **Barnaleiðsögn um sýninguna**

14.00 **Fróðleiksgetraun fyrir börnin – verðlaun í boði**

Fjölskyldudagurinn er frá 12.30-14.30
Aðgangur ókeypis og allir velkomnir!



**JARÐHITA
SÝNING**

Reyna að höggva á Gordionshnútinn

Grikkir og Makedóníumenn eru nálegt því að leysa deiluna um nafn Makedóníu. Nafnið hefur reitt Grikki til reiði frá því stjórnvöld í Skopje lýstu yfir sjálfstæði frá Júgóslavíu og tóku upp hið forna nafn árið 1991. Þjóðaratkvæðagreiðsla og aðild að NATO í sjónmáli.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



MAKEDÓNÍA Löngu áður en Jesús Kristur fæddist í Betlehem stofnaði Karanos nokkur konungsríkið Makedóníu á því svæði sem Grikkland og Makedónía nútímans mætast. Árið var 808 fyrir Krist og lifði konungsríkið allt þar til 168 fyrir Krist áður en það átti stutta endurkomu frá 150 til 148 fyrir Krist.

Konungar hins forna konungsríkis voru mýrmargir. Raunar svo margir að á árinu 393 fyrir Krist einu saman voru fimm mismunandi konungar. Þótt nöfn þeirra fæstra séu meðalmanntinum kunn hefur einn þessara konunga orðið svo gott sem ódauðlegur. Sá maður vermdi sætið frá 336 til 323 fyrir Krist og hét Alexander þriðji af Makedóníu, einnig kallaður Alexander mikli.

Undir hans stjórn höfðu Makedóníumenn sigur í tugum orrusta og leysti Alexander ýmis álitamál, meðal annars þegar hann skar á Gordionshnútinn margrömaða í stað þess að leysa hann.

Annars konar Gordionshnútur hefur valdið tölverðri togstreitu á þessu sama landsvæði nú rúnum 2.000 árum síðar. Allt frá árinu 1991 hafa Grikkir og Makedóníumenn nútímans tekist á um nafn ríkis þeirra síðarnefndu. En nú virðist lausnin vera í sjónmáli. Grikkir og Makedóníumenn eru komnir með sverð sín á loft og hnúturinn bíður skurðarins.

Makedónía eða FYROM

Þegar Júgóslavía var að liðast í sundur í upphafi tíunda áratugarins ákváðu valdamenn í Skopje að lýsa yfir sjálfstæði. Var því stofnað Lýðveldið Makedónía með Skopje sem höfuðborg. Í ljósi hinnar sögulegu Makedóníu urðu nýju nágrannarnir í Grikklandi hins vegar nokkuð ósáttir við nafnavalið.

Á árdögum deilunnar höfðu Grikkir áhyggjur af því að hinir nýju Makedóníumenn vildu, með nafnið af vopni, taka þann hluta Grikklands sem nú kallast gríska Makedónía. Um er að ræða 53.177 ferkílómetra svæði, stærstu stjórn-sýslueiningu Grikklands, með þessalóníku sem höfuðborg. Alls búa 2,4 milljónir svokallaðra Suður-Makedóníumanna í héraðinu en líkt og ríkið í norðri er héraðið innan sögulegra landamarka hins forna konungsríkis.

Þættir deilunnar eru þó fleiri. Þjóðflokkurinn Makedóníumenn, algjörlega ótengdur hinum slavnescu Makedóníumönnum sem eru í miklum meirihluta í Makedóníu, býr í grísku Makedóníu. Þá þykir Grikkjum erfitt að Slavnarnir í norðri eignu sér Alexander mikla og hafa því krafist þess í áráræði að Makedónía nútímans verði einfaldlega kölluð FYROM, eða Fyrrverandi lýðveldisneska lýðveldið Makedónía (e. Former Yugoslav Republic of Macedonia). Undir því nafni fékk Makedónía svo aðild að Sameinuðu þjóðunum árið 1993.


Grikkir eiga bæði aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO) og Evrópusambandinu. Slíka aðild ásælmas Makedóníumenn. En þar sem Grikkir hafa neitunarvald gagnvart hugsanlegum aðildarríkjum hefur sú aðild ekki fengist.

Breyttir tímar

En nú eru breyttir tímar. Þjóðernishyggjuflokkurinn VMRO-DPMNE missti meirihluta sinn á þingi árið 2016, eftir að hafa farið með völdin í tíu ár þar á undan. Þótt flokkurinn héldi stöðu sinni sem stærsti flokkur makedónska stjórn mála mynduðu



Zoran Zaev og Alexis Tsipras, forsætisráðherrar Makedóníu og Grikklands, freista þess nú að leysa þessa 27 ára löngu nafnadeilu. NORDICPHOTOS/AFP



/// Nöfnin sem koma til greina

Á BORDINU:

Lýðveldið Nýja-Makedónía

● Samkvæmt frétt European Western Balkan frá því í janúar eru Grikkir hrifnastir af þessu nafni.

Lýðveldið Norður-Makedónía

● Samkvæmt frétt European Western Balkan frá því á fimmtudag er þetta líklegasta nafnið.

Lýðveldið Efri-Makedónía

● Samkvæmt heimildum fréttastofu AFP er þetta líklegasta nafnið.

Lýðveldið Vardar-Makedónía

● Vardar er stærsta á Makedóníu og kölluðu slavnescar þjóðir Makedóníu

þessu nafni á árum áður. Samkvæmt frétt European Western Balkan frá því í janúar eru Grikkir hrifnastir af þessu nafni.

Lýðveldið Makedónía (Skopje)

● Hugsanlegt væri að aðgreina Makedóníu frá hinu forna konungsríki með því að bæta höfuðborginni við nafn ríkisins.

HAFNAÐ:

Lýðveldið Ilinden-Makedónía

● Ilinden er stórhátið í Makedóníu, haldin 2. ágúst. Minnst Makedóníumenn þess þá þegar íbúar landsvæðisins risu upp gegn Ottómönnum árið 1903. Grikkir hafa hafnað þessu nafni.

allir aðrir flokkar sem náðu sæti á þingi meirihluta og skildu þjóðernishyggjumennina eftir úti í kuld-anum.

Forsvarsmáður þessa nýja meirihluta, Zoran Zaev, varð forsætisráðherra. Í kosningabaráttu sinni hét hann því að hann myndi beita sér fyrir því að leysa hina áratuga löngu deilu við Grikki og nú virðist Zaev ætla að standa við orð sín.

Eftir þreifingar árið 2017 var ákveðið að hefja vörður á ný undir leiðsögn Sameinuðu þjóðanna þann 17. janúar síðastliðinn. Undanfarna mánuði hafa því sendiherrar, utanríkisráðherrar, jafnvel forsætisráðherrar rétt saman um hvernig leysa beri deiluna.

Vika er langur tími

Á síðustu sjö dögum hér um bil hefur miklið gerst. Grikkinn Nikos Kotsias og Makedóníumadurinn Nikóla Dimitrov, utanríkisráðherrar ríkjanna tveggja, funduðu alla síðustu helgi og teiknuðu upp drög að samkomulagi á milli ríkjanna sem svo var sent forsætisráðherrunum tveimur.

Þessa sömu helgi hittu Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, þá Zoran Zaev og Gjorge Ivanov, forsætisráðherra og forseta Makedóníu.

Deutsche Welle greindi frá fundinum og sagði að þar hefði Juncker hrósað mönnum sérstaklega fyrir hversu hratt þeir hafa gengið til verka við að leysa deiluna. Sagði Juncker að eftir að deilan verði formlega leyst gætu vörður um aðild Makedóníu að Evrópusambandinu hafist innan fáeinna mánaða.

Lýsti Juncker jafnframt hrifningu sinni á því að Makedóníumenn hafi breytt nafni flugvallarins í Skopje til að greiða fyrir viðræðunum. Völlurinn hét áður Flugvöllur Alexanders mikla í Skopje en nafninu var breytt í Alþjóðaflugvöllurinn í Skopje. „Það er stórkostlegt að sjá eitthvað gerast með flugvöllinn,“ hafði Deutsche Welle eftir Juncker.

Þjóðin fær að ráða

Á blaðamannafundi í vikunni tilkynnti Zaev forsætisráðherra svo að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin um nýtt nafn Makedóníu

eftir að samningar hefðu náðst við Grikki. Sagði hann á fundinum að Grikkir og Makedóníumenn væru nú sammála um alla stærstu þætti viðræðanna. „Það verður þjóðaratkvæðagreiðsla, þjóðin fær að ráða,“ sagði Zaev.

Zaev sagði að eftir að þjóðþing ríkjanna tveggja hefðu lögfest samkomulagið gæti þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram. Um það bil þrjátíu dagar myndu líða á milli og nefndi Zaev að gengið yrði að kjörborðinu í september eða október. Samkvæmt Deutsche Welle liggur á að leysa málið áður en Atlantshafsbandalagsríkin funda þann 11. og 12. júlí næstkomandi.

„Við viljum gefa Grikkjum tíma svo þeir geti greint NATO frá málinu. Eg er viss um að lausnin sé í sjónmáli. Líkurnar á því að nú á milli leysa þessa löngu deilu eru miklar. Við viljum leysa þetta fyrir 20. júní,“ sagði Zaev.

Og eftir að málið verður leyst býst Zaev við því að NATO-aðild fylgi fljótlega í kjölfarið. Aðild að Evrópusambandinu komi svo með tíð og tíma.


Ekki enn í höfn

En þótt stór skref hafi verið stigin hefur enn ekki verið höggvið á hnútinn. Heimildarmaður AP innan grísku ríkisstjórnarinnar sagði í gær ólíklegt að samningar næðust á næstu dögum vegna tregðu Makedóníumanna til að fylgja þeim viðmiðum sem samþykkt hafi verið um samningaviðræðurnar. Símtali Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikkja, og Makedóníumannsins Zaev, sem átti að verða um helgina, yrði frestað en Zaev hafði áður sagt að það ætti að fara fram í gær.

Þá greindi fréttastofan AP einnig frá því í gær að Ivanov Makedóníu-forseti hefði sagst andvígur því að Makedóníumenn þyrftu að breyta heiti Makedóníu innanlands, vildi sum se enn þá tala um Makedóníu á innlendnum vettvangi. Grikkir hafa hins vegar krafist þess að nafninu verði breytt innan lands sem utan. Þrátt fyrir þetta hafa Grikkir og Makedóníumenn aldrei verið eins nærri því að leysa þessa 27 ára deilu, líkt og Zaev sagði á blaðamannafundinum í vikunni.

Tilboðsdagar!

20 - 35% afsláttur af öllum vörum



Islandia borðstofuhúsgögn (fáanleg í eik, hnotu og svörtu)

Borðstofuborð 100 x 200/300 cm kr. 306.000,-, nú 214.200,-. Borðstofuborð 100 x 160/260 cm, kr. 288.000,- nú 201.600,-. Glerskápur 110 x 200 cm, kr. 279.000,-, nú 195.300,-. Skenkur 3ja hurða 189 x 50 x 88 cm, kr. 275.000,-, nú 192.500,-. Skenkur 4ra hurða 240 x 50 x 88 cm, kr. 355.000,-, nú kr. 248.500,-. Borðstofustóll í leðri, 22.900,-, nú kr. 16.030,-.



Camerich Crescent tungusófi í áklæði

Stærð: 285 x 163 cm. Verð kr. 498.000,-, nú kr. 373.500,-



LSA kanna, kr. 4.900,-, nú kr. 3.920,-



Jason snúningsstóll
verð kr. 189.000,-, nú kr. 122.850,-



Matardiskur 27 cm, 4 stk./pk.
kr. 5.900,-, nú kr. 4.720,-



Skál, kr. 8.700,-, nú kr. 6.960,-

-30%



Leðursófasett idp Sphera 3+1+1, verð kr. 696.000,-, nú kr. 487.200,-
3ja sæta sófi stakur verð kr. 323.000,-, nú kr. 226.100,-



HTL 2776 tungusófi í leðri

Tvö rafstýrð hvíldarsæti, Stillanlegir höfuðpúðar.
Verð 596.000,-, nú kr. 417.200,-



Krús með loki, kr. 6.400,-, nú kr. 5.120,-



Kökudiskur, kr. 8.600,-, nú kr. 6.880,-



Mondecasa garðhúsgögn



LSA blómavasi
kr. 6.700,-, nú kr. 5.360,-



-35%



Idp coco sófasett í leðri 3+2
Litir: svart. Kr. 598.000,-, nú kr. 388.700,- (-35%)

HEIMAHÚSIÐ


Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

#DRAUMURINN



Draumurinn er rétt að byrja

Langbráður draumur litillar þjóðar rætist þann 16. júní, þegar Íslendingar spila sinn fyrsta leik á HM. Hvort sem við hvetjum strákana okkar áfram úr stúkunnni eða stofunni heima, þá skulum við ætíð muna að engir draumar eru of stórir – og ekkert er ómögulegt. Áfram Ísland!



SLÖKKTU Á EYÐSLUNNI OG KVEIKTU Á SPARNADINNUM



Mitsubishi PHEV kemur þér inn í framtíðina

Mitsubishi Outlander PHEV er glæsilega hannaður, rúmgóður og háþróað fjórhjóladrifíð kemur þér lengra allt árið. Þú getur ekið á hreinni íslenskri orku svo að bíllinn verður sparneytnari og umhverfisvænni. Outlander PHEV var vinsælastur í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki með öllum nýjum Mitsubishi bílum keyptum hjá HEKLU.** Slökktu á eyðslunni og kveiktu á sparnaðinum í nýjum Outlander PHEV. Hið kveikur til að sjá þig!

Outlander Invite PHEV
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

4.540.000 kr.



**Sumarauki að verðmæti
350.000 kr. fylgir!**



FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þú er að finna á www.hekla.is/abyrgd

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Verðum að vera afar snöggir og skarpir í hugsun í leik okkar

Heimir Hallgrímsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, segir að liðið þurfi að læra marga hluti hratt á næstu dögum. Liðið mæti öflugri andstæðingnum og á stærra sviði en áður og verði því að framkvæma hluti hratt og örugglega á stóra sviðinu. Heimir hlakkar mikið til að mæta læriföður sínum.

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur nýhafid loka-hnykkinn í undirbúningi sínum fyrir lokakeppni heimsmeistarátótsins sem hefst í Rússlandi eftir tæpar tvær vikur. Hluti af þeim undirbúningi er leikur íslenska liðsins gegn Noregi á Laugardalsvelli í kvöld.

Leikurinn er næstsíðasti leikur liðsins fyrir stóru stundina, en Gana mætir á Laugardalsvöll á fimmtudagskvöldið. Heimir Hallgrímsson sat fyrir svörum á blaðamannafundi í hádeginu í gær og þar fór hann yfir stöðuna á íslenska liðinu, hvernig hann hygðist nota leikina sem fram undan eru og hvað liðið væri að fara yfir á æfingunum fram að fyrsta leik á HM.

„Það eru allir leikmenn liðsins leikfærir fyrir utan Aron Einar [Gunnarsson]. Aron Einar er á réttari leið í bataferli sínu og gæti mögulega spilað, en það væri ofboðslega óskynsamlegt. Gylfi Þór [Sigurðsson] er leikfær, en við höfum ekki tekið ákvörðun um það hvort og þá hversu mikið hann tekur þátt í leikjunum á móti Noregi og svo í leiknum gegn Gana.“ sagði Heimir um stöðuna á leikmannahópi íslenska liðsins.

„Við munum nýta þessi leiki til þess að bæta okkur í að vera sneggrir í því að taka ákvarðanir í leik okkar. Við erum að fara að mæta afar sterkum þjóðum á HM og þegar þú mætir jafn öflugum leikmönnum og bíða okkar þá þarftu að vera hraður í þinni ákvörðunartöku, en á sama tíma að taka skynsamlegar ákvarðanir.“ sagði Heimir aðspurður um hvað hann vildi fá út úr leikjunum á móti Noregi og Gana.

„Leikmenn eru svo á mismunandi stað hvað varðar leikform og við munum taka mið af því þegar við ákveðum spiltíma leikmanna. Við munum fara yfir ýmis taktísk atriði og skerpa á okkar áherslum um leið og við erum að spila okkur



Heimir Hallgrímsson gefur leikmönnum skipanir á æfingu íslenska liðsins á Laugardalsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

í betra leikform. Fyrst og fremst erum við að leggja áherslu á það að vera skarpir og snarpir í okkar aðgerðum.“ sagði Heimir enn fremur þegar hann var spurður út í hvað hann vildi fá út úr leikjunum.

„Vissulega verður sérstakt að mæta góðum vini mínum, Lars Lagerbäck, og liðin vita bæði upp á há hvernig andstæðingurinn spilar. Það má segja að bæði lið séu að lita í spegil og leikurinn mun ekki vinna ast á því að annar hvor aðilinn komi hinum á óvart. Það er heldur ekki aðalatriðið í leiknum á morgun. Við viljum bara góða frammistöðu og að

Vissulega verður sérstakt að mæta góðum vini mínum, Lars Lagerbäck, og liðin vita bæði upp á há hvernig andstæðingurinn spilar.

Heimir Hallgrímsson

leikmenn fá mikið út úr leiknum hvað það varðar að komast í gott leikform.“ sagði Heimir.

„Við þurfum að læra marga hluti fram að móti og leikmenn eru að innþróa mikið magn af upplýsingum á skömmum tíma. Það er hins vegar eitthvað sem þeir eru vanir að gera og ég hef engar áhyggjur af því að þeir höndli það ekki. Við erum að fara á stærra svið en við höfum farið áður á, en markmiðið er ávallt það sama, að bæta sig með hverri æfingu og hverjum leik.“ sagði Heimir um komandi verkefni hjá liðinu.

hjorvaro@frettabladid.is

14
DAGAR
Í HM

Kári Árnason

Aldur:
35 ára
Staða:
Miðvörður
Félag:
Vikingur R.
Landsleikir:
65/4



Nýjast

Mjólkurbikar kvenna

Fj./Hött./Lei. - Grindavík 0-4

0-1 Ríó Hardy (37), 0-2 Hardy (43), 0-3 Steinunn Lilja Jóhannsdóttir, sjálfsmark (59), 0-4 Hardy, viti (87).

Fylkir - HK/Vikingur 2-0

1-0 María Radojčić (4), 2-0 Radojčić (19).

KR - Breiðablik 0-1

0-1 Alexandra Jóhannsdóttir (14).

Afturelding/Fram - ÍR 0-2

0-1 Bryndis Hrönn Kristinsdóttir (18), 0-2 Sandra Dögg Bjarnadóttir (70).

Selfoss - Fjölnir 4-0

1-0 Barbára Sól Gísladóttir (13), 2-0 Eva Lind Ellasdóttir (19), 3-0 Eva Lind (45), 4-0 Eva Lind (77).

Sextán liða úrslitum Mjólkurbikars kvenna lýkur með þremur leikjum í dag. Keflavík tekur á móti bikarmeisturum ÍBV, FH sækir Val heim og Þór/KA og Stjarnan mætast fyrir norðan. Dregið verður í 8-liða úrslitin í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2 eftir leik Þór/KA og Stjarnunnar.



Ólafía Þórunn lék annan hringinn á Opna bandaríska á fimm höggum yfir pari. NORDICPHOTOS/GETTY

Úr leik á Opna bandaríska

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir komst ekki í gegnum niðurskurðinn á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi sem nú fer fram á Shoal Creek í Alabama.

Ólafía náði sér ekki á strik á öðrum hringnum í gær og lék hann á fimm höggum yfir pari. Hún lék fyrsta hringinn á pari vallarins.

Ólafía fékk tvo fugla og sjö skolla á öðrum hringnum í gær. Þetta er í fyrsta sinn sem hún tekur þátt á Opna bandaríska. Þegar blaðið fór ekki í prentun lá ekki fyrir í hvaða sæti Ólafía myndi enda. — íps

Fjör á félagaskiptamarkaðinum hér heima

HANDBOLTI Kvinnaliðið ÍBV í handbolta hefur borist göður liðsauki því Arna Sif Pálsdóttir og Sunna Jónsdóttir eru gengnar í raðir liðsins. Þá hafa Ester Óskarsdóttir og Sandra Dís Sigurðardóttir framlengt samninga sína við ÍBV. Ester var valin besti leikmaður Olis-deildar kvenna á síðasta tímabili sem og varnarmaður ársins.

Arna Sif er þriðja leikjahæsta landsliðskona Íslands með 129 landsleiki. Arna Sif, sem er þritugur línumaður, hefur leikið erlendis síðan 2009. Á síðasta tímabili lék hún með Debreceni VSC í Ungverjalandi.

Sunna lék með Fylki og Fram hér heima áður en hún hélt í viking. Hún lék bæði í Svipjóð og Noregi. Sunna, sem hefur leikið 56 landsleiki, var í frí frá handbolta á síðasta tímabili þar sem hún eignaðist sitt fyrsta barn.

Eyjavörnin ætti að vera sterk á næsta tímabili með þær Örnú Sif, Sunnu og Ester í aðalhlutverki.

Karlaliðið ÍBV hefur hins vegar misst tvo leikmenn til Vals, þá Agnar Smára Jónsson og Róbert Aron Hostert. Þeir voru kynntir til leiks hjá Val í gær ásamt markverðinum Daníel Frey Andréssyni. Þá hefur Anton Rúnarsson framlengt samning sinn við Val sem datt út í 8-liða úrslitum Olis-deildarinnar í vetur.

Agnar Smári er uppalinn hjá Val en hefur leikið með ÍBV undanfarin ár, með stuttu stoppi hjá Mors-Thy í Danmörku. Hann varð tvisvar Íslandsmeistari og tvisvar bikarmeistari með ÍBV.

Róbert Aron hóf ferilinn hjá Fram og varð Íslandsmeistari með liðinu 2013. Ári seinna endurtók hann leikinn með ÍBV. Róbert Aron var í stóru hlutverki hjá Eyjamönnum sem urðu þrefaldir meistara á síðasta tímabili.

Daníel Frey hefur leikið erlendis síðan 2014. Hann er uppalinn hjá FH og varð Íslandsmeistari með liðinu 2011. — íps



Vörn ÍBV verður ekki árennileg á næsta tímabili með landsliðskonur Örnú Sif Pálsdóttur og Sunnu Jónsdóttur í aðalhlutverki. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



www.kia.com

RUSSIA 2018



**Snúðu
HM hjólinu**
Þú gætir unnið HM spilið og fótbolta



25%
**Afsláttur
af aukahlutum**
Aðeins í dag!

HM SÝNING



cee'd_sw
World Cup Edition



The Power to Surprise

Þér er boðið á HM sýningu Kia í dag kl. 12-16

Komdu og hitaðu upp fyrir landsleikinn á sérstakri HM sýningu Kia. **Allir sem reynsluaka í dag eiga möguleika á að vinna miða á síðustu tvo landsleiki Íslands fyrir HM.** Boðið verður upp á HM köku og is frá Valdísu, auk þess sem allir sem snúa lukkuhjóli Kia geta unnið skemmtilega vinninga. Þá bjóðum við upp á 25% afslátt af öllum aukahlutum, aðeins þennan eina dag.

Komdu og reynsluaktu Kia fjölskyldunni í frábærri HM stemningu. Við hlökkum til að sjá þig.

Allir sem reynsluaka Kia í dag eiga möguleika á að vinna miða á síðustu tvo landsleiki Íslands fyrir HM!



ASKJA - Krókhálsi 11 - 110 Reykjavík - 590 2100 - askja.is - kia.com
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsland

Upplifðu HM á heimavelli!



HM leikur Fréttablaðsins og Heimilistækja

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á frettabladid.is/nyskraning og þú gætir unnið hágæða Philips 65“ snjallsjónvarp af og 32“ Philips sjónvarp að auki.

Drögum út einn heppinn vinningshafa þann **12. júní næstkomandi.**

Nánari upplýsingar um leikinn og vinningana á www.frettabladid.is/hmleikur

 Heimilistækki

Hörður til Rússlands

FÓTBOLTI Hörður Björgvin Magnússon, vinstri bakvörður íslenska landsliðsins, er á leiðinni til CSKA Moskvu en Bristol City hefur samþykkt tilboð rússneska félagsins í hann. Fótbolti.net greindi fyrst frá félagaskiptunum.

Þetta er annað árið í röð sem Hörður er í viðræðum við rússneskt félag en Rostov hefur tvívegis reynt að bæta Herði við varnarlinnu sína. Hann mun semja um kaup og kjör við CSKA Moskvu á næstunni og ætta kaupin að ganga í gegn á næstu dögum.

Hörður verður fjórði íslenski leikmaðurinn í rússnesku deildinni en fyrir leika Björn Bergmann Sigurðarson, Ragnar Sigurðsson og Sverrir Ingi Ingason með Rostov.

Hörður hefur verið í herbuðum Bristol City síðan 2016. Hann er uppallinn hjá Fram og lék svo á Ítalíu.

CSKA Moskva er eitt stærsta félag Rússlands og hefur sex sinnum orðið rússneskur meistari eftir fall Sovétríkjanna. CSKA Moskva endaði í 2. sæti rússnesku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili. – kpt

14
DAGAR
í HM

Rúnar Alex Rúnarsson

Aldur:

23 ára

Staða:

Markvörður

Félag:

Nordsjælland

Landsleikir:

3/0



Það verður áhugi á Tryggva í 2. umferð

Fréttablaðið fékk sérfræðing ESPN, Jonathan Givony, til að rýna í möguleika Tryggva Hlinasonar í nýliðavali NBA-deildarinnar. Hann segir að miðherjinn gæti verið valinn seint í 2. umferð en hann vanti enn reynslu fyrir stærsta sviðið.

KÖRFUBOLTI Tæpar þrjár vikur eru í nýliðaval NBA-deildarinnar sem fram fer í New York-borg en ágætis líkur eru á því að íslenskt nafn verði kallað upp í annað sinn í sögu nýliðavalsins. Tryggvi Hlinason, miðherjinn frá Svartárkoti í Bárðardal sem leikur með Valencia í ACB-deildinni á Spáni, skráði nafn sitt í nýliðavalið og ræð sér umboðsmann í von um að verða valinn.

Gæti hann með því fetað í fótspor miðherjans Péturs Guðmundssonar sem var valinn með 61. valrétti til Portland Trailblazers árið 1981 en Pétur er eini Íslendingurinn sem hefur leikið í NBA-deildinni. Pétur lék með Portland Trailblazers, Los Angeles Lakers og San Antonio Spurs á fjórum árum sínum í deildinni.

Líklegur í annarri umferð

Tryggvi sló rækilega í gegn með U20 ára landsliði Íslands á Evrópumótinu í Grikklandi í fyrra en það vakti athygli fjölmörgu vestanhafs. ESPN fjallaði um Tryggva sem fyrirverandi bónda sem kynntist körfubolta árið 2013 og var skyndilega kominn á sjónarsvið NBA-liða. Fjöldi liða voru með nýjnsara á sínum snærum á mótinu þar sem hann skilaði 19,7 stigum, 14,1 frákasti, 3,8 vörðum skotum og 2,3 stoðsendingum að meðaltali í leik og sýndi lipra takta á báðum endum vallarins.

Við fengum Jonathan Givony, sérfræðing ESPN, til að rýna í möguleika Tryggva á að vera valinn og hvað það þýddi ef hann yrði ekki valinn en hann var ágætlega bjartsýnn fyrir hönd Íslendingins.

„Ég spyr lið ekki oft hvaða leikmann þau eru að horfa á en ég býst við því að það verði mikill áhugi á honum í seinni umferðinni. Það eru ekki margir frábærir leikmenn frá Evrópu þetta árið svo lið með fleiri en einn valrétt eru líkleg til að horfa til leikmanna eins og hans,“ segir Jonathan og heldur áfram:

„Þá ertu að tryggja þér réttindin á honum, það gefur honum tækifæri til að spila áfram í Evrópu næstu ár og bæta sig. Hann er enn þá svoltið óslipaður enda ekki búinn að æfa lengi en hann getur tekið miklum framförum á næstu árum. Það kæmi mér ekki á óvart ef hann yrði valinn seint í annarri umferð.“

Verði hann ekki valinn getur hann reynt aftur á næsta ári en leikmenn sem koma frá Evrópu mega skrá sig í nýliðaval NBA-deildarinnar þrisvar. Þá getur hann skráð sig úr nýliðavali þar til 11. júní næstkomandi en nýliðavalið er 21. júní.

„Það yrði ekkert endilega slæmt ef hann færi aftur til Valencia, fengi að spila meira og sanna sig og reyndi



Tryggvi Snær Hlinason í leik með Valencia. NORDICPHOTOS/GETTY

aftur á næsta ári þegar það stefnir í að nýliðavalið sé ekki jafn sterkt heilt yfir. Það er auðvitað erfitt að segja ár fram í tímann en þannig er staðan núna,“ segir Jonathan og bætir við:

„Fyrst og fremst vantar hann reynslu, þetta er stórt stökk að taka úr íslensku deildinni sem hann var ekkert að ráða ríkjum í, yfir í evrópskan körfubolta og þaðan í NBA-deildina. Hann þarf fleiri mínútur og að safna sér reynslu til að vera tilbúinn fyrir NBA-deildina.“

Man ekki eftir sögu eins og hans

Umboðsmaður Tryggva er ekki af verri gerðinni, Bill Duffy heitir hann og var á sínum tíma leikmaður Denver Nuggets, en hann hefur aðstoðað ýmsar stjörnur úr NBA-deildinni undanfarna áratugi.

Var hann umboðsmaður Steve Nash og kinnverska turnusins Yao Ming en í dag er hann fulltrúi leikmanna á borð við Andrew Wiggins, Rajon Rondo, Joakim Noah og Jahli Okafor. Þá var hann á sínum tíma umboðsmaður Jóns Arnórs Stefánsónar og er fulltrúi Luka Dončić í nýliðavali þar, slóvenska bakvarðarinnar sem þykir líklegur sem

fyrsti valréttur hjá Phoenix Suns.

„Það hjálpar honum að vera hjá umboðsmanni eins og honum,“ segir Jonathan og bætir við: „Markaðurinn fyrir leikmenn eins og hann, stóran miðherja, fer minnkandi miðað við spilamennsku NBA-deildarinnar í dag. Minni og hreyfanlegri framherjar sem geta skotið vel úr í tisku, sem hjálpar honum ekki en það ætti ekki að útiloka möguleikana hans.“

Öll lið deildarinnar voru með erlendum leikmann í sínum herbuðum í upphafi tímabils en Jonathan segir að bakgrunnur Tryggva sé einstakur og að hann hafi vakið athygli í Bandaríkjunum.

„Þetta er mögnuð saga sem vakti mikla athygli þegar við sögðum frá þessu, þegar það kom í ljós að hann ætlaði í nýliðavalið vaknaði áhugi á honum á ný,“ segir Jonathan sem man ekki eftir annarri eins sögu. „Ég man ekki eftir manni sem var að raka hey og keyra traktor í stað þess að æfa og vera kominn í NBA-deildina innan nokkurra ára þótt það hafi komið margir áhugaverðir karakterar og sögur um þá í deildina,“ segir hann hléjandi.

kristinnpall@frettabladid.is

ný verslun

HANZ

Herrafataverslun

Kringlunni

OPNUNARTILBOÐ!

20-40%

**afsláttur
af öllum vörum**



broste
COPENHAGEN

ALLAR VÖRUR
20-40%
AFSLÁTTUR

VALDAR VÖRUR FRÁ
RIVERDALE

50%
AFSLÁTTUR



VÖRUR FRÁ
ALESSI

40%
AFSLÁTTUR



RAW FLÖSKUR FRÁ
AIDA

30%
AFSLÁTTUR



KVARNIR FRÁ
MARLUX


50%
AFSLÁTTUR



MIKIÐ ÚRVAL SMÁVÖRU MEÐ 20-80% AFSLÆTTI!

DIMA

Borðstofustóll.
Svartur eða hvítur
með víðarlitum
löppum eða
allur svartur.



35%
AFSLÁTTUR

8.444 kr. ~~12.990 kr.~~

HUNTINGTON

Borðstofustóll.
Cowboy grátt eða
svart microfiber
áklæði og
svartir fætur.



45%
AFSLÁTTUR

8.745 kr. ~~15.990 kr.~~

ACURA

Borðstofustóll.
Dökkgrátt
áklæði og
svartir stálfætur.



60%
AFSLÁTTUR

14.396 kr. ~~35.990 kr.~~

BOSTON

Borðstofustóll.
Dökkgrátt
áklæði og
olíuborin eik.



40%
AFSLÁTTUR

34.434 kr. ~~57.390 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar / bæklingnum eru birtar með
fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru.
Verð gildir til 8. júlí 2018, eða á meðan birgðir endast.

SUMAR ÚTSALA

Allt að

60%

afsláttur



KAMMA

Priggja sæta sófi og stóll með viðarfótum. Ólívugrænt, dökkgrátt eða antrazit áklæði.

Sófi: 201 x 84 x 105 cm

90.994 kr. ~~139.990 kr.~~

Stóll: 91 x 84 x 105 cm

58.494 kr. ~~89.990 kr.~~



DINEX

Borðstofuborð úr eik. Tvær 33 cm stækkanir fylgja. Stærð: 90 x 90 cm.

51.994 kr.
~~79.990 kr.~~

35%
AFSLÁTTUR



EASY

Nettur og skemmtilegur tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægri megin. Ljósgrátt áklæði.

Stærð: 232 x 145 x 85 cm

84.995 kr.
~~169.990 kr.~~

50%
AFSLÁTTUR



35%
AFSLÁTTUR

EBBA

Hægindastóll. Fjórir litir, bleikur, blár, líon gulur eða grár.

38.994 kr. ~~59.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

CANNES

Hægindastóll með skemli. Brúnt, rautt, svart eða grátt leður á slitflötum.

97.493 kr. ~~129.990 kr.~~



60%
AFSLÁTTUR

FLOW

Ruggustóll / hægindastóll. Svört eik eða hnota og svart Fantasy leður.

127.996 kr. ~~319.990 kr.~~



45%
AFSLÁTTUR

LEEDS

Hægindastóll. Svart sléttflauei. Stærð: 73 x 81 x H: 77 cm

49.495 kr. ~~89.990 kr.~~

Ekki þarf alltaf að vísa í veskið

Glæsilegir viðburðir verða á dagskrá Listahátíðar. Úrval ókeypiss viðburða verður einnig í boði, bæði í almenningsrýmum og í Klúbbsi Listahátíðar þar sem allir stórir sem smáir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Ekki þarf alltaf að taka upp veskið til að fá að skoða og upplifa list. Listahátíð í Reykjavík samanstendur af 80 viðburðum og drjúgur hluti er að kostnaðarlausu. Af nógu er að taka, allt frá sex stórum risaeðlum sem ráfa um götur miðbæjarins yfir í tónlistarverk sem samansett er út frá GPS-hnitum og allt þar á milli.

„Í listrænni sýn hátíðarinnar kemur fram að listir séu ekki forréttindi fárra heldur réttindi allra og ég vona að dagskráin í ár beri því vitni. Eg vil ekki að fólk þurfi að taka upp



R1918 er listrænni viðburður sem nær hámarki 10. júní, um næstu helgi. Hátt í 200 almennir borgarar taka þátt á öllum aldri og bregða sér í búninga frá árinu 1918. Þau birtast á götum borgarinnar og með því falla tímarnir saman.

veskið í hvert skipti sem það nýtur lista, þó það sé bæði nauðsynlegt og skiljanlegt inn á milli,” segir Vigdís Jakobsdóttir, listrænni stjórnandi hátíðarinnar.

„Listahátíð er rekin að stærstum hluta fyrir almannafé. Eg lit á það sem skyldu hátíðarinnar að mæta

sem fjölbreyttustum hópi og til þess þarf að beita alls konar leiðum bæði í verkefnavali, framsetningu og kynningu.“

Vigdís segir að hugsunin með hátíðinni í ár hafi einnig verið sú að fólk ætti ekki að þurfa í hvert sinn að setja sig í sérstakar stellingar

eða fara inn ákeðnar byggingar til að fá listræna upplifun. „Hátíðin ber merki þessa. Hún er dreifð um borgina og reyndar upp um fjöll og firmindi líka! Fólk getur átt von á að mæta hátíðinni á óvæntum stöðum og tímum. Þannig stefnumót geta hreyft við okkur á allt annan hátt

Klúbburinn endurvakinn

Klúbburinn gegndi mikilvægu hlutverki fyrir listamenn um árabli, sem ákeðinn samkomustaður, frá seinni hluta áttunda áratugarins fram í miðjan títunda áratuginn. Vigdís segir að nú sé búið að blása lífi í Klúbbinn.

„Við erum að nota gamla nafnið en útfærslan núna hefur ekki verið gerð aður. Við vonumst samt til að ná þessari stemningu sem var. Það var alltaf notalegt að koma í Klúbbinn, þarna verður hægt að fá sér æðislegar vegan súpur og heimilislegt andrúmsloft fyrir alla,” segir Vigdís.

Klúbburinn verður í Hafnarhúsinu.

og verið dýrmæt upplifun,” segir Vigdís.

„Samtalið sem við getum átt í gegnum listina er svo dýrmætt og það þurfa fleiri að hafa tækifæri til að koma að því borði. Ein af hindrununum hvað það varðar er efna-hagur. Fyrir Listahátíð, sem er að stóru leyti styrkt fyrir almannafé, er mögulegt að rjúfa að minnsta kosti þann vegg að hluta.“

gunthorunn@frettabladid.is

Leiðarvísir að auralausri hátíð




R1918

Hvar? Viða um miðbæinn.

Hvenær? 10. júní.

Nánar: R1918 er stórt þátttökuverkefni sem nær hámarki með risavöxnum borgargjörnngi í miðborginni.



Peppermint

Hvar? Kling & Bang.

Hvenær? 2. júní kl. 17.00, 9. júní kl. 16.00 og 16. júní kl. 16.00.

Nánar: Um er að ræða gjörningalist þriggja listamanna sem vilja líkja sér við þríhöfða þurs.

Reykjavík GPS eftir Úlf og Halldór Eldjárn

Hvar? Viðs vegar í miðbænum.

Hvenær? 4. – 17. júní.

Nánar: Tónverkið Reykjavík GPS er óður til miðborgarinnar í Reykjavík í fortíð, nútíð og framtíð. Tónverkið er eins og falíð landslag, ósýnileg borg í borginni, sem býður þess að vera könnuð.

Street View (Reassembled)

Hvar? Norræna húsið.

Hvenær? 4. – 17. júní.

Nánar: Rústir heimila frá Sýrlandi hafa verið fluttar sjöleioðina til Evrópu. Húsarústir eru margbrotin tákmynd fyrir missi heimilis. Þær vísa til heimilisleysis í víðu mannlegu samhengi en tala á sama tíma á áþreifanlegan hátt inn í týnda sögu raunverulegrar fjölskyldu.

111

Hvar? Rýmd, Völvufelli 13.

Hvenær? 3. – 17. júní.

Nánar: Portrettmyndir Spessa úr póstinúmerinu 111 bera það með sér að hann hefur komist í nálægð við alls konar fólk sem byggir Breiðholtið.



The Great Gathering

Hvar? Eiðistorg.

Hvenær? 8. júní kl. 17.

Nánar: Stór hópur af fullorðnum og börnum dansa saman með suð í eyrum. Hoppandi í pollum með blóðnasir, hendast í hringi og haldast í hendur. Allur heimurinn er óskýr.

Blokkarpartý í Asparfelli!

Hvar? Asparfelli 2-12, 111 Breiðholti.

Hvenær? 9. júní kl. 16.


Nánar: Íbúar blokkarinnar í Asparfelli 2-12 í Breiðholti ætla að bjóða gestum Listahátíðar í danspartý á heimilum sínum. Í íbúðum blokkarinnar býr fólk á öllum aldri, af mismunandi uppruna og kynjum, fjölskyldur, einstaklingar, vinir, pör og dýr.

Teppaborgin

Hvar? Ráðhús Reykjavíkur.

Hvenær? 9. og 10. júní kl. 10-18.

Nánar: Hannað af börnum fyrir börn í Tjarnarsal Ráðhússins. Bygðu kofa, höll eða helli, legðu göng og komdu fyrir leyninglegum innangi, músarholu eða glugga fyrir giraffa ...



Demoncrazy

Hvar? Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús.

Hvenær? 2. júní kl. 21.

Nánar: Berbjósta ungur konur ógra þeirri jakkafataklæddu, miðaldra og karkyns mynd valdsins sem þær hafa alist upp við.



Leioin heim

Hvar? Gluggar víða um borgina.

Hvenær? Leiðsógn: Opnun 3. júní kl. 16.

9., 10., 14. og 15. júní kl. 13. 16. og 17. júní kl. 14.

Nánar: Farðu í gönguferð um miðborg Reykjavíkur og leggðu upp í andlegt ihugunarferðalag „heim“.


Crossings

Hvar? Listasafn Reykjavíkur.

Hvenær? 13. júní kl. 20.

Nánar: Litháísk-bandaríska tónskáldið, hljóðfæraleikarinn og listamaðurinn Abraham Brody býður upp

á tónleika þar sem hann kafar djúpt í marglaga sjálfsmýnd nútímalistamannsins í hnattvæddum heim. Gestur Brody verður Ásta María Kjartansdóttir.



YKKUR ER BOÐIÐ Á FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ HB GRANDA Á SJÓMANNADAGINN 3. JÚNÍ




Til að fagna sjómanna-
deginum bjóðum við til
fjölskylduskemmtunar hjá
HB Granda við Norðurgarð.

Hátíðarsvæðið opnar kl. 13:00 og
boðið verður upp á fiskismakk, súpu,
pysur, kökur, kleinur og fleira
góðgæti. Andlitsmálun og blöðrudýr
verða á svæðinu. Frábærir
skemmtikraftar sjá um
fjöruga dagskrá fyrir
alla fjölskylduna.

SKEMMTIDAGSKRÁ

- 13:00 Svæðið opnar
- 14:00 Leikhópurinn Lotta
- 14:30 Sjómannadagsfiskar
- 15:00 Góði úlfurinn
- 15:30 Jóipé og Króli
- 16:00 Dagskrá lýkur



HB GRANDI



Blómstrandi mannlíf í Reykjavík

Það er óhætt að segja að margt hafi verið um að vera fyrsta dag júnímánaðar í Reykjavíkurborg. Mannlífið var blómlegt. Börn í frístundamiðstöðinni Tjörninni kepptu í kassabílarallyi á Ingólfstorgi og flúrum prýtt fólk hópaðist á húðflúrhátíð í Gamla bíói.



Löng hefð er fyrir því að börn úr Vesturbænum, sem eru í frístundamiðstöðinni Tjörninni, setji svip sinn á mannlífið í miðborginni í sumarbyrjun. Þá er keppt í kassabílarally. Hvatningarópin og fjörið hafa líkast til dregið fram sólna sem skein skært síðdegis í gær.

Það var líka gleði og fjör í fólki á húðflúrhátíðinni The Icelandic Tattoo Convention sem haldin er í Gamla bíói. Þar koma saman listamenn og áhugafólk um húðflúr og þeir sem eru að ihuga að fá sér flúr ættu að nýta tækifærið og lita inn í Gamla bíó.



14.
JÚN
OG
15.
JÚN

Í REYKJAVÍK

JAN VOGLER
VANESSA PEREZ
MIRA WANG

**BILL
MURRAY**
NEW WORLDS

1.-17. JÚN



2018

ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND MEÐ STÓRLEIKARANUM
BILL MURRAY OG KLASSÍSKUM HLJÓÐFÆRALEIKURUM

LISTAHÁTIÐ LISTAHATIÐ.IS

KYNNTU ÞÉR
FJÖLBREYTTA OG
GLÆSILEGA DAGSKRÁ
Á VEF LISTAHÁTIÐAR
Í REYKJAVÍK



Benedikt Erlingsson, leikstjóri segir að á móti þeim einstaklingum sem berjast fyrir verndun náttúrunnar sé alltaf maskina, fólk sem er á launum hjá stórfyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ég þarf áreiti og sögumannasykur

Benedikt Erlingsson er leikstjóri og annar handritshöfundur kvikmyndarinnar *Kona fer í stríð* sem hefur slegið í gegn á síðustu vikum. Hann segir að við verðum að vakna og átta okkur á stöðunni.

Þessi mynd er búin að vera með mér alla ævina. En hið eiginlega ferðalag tók eitthvað á fimmta ár," segir Benedikt Erlingsson, leikstjóri kvikmyndarinnar *Kona fer í stríð*. Myndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes fyrr í mánuðinum þar sem hún hlaut frábærar viðtökur og sérstök handritsverðlaun gagnrýnenda. *Kona fer í stríð* var svo frumsýnd í íslenskum kvikmyndahúsum nýverið og hefur verið seld vítt og breitt um heiminn. Benedikt segir að hann hafi frumsýnt *Hross* í oss árið 2013 og því liði ein fimm ár á milli mynda. „Þetta er svona íslenskt tempó en ég vona að það verði örára næst, vegna þess að ef maður ætlar að ná góðum tókum á þessu þá þarf maður að gera myndir.“

Á móti er alltaf maskina

Kona fer í stríð segir frá konu á miðjum aldri sem ákveður að fara í stríð fyrir landið. Að gerast virk í baráttunni fyrir hreinleika landsins með því að vinna skemmdarverk á háspennulínum sem liggja að alverinu í Straumsvík. Það er ekki að undra að Benedikt hafi haft á orði að þessi mynd hafi verið með honum alla ævi. Hann var róttækur ungur maður og verndun náttúru og lífríkis hefur alltaf staðið nærri hjartanu. Í hið minnsta allt frá því hann, ásamt fleiri ungmennum, hlekkjaði sig við

hvalbát sem lá við bryggju. „Já, það er rétt. Þá var ég svona sautján, átján ára," segir Benedikt og brosir við tilhugsunina. „Við vorum líka virk í kringum kennaraverkföllin í gamla daga. Vorum með hústökur og setur til þess að vekja athygli á málstað sem við brunnum fyrir og gerum sum enn.“

Benedikt bendir þó á að þetta snúist ekki um hann persónulega en þegar náttúruvernd er annars vegar þá eignum við Íslendingar okkar fyrirmyndir í manneskjum á borð við Sigríði í Brattólthi Tómasdóttur. „Mér finnst athyglisvert að oft hafa það verið einstaklingar sem hafa dregið vagninn og svo jafnvel brunnið upp á einhvern hátt í sinni baráttu. Ómar Ragnarsson, Björk Guðmundsdóttir, Herdís Þorvaldsdóttir, Andri Snær Magnason og núna eru Sigurður Gísli Palmason og Tómas Guðbjartsson að taka slagin. En á móti er alltaf maskina. Fólk sem er á launum hjá stofnunum og stórfyrirtækjum.“

Samfélagslegt leikhús

Benedikt segir að Halla, aðalpersóna myndarinnar sem er leikin af Halldóru Geirharðsdóttur, sé kona sem hafi fengið nóg af hinum táknrænu mótmælum. „Hún lætur ekki duga að vinna kannski slagin í fjölföldum í einn dag heldur vill búa til efnahagslega skrófu," segir Benedikt hugsi og dokar við.

„En þetta er náttúrulega feel-good mynd," bætir hann við og hlær. Áréttar að það sé alls ekki astæða til þess að ætla að myndin sé ekki létt og skemmtileg og það er svo sannarlega óhætt að taka undir að þetta er mynd sem fær alla fjölskylduna til að brosa.

Hins vegar er í henni ákveðin undiraldna sem erftit er að líta fram hjá og það felst alltaf eitthvað í því að vera virkur mótmælandi eins og þú varst á þínum yngri árum. Að segja stopp, hingað og ekki lengra.

„Jú, vissulega. Ég hafði áhuga á pólitík eins og ungt fólk hefur. Ég þefaði af pólitísku starfi en fannst það svo leiðinlegt. Það er svo leiðinlegt að sitja á fundum og mér fannst þetta allt snúast um stöðubardaga. En ég hafði líka áhuga á leikhúsi og aktivismi er leikhús. Hann er samfélagslegt leikhús. Götuleikhús. Eins og hann Haukur sem hífði Bonusfánann að hún í Alþingishúsinu. Það er aktivismi, leik- og táknræn athöfn og hún hefur rosalega mörg skilaboð í einfaldleika sínum.

Svo erum við með allt þetta leikhús í samfélaginu eins og á sviði stjórnmálanna, eins og kakan hans Bjarna Ben, Ómar borinn út úr Gálghafræni og sprengjan í Laxárdal. Þetta eru allt leikræn athafnir og ég ber virðingu fyrir svona samtali og finnst það skemmtilegt. Þetta er ástríðufullt lýðræðislegt samtali sem við eignum að faðma.“



ÉG VILDI GERA MYND

SEM GÆTI ORÐIÐ GLEÐI-

SPRENGJA. ÞAÐ ER LYKIL-

ATRIÐI. MIG LANGAÐI TIL

ÞESS AÐ GERA ÞAÐ SEM ER

KALLAD FEEL-GOOD MYND

EN VIÐ EIGUM EKKERT ÍS-

LENSKT ORÐ YFIR. SVONA:

EF ÞÚ SAKNAR SUMARSINS,

FARÐU ÞÁ Í BÍÓ.

Æskuheimilið hlerað

Benedikt er sonur hjónanna Brynju Benediktsdóttur leikstjóra og Erlings Gíslasonar leikara og því alinn upp á miklu leikhúsheimili. Foreldrar Benedikts eru nú bæði fallin frá, bæði voru þau þjóðþekktir listamenn en einnig kunn fyrir einaröda afstöðu í stjórnmálum og sterka réttlætiskennnd. Benedikt tekur undir það og bendir á að þar sem hann sé kaldastriðsbarn þá hafi tíðarandinn líka átt sinn þátt í að móta skoðanir hans og hugmyndaheim.

„Mitt æskuheimili á Laufásvegnum var þjóðernismegin í þessu stríði, en hinum megin við götuna stendur ameríska sendiráðið. Þannig að það var Maó Tse-Tung og Vietnam sigrar uppi á veggjum heima hjá mér en handan götunnar blakti ameríski fáninn yfir vopnuðum vörðum. En mér er óhætt að jata þá núna að ég átti leyfisambönd við sendiherrafúr, eins og hana Dorothy Irving sem ég kenndi íslensku, en þabbi mátti ekki vita það. Ég hélt þessu leyndu því ég vildi nú ekki valda usla á mínu heimili," segir Benedikt og hlær við minningunni. „Ég var svikari og gagnþjófsnari sem var að

kenna óvininum íslensku og þáði í staðinn heitt súkkulaði með rjóma. En svona var þetta á þessum árum. Það versta sem þabbi gat sagt um nokkurn mann var: Heimdellingur! Það var ekki hægt að sökkva neðar.“

Það er gaman að rifja upp þessa tíð sem átti sinn þátt í að móta Benedikt og ekki hægt að sleppa honum með að greina frá einni af lífseigustu sögunum frá þessum árum við Laufásveginn. „Já, ég veit hvaða sögu þú átt við og hún er sönn," segir Benedikt létur. „Það var brotinn veggur heima og rafvirki tók allt rafmagn af húsinu en fékk svo samt straum. Hann mældi strauminn og komst að því að það væri amerísk spenna á einhverjum línum þarna. Hann spurði þabba hvort hann væri með ameríska rafstöð í húsinu, en þabbi lét sér hvernig þregða," segir Benedikt og setur smá leikræn tilþríf í að rifja upp þessi orð föður síns:

„Ef maður býr við hlíðina á aggressivu heimsveldi sem er í stríði í tveimur heimssálfum þá auðvitað hlerar það nágranna sína. Það er bara ekkert eðlilega. Ertu barn?" segir Benedikt og minnir verulega á föður sinn heitinn. „Það var því alltaf viðkvæðið á mínu heimili að við værum hleruð en mér fannst smá fyndið að ímynda mér aumingjans mennina sem þurftu að vinna við að þýða allt sem við sögðum yfir á ensku og gefa skýrslu. En eflaust hafði þabbi sitthvað til síns máls og að þar sem bæði Nixon og Reagan bjuggu þarna í heimsóknum sínum þá hafa þeir líklega haft einhvern takka til þess að geta skannað okkur aðeins.“

Blái volvóinn

Kona fer í stríð er fyrst og fremst skemmtileg mynd sem hverfist um spennandi sögu. En á sama tíma er hún hláðin vísunum í íslenska og vestræna menningu án þess að það flækist fyrir frásögninni á nokkurn hátt. Benedikt segir ástæðu þess einfaldlega liggja í því hvaða tegund af sögumanni hann er. „Þetta er eitt-hvað sem við erum alltaf að reyna í leikhúsinu; að segja marga hluti á sama tíma. Maður elskar það sjálfur sem áhorfandi þegar maður upp- ➔

BETRI NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



SUMAR BOMBA



Valdir betri notaðir bílar á sérstöku sumarbombuverði
og 50.000 vildarpunktur frá Ícelandair fylgja

BNB



Toyota Verso Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 7/15 ekinn 50.000 km
Verð: 2.570.000.- Rn. 991784
SUMARBOMBA: 2.270.000.-

BNB



Toyota Rav4 GX
Bensín, beinsk.
Á götuna 4/17 ekinn 62.000 km
Verð 3.750.000.- Rn. 991850
SUMARBOMBA: 3.270.000.-

BNB



Toyota Corolla Active
Bensín, beinsk.
Á götuna 3/18 ekinn 100 km
Verð 3.730.000.- Rn. 991929
SUMARBOMBA: 3.250.000.-

BNB



Toyota Auris Active
Dísel, beinsk.
Á götuna 1/16 ekinn 19.000 km
Verð 2.730.000.- Rn. 991717
SUMARBOMBA: 2.490.000.-

BNB



Toyota Yaris Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 5/17 ekinn 24.000 km
Verð 2.270.000.- Rn. 991818
SUMARBOMBA: 1.850.000.-

BNB



Toyota Proace Verso Active
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 1/17 ekinn 47.000 km
Verð 5.390.000.- Rn. 991973
SUMARBOMBA: 4.790.000.-

BNB



Toyota Corolla Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 4/16 ekinn 61.000 km
Verð 2.360.000.- Rn. 991737
SUMARBOMBA: 1.990.000.-

BNB



Lexus RX450h EXE
Bensín/rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 4/16 ekinn 47.000 km
Verð 8.600.000.- Rn. 991999
SUMARBOMBA: 7.890.000.-

SUMARBOMBA BETRI NOTAÐRA BÍLA

Nú er frábært tækifæri til þess að tryggja sér betri notaðan bíl á enn betra verði fyrir sumarið. Völdum bílum fylgja 50.000 vildarpunktur frá Ícelandair og sértíloboð á aukahlutum.

Dráttarbeisli, farangursbox, þverbogar og mottur í skott gera ferðalagið þægilegt og skemmtilegt í sumar.

Komdu og kíktu í sumarkaffi og gómsætt meðlæti.

*Sumarbomba Betri notaðra bíla gildir út laugardaginn 2. júní.



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakaupthuni.is

Opíð mán - fös:
07.45 - 18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir
bílar

UB
Umboðssölu-
bílar

VERIÐ VELKOMIN Í KAUPÞÚN
VIÐ TÖKUM VEL Á MÖTI YKKUR

ergo

→ góttvar eitthvað sem maður átti ekkert endilega að uppgötva. Tekur eftir einhverju og setur í samhengi án þess að því sé troðið upp á mann. Eg er fullur af nördaskap varðandi svona hluti og finnst gaman að vísa í menningarsögu eða eitthvað sem er persónulegt sem kannski einhver fattar en annar fattar ekki.

Þannig er ég til að mynda með persónulega hluti í þessari mynd á borð við bláa volvóinn, sem kemur talsvert við sögu, en fyrir mér er hann tákn um fullvalda og hlutlaust Ísland,“ segir Benedikt og hlær. „Ég veit ekki hvort það getur talist eitthvað algilt en hann hefur þessa merkingu fyrir mig. Þessi blái litur og þessi biltegund hafa þetta táknræna gildi fyrir mér og þess vegna læt ég það eftir mér í myndinni. En það eru líka þarna vitnaniir í Njálu og ýmislegt og vonandi hefur fólk gaman af því að gripa það á lofti.“

Benedikt segir að þetta sé í raun eitthvað sem myndræniir sögumenn geti leyft sér. „Að vera þrívörir í frásögn. Þú ert með gulrótna sem er sagan og svo í leiðinni er hugsanlega hægt að gera myndina þrívör með þessum leik. En kvikmyndin er form sem hefur þróast mikið í söguáttina, tekið þessa aristótélusku leið að þriggja þátta sögunni. Sumir hafa þó farið með hana í aðrar áttir eins og Tarkovský sem fór með hana inn á svið draumsins og undirmeðvitundarinnar. Hann gat farið með fólk í ferðalag í kvikmyndahúsinu sem var nánast eins og það hefði dreymt draum og undirmeðvitund þess opnaði sig. Eg hef sótt í báðar smíðjur og sem kvikmyndagerðarmáður vil ég vera bæði sögumaður og ljóðskáld. Maður reynir að ríða tveimur hestum.“

Vitsmunalegt runk

Þessi leikur með tákn og vísanir er víða í Kona fer í stríð en eitt af því sem dillar hinum almenna og íslenska áhorfanda hvað mest er óvenjulegt og skemmtilegt beiting á hlutverkaskípan. Það er engu spillt fyrir áhorfendum þó svo það sé haft á orði að það eru íslenskir grinleikarar sem fara með hlutverk valdsins í myndinni.

„Já, trúðarnir leika valdið. Þetta er litill leikur sem ég get talað um við Íslendinga en auðvitað sáu menn þetta ekkert í Cannes. En svo halda kannski margir að það sé líka þannig með fjallkonuna sem við höldum oft að sé séríslensk en við eigum hana ekkert ein. Það er til dæmis Britannica í Bretlandi og Helvetica í Sviss. Margar þjóðir eiga svona fjallkonur og minni um uppreisnaranda eða frelsisengil sem er oft tengdur fjöllum eða náttúru. En auðvitað fer sumt fyrir ofan garð og neðan. Þarna eru líka vísanir í gríska menningu, Artemis og Apenu með hjálminn sem Íslendingar tengja kannski ekkert sérstaklega við og svo er ég stundum að leika mér við kvikmyndasöguna og svona get ég haldið áfram að opinbera allan nördaskapinn í mér,“ segir Benedikt og skellihlær.



Benedikt við tókur á Kona fer í stríð ásamt aðalleikonunni Halldóru Geirharósdóttur og samverkafólki.

FRYST
PURFUM VIÐ
AD RÁDAST
Á ÞENNA
SÖUNAR-
KÚLTÚR.



En þá getum við sagt og verðum að segja. Hvaða heimi? Heimi neyslu og söunar þar sem stórum hluta af allri álframléiöslu er hreinlega hent. En það geti komið að því að við þurfum að gera þetta, förna Íslandi og drekkja því sem eftir er með því að virkja allar jökul- og bergvatnsár landsins, en það er ekki komið þangað. Fryst þurfum við að ráðast á þennan söunarkúltúr. Hugsau þér bara allt þetta einnota dót sem er verið að búa til eins og Nespresso. Það er eitt gramm af því sem fer í hvern kaffibolla. Við verðum öll að fara að vakna og átta okkur á ströðunni.“

Sögumannasýkur

Benedikt er mikið niðri fyrir þegar umhverfismál eru annars vegar og í Kona fer í stríð eru þau undiralda sem streyma í gegnum allt verkið. Fyrir vikið er forvitnilegt hversu mikla áherslu Benedikt leggur á að skapa léttu og skemmtilega kvikmynd. Hann segir að ef hann ætti að tengja þessa nálgun við einhvern stíl þá sé það hinn munnlegi arfur. „Hvernig segir þú sögu? Ef þú ætlar að skemmta fólgu þinum á þar þá þarfðu að halda athygli þeirra. Þú þarft að nota öll trixín í bókinu.“

Jafnvel þegar það kemur eitthvað sorglegt og niðurlægjandi fyrir okkur þá er alltaf kominn einhvern neisti af brosi þegar við segjum frá því. Þannig er minn still og það er held ég íslenskur still. Þetta stýst um ákveðið sjónarhorn og það er jafnvel bara til þess að halda mér á lofti. Því ég er orðinn svona ADHD afhörndi. Ég geng út af leiklýsingum, hætti að horfa á haldaldu athygli þeirra og gefst mjög fljótlega upp. Eg þarf áreiti og sykur. Sögumannasýkur. Eitthvað sem heldur mér áhugasómum.“

Benedikt setur þetta í samhengi við eigin kvikmynd og bætir við að það sé buið að gera svo mikið af dystópíum og reidum myndum. „Þetta er svona eins og þegar leikstjórinn er að reyna að hrista áhorfanda í leikhúsinu og garga á hann: Helvítis borgarinn þinn! Gerðu eitthvað!“ segir Benni og glottir. „En ég vil frekar ná til áhorfandans með því að skemmta honum og halda athyglinni þannig.“

Þetta er arfurinn sem við Íslendingar búum við. Sjáðu valdamesta mann síoustu aldar, Halldór Laxness, sem deilir þeim titli í minni bók með Þórbergi Þórðarsyni, hann skrifaði harmrænar sögur. Sögur um eynd og niðurlægingu en það er samt í þeim fegurð og reisu. Þetta eru sögur sem skilja mann eftir uppljómaðan og það væri nánast hægt að kalla þær feel-good frásögn. Og jafnvel Hömer í öllum sínum ofbeldislýsingum í Iliótu, þar er einhver heiðrikrja og fegurð – eitthvert ljós sem dregur okkur inn. Það er eitthvað í þessu ljósi sem heldur okkur fönngnum og kveikir eitthvað innra með okkur.“

„En aðalmálið er að þetta má ekki trufla söguna og ég held að það geri það ekki. Fyrir mér er ekki stóru mikilvægt að þarna eru ákveðin þemu sem birtast ítrekað. Dæmi um slíkt er að Halla leitar aftur og aftur ásjár í faðmi móður jarðar. Öll element jarðar taka þessa konu í fangið og vernda hana þegar á þarf að halda. En þetta eru svona hlutir sem ég geri ekki sist mér til skemmtunar því ég veit að sagan er númer eitt. Stundum er það stóra förnin í klippiherberginu, þar sem mig langar til þess að dvelja lengur og runka mér vitsmunalega á einhverri mynd, að þá kemur sögumaðurinn í mér og segir mér að halda áfram með söguna. Hætta þessu runki. Og oftast en ekki eru það mínir kærú samverkamenn og

meðhöfundar sem hjálpa mér upp úr sjálfhverfunni.

Afsprengi mæðraveldis

Aðspurður um aðalpersónu myndarinnar og valið á Halldóru Geirharósdóttur í aðalhlutverkið segir Benedikt að það hafi ekki á nokkurn hátt verið gefið. „Dóra er eldur og hefur alltaf verið. Hún var Dóra Wonder í okkar skóla og var strax einhvers konar kjarnorkuver. En ég fór reyndar í ferðalag með þessu hlutverki og Dóra endaði á því að þurfa að koma í prufu til mín eins og fleiri finar leikkonur. Hún vann allveg fyrir þessu hlutverki og ég get ekki sagt að hún hafi fengið það út á einhvern klíkuskap þó svo við höfum leikið saman í Ormstungu í fjögur ár.“

En auðvitað er Dóra ein af þessum kvenmyndum sem við hugsum til í samhengi við persónu eins og Höllu og við eigum nokkrar svona konur. Við eigum fullt af svona konum. Kannski eigum við ekkert nema svona konur? Ég átti móður sem var svona kona. Ég get líka nefnt ömmu mína hana Röshildi, sem var einn fyrsti jógakennarinn á Íslandi, Skaftfellingur og ofurkona.“

Varstu með þessar konur í huga þegar þú varst að skrifa og skapa þessa mynd?

„Já, þetta er bara kvenkynið í mínum huga. Ég er afsprengi mæðraveldis og tel að ég hafi upplifað það allveg jafn mikið og feðravelðið. Verið blessaður af því. Af ömmum mínum og frænkum. Þær voru góðar ömmusystur mínar margar; Sigríður, Gyriður og Guoriður, Röshildur og Ingunn. Að og ógleymdri Ömmu Óla Egils, sjálfri Herdisi Íslandssól.“

Við verðum að vakna

Kona fer í stríð fjallar um konu sem tekur mjög einarða afstöðu, ákveður að gera eitthvað þar sem við erum bókstaflega að drekkja jörðinni, en ert þú þarna Benedikt?

KOMDU
i
KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17

HÁTÍÐ HAFSINS

2.- 3. JÚNÍ 2018

Faxaflóahafnir og Sjómannadagsráð bjóða alla fjölskylduna velkomna á Hátíð hafsins í Reykjavík um helgina, Hafnardeginum (laugardagur) og Sjómannadeginum (sunnudagur).



- LAU 13.00 Kraftakeppni. Grandagarður
- LAU 14.00 Opnun Minjaslóð – Smáforrit um sögu Reykjavíkurhafnar. Stóra sviðið Grandagarði
- LAU 14.00 Færeyski kútturinn Westward Ho býður gestum og gangandi að skoða skipið
- LAU 15.00 Valdimar og Ari. Stóra sviðið Grandagarði
- LAU 16.00 Hafnarrapp og Ostapopp. Steinunn, Steiney og Disa. Stóra sviðið Grandagarði
- LAU/SUN Dr. BÆK á Bótabyrggju
- LAU/SUN Linubré fyrir börnin. Bak við Sjóminjasafnið
- LAU/SUN Smíðaðu þinn eigin bát á Bryggjusprellinu
- LAU/SUN Harmonikkufélagið
- LAU/SUN Fjölbreyttir fiskar og furðuskeppur. Fiskikór. Grandagarði
- LAU/SUN Slysavarnaskóli sjómanna, Sæbjörg á Bótabyrggju. Börnin fá glaðning
- LAU/SUN Kynning á sjósundi. Hvítu tjöldin. Grandagarði
- LAU/SUN Fylgstu með plastétandi vaxormum. Umhverfisstofnun. Grandagarði 27
- LAU/SUN Velkomin í varðskipið Óðinn
- LAU/SUN Andlitsmálning fyrir káta krakka
- SUN 13.00 Skráðganga frá Hörpu niður á Grandagarð með Maximús Músíkús, Skoppu og Skríttlu
- SUN 13.00 Dorgveidiþekkingu á Verbúðarbyggju. Verðlaun í boði
- SUN 13.30 Hörpuróður Kayakfélagsins. Víkinni
- SUN 15.00 Stelpuslagur! Koddaslagur á Bótabyrggju. Kynnir Dóri DNA
- SUN 15.30 Landhelgisgæslan; Björgun úr sjó
- SUN 16.00 KK og félagar. Stóra sviðið Grandagarði

HÁTÍÐARDAGSKRÁ SJÓMANNADAGSINS

- LAU 13.30 Knattspyrnumót og fjölskyldudagur sjómanna í Laugardal (Þróttarvelli)
 - SUN 10.00 Minningarathöfn um drukknada sjómenn við Fossvogskirkju
 - SUN 11.00 Sjómannamessa í Dómkirkjunni
 - SUN 14.00 Heiðrun Sjómanna. Stóra svið. Grandagarði
- Einsöngur: Gissur Páll Gissurarson, Kynnir: Gerður G. Bjarklind



Í ár er Sjómannadagurinn tileinkaður 100 ára fullveldisafmæli Íslands, enda órjúfanlegur hluti af sögu lands og þjóðar.

HÆGT ER AÐ FINNA DAGSKRÁNA Í HEILD SINNI Á HATIDHAFSINS.IS



samskip





Gaelynn Lea segir að margar af hennar fyrstu minningum snúist um tónlist á æfingum hjá foreldrum hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ótrúleg orka sem streymir í mig og til áhorfenda

Tónlistarkonan **Gaelynn Lea** kemur fram á Listahátíð á mánudagskvöld ásamt gítarleikaranum Al Church. Hún segist aldrei hafa ætlað sér að verða tónlistarkona en að það veiti henni tilfinningu sem er engu lík.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Gaelynn Lea er einn fjölmargra spennandi listamanna sem heimsækja Listahátíð í Reykjavík. Hún hefur þó þá sérstöðu að hún er fædd með sjúkdóm sem kallast Osteogenesis Imperfecta, ástand sem veldur því að bein og útlímur þroskast ekki með eðlilegum hætti. En Gaelynn Lea er ekki manneskja sem lætur það aftra sér eða koma í veg fyrir að hún upplifi sína drauma, þvert á móti. Hún er einstök tónlistarkona; fjölualeikari, söngkona, laga- og textahöfundur sem hingað er komin ásamt gítarleikaranum Al Church.

Aðspurð segist Gaelynn Lea koma frá Duluth í Minnesota, við Lake Superior. „Þetta er fallegur litill hafnarbær því þetta vatn er svo stórt að það er dálítið eins og úthaf. Þarna eru aðstæður ekki alveg ólíkar því sem þið þekkið hérna á Íslandi. Ætli að við eigum í hið minnsta ekki sameiginlegt að vita vel hvað vetur er,“ segir hún og brosir.

Tónlistin tók yfir

Gaelynn Lea byrjaði að læra og spila á fjölu þegar hún var tíu ára gömul. Hún segir að hún hafi verið heppin með kennara sem hafa hjálpað henni að laga hennar stíl að því hversu smágerð hún er. „Ég spila á fjöluanna upp-

retta eins og aðrir myndu spila á selló. Kennarinn minn sem leysti þetta fyrir mig var ákaflega skapandi og skemmtileg kona og ég er þakklát fyrir að hafa haft slíkan kennara. Í dag er ég búin að vera að spila í 24 ár og það sér ekki fyrir endann á því ævintýri.“

Gaelynn Lea segir að hún hafi þó lengi vel ekki gert ráð fyrir að gera tónlistina að ævistarfi, enda sé margt annað sem veiki áhuga hennar. „Ég hef líka áhuga á sálfræði, stjórnmálafræði og ýmsu fleiru og fór í háskóla til þess að nema þessar greinar en ekki tónlistina. En 2013 byrjaði ég svo að kenna á fjölu, ásamt því að vera í svona hinum og þessum störfum, og þar virkilega fann ég fyrir ástriðunni fyrir tónlistinni. Að kenna veitti mér mikla gleði og nemendur mínir hvöttu mig til þess að taka þátt í stórra samkeppni hjá National Public Radio. Það voru sex þúsund manns sem tóku þátt í þessari samkeppni en ég vann og opnaði þennan heim fyrir mér. Ég fékk fjöldann allan af tilboðum um að koma og spila og þetta var svona upphafið að þessu. Síðan þá höfum við, ég og Paul eiginmaður minn, verið meira og minna á ferðinni níu mánuði á ári og ég kem fram allt að tveim hundruð sinnum á ári. Þetta hefur alveg verið erfitt og auðvitað saknar maður oft fjölskyldunnar og jafnvel hundsins sem foreldrar mínir passa fyrir okkur. En umfram allt þá hefur þetta verið skemmtilegur tími.“

Gaelynn Lea kemur af tónleiku fólki og hún segir að það hafi vissulega átt sinn þátt í að hún hafi farið þessa leið í lífinu. „Foreldrar mínir

EN MÍN TÓNLIST ER VISSULEGA

ÁKVEDIN FRAMSETNING Á

ÞVÍ HVER ÉG ER OG FYRIR

VIKID ER ÞAR VONANDI

AÐ FINNA ÁKVEDNA SORG

EDA HARM OG VON Í SÖMU

ANDRÁ.

reka leikhóp sem sérhæfir sig í söngleikjum og hafa gert í tuttugu ár, auk þess sem mamma stjórnar kirkjukór. Ein af mínum fyrstu minningum snýst um það að fá að koma með á æfingum hjá National Public Radio. Það voru sex þúsund manns sem tóku þátt í þessari samkeppni en ég vann og opnaði þennan heim fyrir mér. Ég fékk fjöldann allan af tilboðum um að koma og spila og þetta var svona upphafið að þessu. Síðan þá höfum við, ég og Paul eiginmaður minn, verið meira og minna á ferðinni níu mánuði á ári og ég kem fram allt að tveim hundruð sinnum á ári. Þetta hefur alveg verið erfitt og auðvitað saknar maður oft fjölskyldunnar og jafnvel hundsins sem foreldrar mínir passa fyrir okkur. En umfram allt þá hefur þetta verið skemmtilegur tími.“

Harmur og von

Fyrst um sinn lærði Gaelynn Lea klassískan fjölualeik og hún segir að

það hafi vissulega verið verðmætur grunnur fyrir það sem kom síðar. „Seinna fékk ég svo mikinn áhuga á keltnesku þjóðlagasöngnum og á meðal þeirra sem ég hef verið að vinna með þar er Alan Sparhawk sem er þekktastur fyrir hljómsveit sína Low. Þetta var 2011 og við erum enn að vinna saman að ákveðnum verkefnum en það mikilvægasta sem kom út úr þessu fyrir mig er að þarna fann ég þörfina og neistann til að semja lög og texta sem ég hef verið að fást við alla tíð síðan.“

Margir hafa átt erfitt með að lýsa tónlist Gaelynn Lea en allir eiga það þó sameiginlegt að nota stór lýsingarorð og hrifningin er mikil. Sjálf segir hún að tæknilega séð noti hún mikið líppur til að byggja upp lög af hljóðum. „Ég bæði spila og syng og er að auki með gítarleikara með mér. En ég elska líka orð og fyrir vikid þá skiptir textinn mig miklu máli. Melóðían skiptir mig líka miklu máli og samspil hennar við texta lagsins og það er eitthvað sem ég vinn alltaf út frá. Þetta er fer líka alltaf eftir því með hverjum ég er að vinna hverju sinni. En mín tónlist er vissulega ákveðin framsetning á því hver ég er og fyrir vikid er þar vonandi að finna ákveðna sorg eða harm og von í sömu andrú.“

Tónlistin og tilfinningar

Það er margt sem brennur á Gaelynn Lea og hún tekur sér fyrir hendur. Á meðal þess er að tala opinberlega um stóðu fatlaðra í Bandaríkjunum og fræða fólk um allt það sem betur mætti fara. Henni verður tíðrætt um

hversu slæmt ástandið sé í Bandaríkjunum þar sem opinberrar heilbrigðisþjónusta nýtur ekki og hún segist fara víða til að ræða þessi mál.

Þann 5. júní næstkomandi kl. 12 ætlar hún að halda fyrirlestur í Klúbba Listahátíðar. Þar ætlar hún að segja frá nokkrum af þeim áskorunum sem mæta jöðarsettir tónlistarkonu í heimi þar sem listirnar ættu að vera öllum aðgengilegar. Hún segist takast á við þetta verkefni ekki sist vegna þess hversu mikilvægur þáttur tónlistin er í hennar lífi. Og eins og hún hefur á orði, hvernig henni líður þegar hún spilar. „Þegar ég spila tónlist þá einhvern veginn hvíli ég algjörlega í sjálfri mér. Einbeitingin og tilfinningin yfirtekur allt. Allt annað hverfur.“

Ég er ekki góð í því að hugleða og persónuleiki minn er þannig að mér hefur til með að vera upp um alla vegg. Einbeitingin á það til að vera skelfileg,“ segir hún og hlær. Hún hugsar sig síðan um í dagóða stund og bætur við: „En að spila er reynsla sem gefur mér einhverja jarðtengingu. Öll mín skilningarvit eru á fullu og þetta minnir mig dálítið á það hvernig orka getur streymt á milli fólks. En þegar tónlistin er annars vegar er eins og það komi með henni einhver æðri orka. Eitthvað sem streymir að ofan, í mig og þaðan til áhorfenda. Þessi tengsl sem tónlistin myndar við annað fólk er engu lík. Það getur verið munur á þessari orku og þessari tilfinningu á milli tónleika og jafnvel á milli laga en þetta er samt alltaf eitthvað sem nær mér og kjarnar mig ef svo má segja. Þetta er dásamleg tilfinning.“



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD

2018/2019


Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á næsta starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Hægt er að kynna sér ólíkar tónleikaraðir nánar á vef hljómsveitarinnar – sinfonia.is.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.

Endurnýjun og sala nýrra áskrifta- og Regnbogkorta er hafin á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

SALA NÝRRA ÁSKRIFTA HAFIN Á SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA



„Hvað ef enginn myndi skúra eða þrifa? Hvað ef verkamennina vantaði? Ég myndi miklu frekar sakna þeirra framlags en einhverra millistjórnenda í banka,“ segir Sanna. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Vill ekki verða tamin millistéttarkona í dragt

Sanna Magdalena Mörtudóttir segist ekki vilja gleyma bakgrunni sínum og tapa sér í hringiðu stjórnmalanna. Kerfið virki ekki fyrir þá sem verst standa. Hún þjóni því fólki sem kaus hana betur með því að standa utan meirihlutans í Reykjavík. Sanna og móðir hennar Marta Leósdóttir bjuggu við mjög kröpp kjör í Reykjavík.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Það er ró yfir Sönnu Magdalenu Mörtudóttur, oddvita Sósíalístaflokksins, þegar hún kemur til fundar við blaðamann. Hún hefur nýlega rætt við félagá sína í flokknum um hvers þeir ætlast til af henni eftir glæsta útkomu í sveitarstjórnarkosningum og gert upp hug sinn. Hún ætlar ekki að taka þátt í meirihlutaviðræðum.

„Kerfið hefur ekki verið að virka, við höfum ekki áhuga á að ganga inn í óbreyttan meirihluta um stefnu sem við gagnrýnum harðlega. Hlutverk mitt eftir kosningar fannst mér vera að heyra í félögum mínum í flokknum. Ekki að fara strax í samningaviðræður um málafni okkar. Við erum ekki hefðbundinn flokkur, við erum hreyfing. Við erum í baráttu með láglaunafólki, eftirlaunafólki, innflytjendum, öryrkjum og öðrum valdalausum höpum í borginni.“ segir Sanna sem segist aldrei hafa ætlað sér að fara strax eftir kosningar í að semja um baráttumálin. „Það er ekkert að semja um. Baráttumálum okkar verður ekki haggð og við erum heldur ekki það í valdabaráttu

annarra flokka. Við ætlum okkur að að byggja upp hagsmunabaráttuna,“ segir Sanna. Hún ætlar að tala við fólk í flokknum og annað valdalaust fólk og leggja áherslu á að byggja upp fjöldahreyfingu með því og mynda breiða samstöðu allra kúgaðra hópa til að berjast fyrir hagsmunum þeirra. „Ég ætla mér að verða rödd þessara hópa og ég tel mig ekki hafa rétt til að hefta hana með meirihlutasamstarfi við flokka sem hafa unnið gegn hagsmunum hinna verr stæðu,“ segir Sanna.

Björg fyrstu árin í London

Sanna er aðeins 26 ára gömul, fædd í maímánuði 1992. Þrátt fyrir ungan aldur ber hún með sér staðfestu og æðruleysi. Málflutningur hennar í kosningabaráttunni vakti athygli. Hún uppskar nokkuð óvænt fylgi. Að minnsta kosti hafði skoðanakönnunum ekki tekist að mæla vaxandi fylgi við Sósíalístaflokkinn nokkrum dögum fyrir kosningar.

„Ég er fædd í Reykjavík. Þetta var mjög löng og erfið fæðing. Ég er fyrsta og eina barn móður minnar. Pabbi minn er frá Tansaníu. Þau kynntust í Englandi þar sem mamma stundaði nám í förðun,“ segir Sanna frá.

„Foreldrar mínir áttu í slitróttu og erfiðu sambandi. Pabbi minn glimur við mikinn hegðunarvanda. Þá og



Á TÍMABILI DVÖLDUM VIÐ Í ATHVARFI Í LONDON.

ÞAÐ VAR REYNDAR

STUTTUR TÍMI EN LÝSIR

ÞVÍ KANNSKI AÐ LÍFID

VAR EKKI ALLTAF AUÐ-

VELT. MAMMA ÞURFTI

TIL DÆMIS EINU SINNI AÐ

KALLA TIL LÖGREGLU TIL

AÐ NÁ MÉR ÚT AF HEIMILI

HANS. ÞÁ VILDI HANN

EKKI SKILA MÉR AFTUR

TIL HENNAR.

nú. Hann kom illa fram. Það er hluti af okkar sögu en við mamma erum svolítið einar á báti. Við erum tvær í teymi,“ segir Sanna og brosir.

Lokaði á samskipti við föður sinn „Mamma flaug með mig út til London nokkurra vikna gamla, þar sem pabbi minn býr og þrátt fyrir að samband foreldra minna hafi varað stutt, enduðum við með að búa þar áfram. Við fluttum ekki heim til Íslands fyrr en árið 1999. Þá er ég sjö ára gömul. Mamma reyndi sitt besta og reyndi að ýta undir samskipti á milli okkar. En það gekk ekki vel. Hann hvarf oft í langan tíma. Ég fékk seinna að heyra að á þessum tíma hefði hann verið í flíkniefnaneyslu. Á tímabili dvöldum við í athvarfi í London. Það var reyndar stuttur tími en lýsir því kannski að lífið var ekki alltaf auðvelt. Mamma þurfti til dæmis einu sinni að kalla til lögreglu til að ná mér út af heimili hans. Þá vildi hann ekki skila mér aftur til hennar.

Þessi hegðunarvandi sem hann glimur við gerir öll samskipti erfið. Hann stóð sig ekki í föðurhlutverkunum en var samt yfirlýsingaglaður um ást sína á mér og kannski að deila myndum af mér á Facebook. Á sama tíma og hann var í engum raunverulegum samskiptum við mig,“ segir Sanna og segir nokkuð erfið að lýsa samskiptunum. Hún viti þó að

margir séu í sömu sporum og hún. Það reyndist henni vel að loka á samskipti við hann.

„Föðurfjölskylda mín er mér góð. Pabbi á tvíbursystur og aðra systur sem eiga börn á mínum aldri. Við mamma tengdumst þeim mjög vel. Þau búa flest í Lewisham,“ segir Sanna.

Talaði ekki íslensku

Hún vildi alls ekki flytja til Íslands. „Áfi minn var mjög veikur á þessum tíma og það leit illa út þá. Það rættist reyndar úr því og hann átti eftir að lifa í mörg ár eftir þessi veikindi. Mamma tilkynnti mér að við yrðum að fara til Íslands. Ég talaði ekki einu sinni íslensku. Hafði aldrei farið til Íslands. Ég man eftir miklum snjó og kulda. Við fluttum til ömmu sem bjó í Nóatúni í Reykjavík. Ég fór í nýbúadeild í Háteigsskóla og var bara fæinar vikur að læra tungumálið. Við mæðgurnar vorum á flakki næstu árin og aðstæður okkar ótryggar. Við fluttum fimm sinnum á tæpum þremur árum. Við vorum kannski á leigusamningi en svo vildi leigusalinn fá íbúðina aftur. Mamma var í næstum því þrjú ár á biðlista eftir félagslegri íbúð. Þegar ég var tíu ára gömul fengum við úthlutað íbúð í Vesturbergi í Efra-Breiðholti. Þetta var á miðju skólaári og ég man að mér fannst þetta óralangt í burtu →

KRONAN

Chili Bernaise fylgir fritt með fyrstu 1000 pökkunum af fyririðanum

Gerðu þinn eigin Fyririðaða!



Chili Bernaise sósan, 300 ml

499 kr. stk.

ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIK KAN



2 hamborgarar og brauð, salt og pipar

1199 kr. pk.



Gestur franskur, 900 g

399 kr. pk.



Taga Serrano Skinka 60g

399 kr. pk.

100% hamborgara-búðin þín!

120g - 579 kr. pk.

175g - 859 kr. pk.

.....★★★.....

NÝ AÐFERÐ

Betri hamborgari!

.....★★★.....

alltaf 2 stk. í pakka

ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK



Fylltir hamborgarar, 2x120 g

599 kr. pk.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 3. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

→ frá hverfinu sem ég bjó í. En það var ekkert inni í myndinni annað en að sætta sig við þetta nýja líf," segir Sanna sem kláraði skólaárið í Háteigsskóla.

Með kommódu í strætó

„Við mamma tókum sama strætó á hverjum morgni, ég fór í skólann og hún í vinnuna. Svo tók ég oft strætó ein heim upp í Breiðholt. Mér finnst stundum skrytið að hugsa til þess að ég hafi verið svona mikið ein á ferð um borgina. En mamma var að vinna á Nóaborg og stundum fór ég til hennar. Mér finnst firt að vera með sjálfri mér. Gott að vera ein, kannski er það vegna þess hvað ég var mikið ein þegar ég var yngri. Stundum vann mamma miklu meira og þá kom barnapía sem setti mig í háttinn. Þá sá ég hana ekki nema á morgnana og um helgar.

Ég vissi að við vorum ekki eins og flestir þó að þeir vinir mínir sem áttu einstæða foreldra ættu sumt sameiginlegt með mér," segir Sanna og segir það hafa runnið upp fyrir henni eftir því sem hún eldist. „Ég fór kannski í mat til vinkonu minnar og fékk að borða hjá þeim. Þá fannst mér magnað hvað var til mikið af fallægum diskum, sem voru allir í stíl. Og glösom líka. Fin hnifapör og alls konar krydd til. Upphaldsglasíð mitt var blátt glas úr útsöluhorni Ikea, það kostaði líklega hundrað kall. Ég var miður mín þegar það brotnaði. Hélt mikið upp á það. Við áttum plastdíska í alls konar litum, þeir voru hvaðanæva að. Eiginlega allt sem við áttum höfðum við fengið gefins. Við tókum einu sinni litla kommódu með okkur í strætó, við höfðum séð hana auglýsta gefins á stoppstöðinni. Þaðum svo strætóbílstjórann vinsamlega um að fá að flytja hana með okkur í strætó," segir Sanna frá.

Stendur með mómmu

Sanna byrjaði ung að vinna við blaðautburð, með aðstoð móður sinnar. „Ég vaknaði eldsnemma og bar út blöðin. Sat svo við eldhúsbörð og las þau þangað til ég átti að fara í skólann. Það tók því ekki að fara að sofa aftur. Mamma hafði unnið svo mikið í láglanastörfum að það myndaði griðarlegt alag á hana. Núna er hún á örorkubótum. Fátæktin bugaði hana andlega. Hún var farin að fá alvarleg kvíðaköst sem hún glimur við enn þann dag í dag. Hún heldur þá oft að hún sé að deyja. Ég hef þurft að hringja á sjúkrahúsi, þegar ég gat ekki róað hana. Ég hef farið með hana á bráðamóttökuna en þar er manni bara bandað burt. Mætir algjöru skilningsleysi. Sagt að reyna hina eða þessa deildina daginn eftir. Þó að maður reyni að segja eins skýrt og hægt er: En hún er veik núna!

Mamma veiktist eitt sinn alvarlega, fékk gallsteinakast. Alúðin og umhyggjan sem henni var sýnd var algjör. Alltaf verið að tækka á henni. En þegar um er að ræða aðstoðjandi andleg veikindi þá er fólki bægt frá. Mamma er í raun mjög sterk kona sem vill ekki valda mér áhyggjum. En við stöndum saman, erum gott teymi og algjör samlökur."

Sanna lagði hart að sér í skóla. „Ég veit ekki hvort það er vegna þessa samfélagslega áróðurs um að maður verði að mennta sig til þess að það verði eitthvað úr manni. Til að maður verði ekki fátækur. En þetta er lygi. Fátækt er ekki persónulegur vandi hinna fátæku. Fátækt er samfélagslegt mein, afleiðing kapitalismans, sem hin fátæku verða undir. Þau bera ekki ábyrgð á fátæktinni. Og þótt ég sleppi þá hverfur fátæktin ekki. Enginn ætti að þurfa að vera fátækur. Hvað ef enginn myndi skúra eða þrifa? Hvað ef verkamennina vantaði? Ég myndi miklu frekar sakna þeirra framlags en einhverra millistjórnenda í banka," segir Sanna.

„Ég kláraði Fellaskóla, fór þaðan í Fjölbrautaskólann við Armúla sem mér fannst finn skóli. Ég kláraði hann á undan áætlun og fór í Háskóla Íslands níttján ára gömul. Mér sóttist námið einnig vel í



Sanna í fangi móður sinnar Mörtu Leósdóttur sem er afar stolt af árangri dóttur sinnar.



MÉR FINNST FÍNT AÐ

VERA MED SJÁLFRI MÉR.

GOTT AÐ VERA EIN,

KANNSKI ER ÞAÐ VEGNA

ÞESS HVAD ÉG VAR MIKID

EIN ÞEGAR ÉG VAR YNGRI.

STUNDUM VANN MAMMA

MIKLU MEIRA OG ÞÁ KOM

BARNAPÍA SEM SETTI MIG

Í HÁTTINN. ÞÁ SÁ ÉG HANA

EKKI NEMA Á MORGNA

OG UM HELGAR.

Háskólanum og lærði mannfræði. Ég sótti um mastersnám áður en ég kláraði BA-gráðuna. Þetta var alls ekki auðvelt, ég vann með skóla. Vann á veitingastaðnum Serrano og á Nam, svo var ég aðstoðarkennari í háskólanum með námi. Þegar námið fór að þyngjast og ég vann ekki mikið, sótti ég um námslán. Námslánin voru um 500 þúsund krónur á önn. Leigan var 100 þúsund krónur á mánuði og húsaleigubætur um 30 þúsund krónur. Það sér það hver maður að þetta gengur ekki upp. Ég ákvað að ég skyldi mennta mig, sama hvað það kostaði. Það er ekki hægt að taka menntunina af mér. Ég tók lán hjá Framtíðinni, yfirdráttarheimild og notaði VISA. Þeir fátæku verða enn fátækari á leið sinni í gegnum kerfið. Það er nefnilega ekki náttúruleg málgálf eða fólk sjálfu að kenna að það er fátækt. Þetta er kerfisbundið óréttlæti. Og allt annað misrétti er það líka."

Efldist við að opna sig

Málflutningur Sönnu í yfirstaðinni kosningabaráttu vakti athygli. Hún þótti rökföst og sýna öryggi.

„Þannig hefur það ekki alltaf verið. Ég var alltaf frekar baka til í grunn- og framhaldsskóla. Hugsaði mitt en hef ekki lagt mikið til mállanna. Hjartað fór á milljón ef ég þurfti að kynna ritgerð eða eitthvað slíkt í skóla. Ég efldist í námi og þegar ég byrjaði að tala opinberlega um fátækt, um aðstæður mínar og það að vera brúnn Íslendingur."

Sanna segir mannfræðinamið afar gagnlegan undirbúning undir þátttöku í stjórnmálum. Eða hvers kyns starf sem krefst gagnrýnnar hugsunar. Viðfangsefni hennar hafa verið menningarpólitísk, „BA-ritgerðin mín fjallaði um hugtakið „negri“, en ég hef ekki upplifað mikið af beinum fordómum í mínu lífi, miklu frekar kynþáttahyggju. Eitt sinn var ég á leið heim úr skóla og þá kallaði strákur á eftir mér: Hei, negri, ég skeit á þig áðan. Þetta hefur alltaf setið í mér. Ég var mikið að þæla í þessu orði. Í ritgerðinni fór ég sögulega í hugtakið, hvernig það er sett fram. Þetta er niðrandi hugtak en svo heyrst það í rappheiminum í annari mynd; nigga en ekki nigger. Af hverju? Ég komst að þeirri niðurstöðu að þar felst í hugtakinu vald-efling. Svartir einstaklingar taka orðið upp í sinni mynd, nota það sín á milli, taka það yfir og fjarlægja þar með kveikinn úr „sprengjunni“ sem þessu hugtaki fylgir.

Mér finnst þetta erfitt orð en skil samt hipphopp-senuna. Svo skoðaði ég hugtakið og notkun þess á Norðurlöndum. Af því að þrælalald á einstaklingum frá Afríku fór ekki fram hér, þá finnst fólki stundum saklaust að nota orðið hér. Ég nefni sem dæmi endurútgáfu bókarinnar Tíu litlir negrastrákar árið 2007. Og svo sælgaði; Negrakossar. Fólk réttlætir orðanotkunina. En okkur sem erum dókk finnst það niðrandi og finnst ekki í lagi að nota það. Það er ekki hægt að aðskilja hugtakanotkunina frá sögulega niðrandi merkingu þess.

Í meistaráritgerðinni skoðaði ég upplifun Íslendinga af blönduðum uppruna. Hvernig þeim finnst þeir tilheyra íslensku samfélagi. Hvernig þeim fannst þau standa út úr vegna litaraftsins."

Sanna kvæður, hún er á leiðinni á fund. Hún leggur samt áherslu á að Sósíalístaflókkurinn sé svoltið óðrúvisi en flestir.

„Já, við gerum hlutina eins og við viljum. Þetta er ný stæða fyrir okkur og fyrir mig persónulega, að vera komin út í þessa hringið. Ég vil ekki tapa mér í hringiðunni. Ég vil ekki ganga út úr Ráðhúsi Reykjavíkur eftir fjögur ár sem tamin millistéttarkona í dragt. Ég vil ekki gleyma því hvaðan ég kom, hvorki úr fátæktinni né úr sósíalískri baráttu. Ég er kona í baráttu og get afkastað sem mestu þegar fjöldinn er með í þeirri baráttu. Um það snýst sósíalismiinn. Við trúum á afl fjöldans en ekki afl leiðtogans. Ég vonast til að geta notað þessa stöðu til að þjóna baráttu hinna valdalaus. Aðeins þannig get ég gert eitthvað til góðs."



Sjómanna dagurinn

LAUGARDAGUR 2. JÚNÍ 2018

Að bíða og vona aftur og aftur

Benný Sif Ísleifsdóttir hlaut á miðvikudag nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta fyrir bók sína Gríma, sem fjallar um hlutskipti sjómanskvenna á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar. Í bókinni veltir hún fyrir sér meðal annars hvernig það hafi verið að bíða og reka heimili í landi á meðan eiginmenn voru á sjó. ➔2



Brynhildur
Björnsdóttir

brynhildur@frettabladid.is

Framhald af forsiðu →

Ég er alin upp á Eskifirði og það setur auðvitað að einhverju leyti mark sitt á efnisvalið og söguna sjálfa," segir Benný sem býr nú í Kópavogi og er með MA-gráðu í þjóðfræði auk náms í hagnýtri íslensku. „Ég dreif mig í aftur í háskólann þegar ég var rétt orðin fertug og börnin mín fimm orðin meira sjálfbjarga. Mitt helsta áhugasvið í þjóðfræðinni er tuttugasta öldin og ég skrifaði BA- og MA-verkefni um ættarnöfn Íslendinga.“

Hún segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á bókum. „Ég las mig gegnum bæjarbókasafnið þegar ég var krakki. Þetta var draumur sem alltaf blundaði í mér en ég dreif ekki í því fyrr en farið var að hægjast um á heimilinu, börnin orðin stærri og ég var búin með námið. Þá fannst mér að nú væri loks komið að skuldadögum, komið að því að nú ætti ég að skrifa en ekki bara lesa.“

Verðlaunabókin heitir Gríma og fjallar um vinkonur sem búa báðar í litlu þorpi fyrir austan. „Þetta er samt ekki Eskifjörður, þó auðvitað sæki ég ýmsar sviðsmyndir í söguna þangað, heldur svona almennt á Austfjörðunum," segir Benný. „Þetta er saga sem gerist á fimmta og sjötta áratugnum og er allt í senn þorpssaga, ástara-saga og átakasaga. Hún fjallar um Grímu og Önnu vinkonu hennar og breytingar sem verða á þeirra höfum þegar nýsköpunartogari kemur í pláss.“

Benný bendir á að þessu umfjöllunarefni, hlutskipti kvenna í sjávarþorpum, hafi ekki verið gerð mikil skil í íslenskum bókmenntum. „Það hafa verið skrifaðar nokkrar sögur um sjó-

mannslífið á þessum tíma eins og Pelastikk eftir Guðlaug Arason og Njórður P. Njarðvík skrifaði bók sem heitir Hafborg. En það hafa ekki verið skrifaðar margar skáldsögur á Íslandi um sjómanna-konurnar, hvernig var að vera ein heima að biða sem var þó hlutskipti mjög margra kvenna og ekki alltaf eitthvað sem þær völdu sér sjálfar," segir hún. „Það fór konum misvel að vera heima og bera einar ábyrgð á börnun, barnaupplendi og öllu heimilishaldi á meðan sjómennirnir og feðurnir komu bara heim stöku sinnum og þá nánast eins og gestir og konurnar urðu að vera húsbændur á heimilinu. Ég var svona svolítið að skoða hvernig það hefði verið.“

Benný bendir líka á að þó að það hafi oft á tíðum verið erfitt að vera sjómaður á þessum árum hafi ekkert endilega verið auðvelt að biða í landi. „Og líka þessar sífellið áhyggjur. Á þessum tíma voru skipsskaðar algengir og lengra úthald á fiskiskipum, þau fóru lengra og í erfiðari aðstæður, jafnvel upp á Grænlandsmið. Ég er dóttir skipstjóra þannig að mamma var í þessari stöðu og tengdamamma mín líka," segir hún. „Ég ræddi þetta aldrei við þær og byggi söguna ekkert á þeim en þetta er samt veruleiki sem ég tengi við og eldri systkini mín og held ég flestir sem eru aldir upp í sjávarplássum og eiga feður sem eru úti á sjó.“

Hún bendir á að hlutfall sjómanna og sjómannaþjófslýðnaði hafi verið enn hærra á árum áður þegar þurfti meiri mannskap til að manna skipin. „Ég held að börn velti ekki fyrir sér hvaða byrðar foreldrar þeirra bera og það er ekki fyrr en á fullorðinsaldri sem ég fer að velja þessu fyrir mér. Og ég vel að setja söguna þarna í tíma því það hlýtur að hafa verið enn þá erfiðara þegar engin samskipti voru möguleg, ekkert verið að senda SMS eða neitt þannig,



„Þetta er saga sem gerist á fimmta og sjötta áratugnum og er allt í senn þorpssaga, ástara-saga og átakasaga," segir Benný Sif um skáldsögu sína, Grímu, sem hlaut nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta á miðvikudag.

bara hægt að vonast eftir kveðju í útvarpsþættinum Á frivaktinni sem spilaði óskilgætt sjómanna og svo var auðvitað hlustað á veðurfréttirnar til að fylgjast með og hafa áhyggjur af öllum veðrunum sem dýnja á. Ég held að það hafi verið óskaplega erfitt að sitja og biða og vona, vikum og mánuðum saman, aftur og aftur.

Sagan er um þetta, hvernig þetta gengur hjá þeim, þessum stöllum Grímu og Önnu.“

Í umsögn bókmenntaráðgjafa Miðstöðvar íslenskra bókmennta um bókina segir: „Gríma er söguleg skáldsaga

sem segir frá örlögum kvenna í íslensku sjávarþorpi um og eftir miðja tuttugustu öld. Sagan er gripandi, persónusköpun sterk og bygging verksins vel úthugsuð. Textinn er lifandi og skemmtilegur en um leið lýsir höfundur harmrænum atburðum af einstakri næmni. Frásagnargleði og væntumþykja fyrir viðfangsefninu einkenna þessa hrifandi skáldsögu.“

Frásagnargleði Bennýjar er að skila sér í fleiri bókum en í haust kemur út eftir hana barnabók hjá Bókabeitunni. „Ég var lengi heimavinnandi meðan stelpurnar mínar voru litlar og þá var mikið stúss í kringum tómsundurir og

núna var kominn tími til að sinna því sem mig langaði til. Mér finnst líka þurfa kyrrð í lífið til að skrifa.“ Hún segist ekki hafa skrifað báðar bækurnar í einu. „Grímu var ég búin að skrifa fyrst en svo er þetta allt dálítið langt ferli og gerist svona í bland og samhliða.“ Hún segir næstu skáldsögu fyrir full-orðna vera komna vel á veg. „Það er mjög góð tilfinning að halda áfram með hana þegar ég hef fengið svona viðurkenningu.“

Asamt Bennýju fékk ljóðskáldið Þorvaldur Sigurbjörn Helgason nýræktarstyrk fyrir ljóðabókina Gangverk en nýræktarstyrkir Miðstöðvar íslenskra bókmennta hafa verið veittir síðan 2008.

Hleðslutæki

Vantar hleðslu fyrir bílinn, bátinn eða hjólið?

25%
afsláttur
í júní

meðan birgdir endast



12V/15A blue power charger frá victron energy

NAUSTmarine

Miðhelli 4 - 221 Hafnarfjörður - 414 8080 - naust.is

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgrímsson

Söluumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433

Vefvang: frettabladid.is



Frystigámar / Sala og leiga 10 / 20 og 40 ft.

Seljum einnig og leigjum gámahús, geymslugáma og salernishús í ýmsum stærðum og gerðum. Þjóðum sérlausnir, sniðnar að þörfum viðskiptavina.

Hafðu samband!

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Sími 568 0100

www.stolpigamar.is



ENNEINN / SÍA / NABEIO

Til hamingju með daginn sjómenn!



Við hjá N1 sendum hetjum hafsins og fjölskyldum þeirra um allt land heillaóskir í tilefni sjómanna dagsins.

Alltaf til staðar

N1

Afar þýðingarmikill dagur

Það verður annríki hjá Jóhanni „Issa“ Hallgrímssyni um sjómanna-dagshelgina þegar hann verður upptekinn við að steikja fisk og franskar. Sjómanna-dagurinn hefur mikla þýðingu fyrir hann.

Starri Freyr
Jónsson
starr@frettabladid.is



Sjómanna-dagurinn hefur mikla þýðingu fyrir Grind-víkinginn og framreiðslu- og matreiðslumeistarann Jóhann „Issa“ Hallgrímsson enda hefur sjómennskan lengi verið undir- stöðuáttvinnugrein bæjarfélagsins og skapað afleiðda starfsemi sem hann segir sjómönnum að þakka. Jóhann, eða Issi eins og hann er jafnan kallaður, hefur unnið í fiski með einhverjum hætti, á sjó og í landi, frá því hann var tólf ára gamall nema þegar hann settist á skólabekk.

Bæjarhátíðin Sjóarinn síkati er haldin um sjómanna-dagshelgina í Grindavík. Lengi vel buðu hann og eiginkona hans, Hjördis Guðmundsdóttir, gestum og gangandi í grillveislu á heimili sínu þar sem boðið var upp á heilgrilluð lömb í samvinnu við ýmis fyrirtæki. „Grillveislurnar voru aldrei hluti af auglýstri dagskrá hátíðarinnar heldur bara á okkar vegum. Ég rúkaði aldrei inn en lét söfn-unarbauk ganga þar sem óskað var eftir frjálsum framflögum sem síðan voru nýtt í að styrkja góð málefni sem tengjast sjómönnum

á einn eða annan hátt. Árið 2011 styrktum við t.d. Garðar heitinn Sigurðsson og fjölskyldu hans, en hann glimdi við erfið veikindi á þessum tíma.“

Mikill fjölskyldudagur

Árið 2016 hélt hann síðustu veisluna sem var haldin í portinu við Grindavíkurkirkju en þá voru hjónin flutt úr bænum. „Þá rann ágóðinn til fjölskyldu sjómansins Eðvarðs Arnar Kristinssonar sem lést af slysförum við vinnu sína það vorið. Sú grillveisla gekk ekki nógu vel og ég fékk litinn stuðning það árið og hætti endanlega að standa í þessu.“

Hann segir sjómanna-daginn í Grindavík snúast minna um sjómennskuna en áður. Boðið sé upp á fjölbreytta dagskrá fyrir börnin og fjölskyldur sem sé bara gott mál. „Áður fyrr var þetta bara á sjómanna-deg-inum sjálfum þar

» Grillveislurnar voru aldrei hluti af auglýstri dagskrá hátíðarinnar heldur bara á okkar vegum.

sem sjómenn kepptu í alls konar kappleikjum til að skemmta sér og öðrum. Þá var t.d. spilaður fótbolti milli yfirmanna og háseta og keppt var í að bæta troll. Einnig var mikil skemmtun í að fylgjast með kapp-róðri milli áhafna og koddaslagurinn var alltaf vinsæll.“

Ekki má þó gleyma því að sjómennskan er ekkert grín og margir góðir menn hafa fallið frá sökum vinnu sinnar. „Þökk sé Sjómanskólán- um og



Jóhann „Issi“ Hallgrímsson stendur vaktina um helgina eins og áður.
MYND/BJARNI SIGURÐSSON

Glóðaður hörpuskelfiskur á teini fyrir 4

800 g hörpuskelfiskur, stór	_____
2 stk. rauðlaukur	_____
½ grænn kúrbitur	_____
16 stk. sveppir, litlir	_____
1 stk. rauð paprika	_____
½ ferskur ananas	_____
16 sneiðar beikon	_____
Sæt sojasósa	_____
Kókosmalk	_____
Marsalavín	_____
8 stk. trépinningar	_____
Svartur mulinn pipar	_____
Balsamik-edik	_____
Jurtakrydd (Aromat)	_____



Grænmetið er skorið í fallegar sneiðar og þrætt upp á trépinna- ásamt skelfiski og beikoni og látið mynda fallega litasamsetningu. Grillað eða steikið á pönnu í u.þ.b. sex mínútur. Kryddað litlilla með kryddinu. Soja-sósunni, kókosmalkinu, balsamik-ediki og marsala-víninu er hrært saman og penslað á af og til meðan á steikingu stendur.

Bragðast vel með kryddhrisgrjón- um og ananas. Skipta má út hörpu- diskil fyrir humar eða skötusel.

betri öryggismálum að í dag er lítið um alvarleg slyss og dauðsföll í greininni.“

Smá kærleikur

Dagsdaglega reka Issi og Hjördis veitingavagninn Issi fish & chips sem nú er á Fitjum við Reykj- nesbæ en stóð áður skammt frá höfninni í Grindavík. Staðurinn hefur notið mikilla vinsælda meðal Suðurnesjamanna og erlendra ferðamanna en þar er boðið upp á fisk og franskar eins og nafnið gefur til kynna. „Allur fiskur kemur frá Þorbirni hf. í Grindavík og ég sérpanta franskar kartöflur því það er mér mikið kappmál að bjóða upp á almennilegar franskar. Svo bjóðum við upp á frábæra sósu sem hefur algjörlega slegið í gegn. Uppskrifin er að sjálfsgöðu leyndarmál en hún

er þessi fina lina milli tartarsósu og remuládis með smá skammti af kærleik.“

Hjónin reka einnig veisluvagn þar sem þau mæta á staðinn og elda fyrir gesti við ýmis ólík tilefni. „Auk þess sjáum við um veitingar í Golfskálanum í Leirunni þar sem ég hef m.a. verið að þróa kalda fiskilokus sem hjálpar vonandi til lækkunar á fargjöfni hjá golf- urum.“

Fjölskyldan verður á fullu um helgina eins og við er að búast. „Við ætlum að fæða Suðurnes- jammenn og aðra gesti með fiski og frónskum, bæði á Fitjum og í Grindavík. Að lokum viljum við Hjör- dis óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.“

Issi gefur lesendum hér upp- skrift að glóðuðum hörpu-diskil á teini.



Sjómanna-dagurinn 2018

Sjómenn, til hamingju!

VM - FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
ÓSKAR SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM
ÞEIRRA TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN



Landsfélag í vél- og málmætni

LEÓ

LAUGARDAGUR 2. JÚNÍ 2018

Helgin



Maria Kristín Jónsdóttir er nýr ritstjóri hönnunartímaritsins HA en sjóðheitt tölublað kom út nú fyrir helgina. Hún segir íslenska hönnunarsenu blómstra sem aldrei fyrr.

→6



Jóhannes Baldursson, framleiðslustjóri Fróns, er mjög ánægður með nýja Sumarkremkexið, sem er með ávaxta- og kókoskeim. MYNDIR/SIGTRYGGURARI

Nýtt og ferskt kremkex fyrir sumarið

Kexverksmiðjan Frón kemur með nýja tegund af kremkexi á markað í næstu viku. Kexið heitir Sumarkremkex og er með kókos- og ávaxtakeim, en það fylgir í kjölfar Jólakremkexins, sem var mjög vinsælt. →2

Aðeins

á starfsmann
á viku

Ávextir í áskrift kosta um 550 kr.
á mann á viku og fyrirhófn
fyrirtækisins er engin.

**ÁVAXTA-
ABILLINN**

Ávaxtaáttu betur

www.avaxtabillinn.is
avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



Starfsfólk Fróns vinnur hörðum höndum að því að koma Sumarkremkexinu á markað.

Framhald af forsiðu →

Sumar ætlar kexverksmiðjan Frón að kynna Sumarkremkex, nýja útgáfu af kremkexinu sem allir þekkja. Það fylgir í kjölfar Jólakremkexins sem kom út fyrir síðustu jól, en í þetta sinn er áherslan lögð á ferskt og sumarlegt bragð. Samkvæmt dagatalinu er vist komið sumar hér á Fróni og í tilefni af því höfum við ákveðið að klæða Sæmundur í sparifötunum í nýjan klæðnað og að þessu sinni í létt og fersk sumarföt,“ segir Jóhannes Baldursson, framleiðslustjóri í Kexverksmiðjunni Frón.

Vildu bjóða spennandi nýjung

„Eins og allir Íslendingar vita hefur vanillukremkexið gamla og góða verið framleitt í Kexverksmiðjunni Frón áratugum saman og jafn lengi verið eitt vinsælasta kexið á markaðnum. Fyrir síðustu jól var svo farið inn á nýjar brautir þegar Frón ákvað að bjóða upp á Jólakremkex í fyrsta skipti,“ segir Jóhannes. „Kexið þótti mjög gott og var svo vinsælt að það seldist upp á skömmum tíma. Þess vegna langaði okkur að bjóða landanum upp á aðra spennandi nýjung í þessu sívinsæla kexi núna í sumar og þá kom að sjálfsgöðu ekkert annað til greina en að hræra bara í Sumarkremkex.“

Við höfum bæði bætt kókosmjöli í kexskelina sjálfa og bragðbætt kremið sem fer á milli með appelsínu og sitrónu.

Kókosmjöl og ávextir

„Nýja sumarkremkexið er sumarlegt og ferskt,“ segir Jóhannes. „Við höfum bæði bætt kókosmjöli í kexskelina sjálfa og bragðbætt kremið sem fer á milli með appelsínu og sitrónu, þannig að þetta er allt önnur útgáfa af kremkexinu en fólk er vant. Í þessari tilraunastarfsemi varð til rosalega ferskt og bragðgott sumarkremkex, sem hefur keim af kókos og ávöxtum og getur ekki klikkað.“

Á alltaf við

„Það er tilvalið að hafa þetta kex með sér í útileguna eða eiga þetta til í sumarbústaðnum í sumar,“ segir Jóhannes. „Svo er að sjálfsgöðu líka hægt að hafa þetta kex við höndina ef maður er bara í einhverri slökun heima við eða úti á palli að njóta sólarinnar. Ég held að Sumarkremkexið komi öllum í skemmtilega sumar-sveiflu og léttu lundina alveg örugglega,“ segir Jóhannes. „Það er líka aldrei að vita nema það opni fyrir sólina í hugum landsmanna, jafnvel þó svo að það rigni kannski inn á milli yfir sumartímann.“

Hætta ekki hér

„Við ætlum heldur ekki að láta staðar numið hér,“ segir Jóhannes. „Íslendingar geta notið Sumarkremkexins í allt sumar en það er gaman að segja frá því að við í Kexverksmiðjunni Frón erum nú þegar byrjuð að vinna í að þróa næsta smelli kremkexi. Að öllum líkindum kemur því enn ein útgáfan af kremkexinu sigilda á markað nú í haust. Þannig að það er um að gera að nýta tækifærið til að næla sér í Sumarkremkexið á meðan það gefst og byrja um leið að hlakka til að prófa næstu útgáfu.“



Jóhannes segir að kexið sé sumarlegt og ferskt og eigi alltaf við.



Framleiðslan á Sumarkremkexinu er í fullum gangi.



Frón er líka að vinna í vöru sem á eftir að vekja mikinn áhuga hjá bæði ferðamönnum sem koma til landsins og þeim Íslendingum sem

vilja færa vinum og vandamönnum erlendis eitthvað íslenskt,“ segir Jóhannes. „Þannig að það er ýmislegt spennandi fram undan.“

Frón

Sumar Kremkex

Nýtt!
Takmarkað magn

Sæmundur í sumargallanum

Nú fæst hið klassíska kremkex frá Frón í sérstakri sumarútgáfu.

KREM MEÐ SITRÓNU- OG APPELSÍNU-BRAGÐI

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Sölu menn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433

Umsjónarmenn efni: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5358

Næsta kynslóð mjólkursýrugerla

Wild Biotic eru náttúrulegir mjólkursýrugerlar sem samanstanda af meira en 100 gerlastofnum sem lifa almennt í meltingarvegi okkar og henta því fullkomlega til að bæta og viðhalda heilbrigðri þarmaflóru.

Í meltingarvegi hverrar mannesku eru meira en 50 milljón milljónir bakteria sem við myndum eiginlega kalla „óteljandi“ en í einu grammi af hægðum eru hvorki meira né minna en 100.000.000.000 bakteríur. Í daglegu tali kallast þetta örveruflóra og hefur hún gróðarleg áhrif á heilsu okkar og velferð.

Ofnæmi og óþol

Góðar bakteríur eiga að mynda nokkurs konar varnarvegg innan á þörmunum og viðhalda þannig heilbrigði þeirra. Lélegt mataræði, sýklalyf og sýkingar ýmiss konar geta valdið því að þessi veggur heldur ekki nógu vel og fá þannig óvinveittar bakteríur, eitrefni, ofnæmisvaldar og aðrir óæskilegir „gestir“ tækifæri til að leika lausum hala og breiða úr sér. Þetta getur haft fjölmörg heilsufarsleg vandamál í för með sér og má t.d. nefna að óþol fyrir ýmsum matvællum eykst og ofnæmisviðbrögð versna til muna. Einnig er vert að nefna að hátt í 80% af ónæmiskerfinu okkar er beintengt örveruflórinni og ástandi hennar.

Wild Biotic – náttúruleg örveruflóra

Fyrirtækið New Nordic hefur



Hrönn Hjálmsdóttir heilsu- og þjálfari.

„Wild Biotic er visindalega þróað fæðubótarefni sem inniheldur mjög fjölbreytta örveruflóru sem samanstendur af meira en 100 gerlastofnum og inniheldur bæði mjólkursýrugerla sem og aðrar örverur sem finnast náttúrulega í meltingarfærum manna.“

rannsakað líf örvera í náttúrunni og þar á meðal eru mjólkursýrugerlar í fjölda plantna sem þeir hafa safnað saman frá óspilltu náttúrusvæði í Mercantour þjóðgarðinum í suðurhluta frönsku Alpanna. Út frá byltingarkenndum rannsóknum sínum, sem eru þær fyrstu sinnar tegundir í heiminum, völdu þeir afbrigði sérstakra örvera (gerla) með það fyrir augum að búa til fæðubótarefni sem inniheldi gerlastofna sem almennt er að finna í meltingarvegi manna. Wild Biotic frá New Nordic er því visindalega þróað fæðubótarefni sem inniheldur mjög fjölbreytta örveruflóru sem samanstendur af meira en 100 gerlastofnum og inniheldur bæði mjólkursýrugerla sem og aðrar örverur sem finnast náttúrulega í meltingarfærum manna.



Auk mjólkursýrugerlanna sem eru í Wild Biotic eru örverustofnar sem koma frá frjókornum, drottningarhunangi og öðrum hungangstegundum en flestir þekkja nýrorðið hversu heilsusamleg innihaldsefni þessara náttúruafurða eru.



Wild Biotic er ný kynslóð mjólkursýrugerla. Þetta er ný vara á markaði hérlandis.

Frjókorn og hunang

Auk mjólkursýrugerlanna sem eru í Wild Biotic eru örverustofnar sem koma frá frjókornum, drottningarhunangi og öðrum hungangstegundum en flestir þekkja nýrorðið hversu heilsusamleg innihaldsefni þessara náttúruafurða eru. Mörgum hefur reynt vel að neyta m.a. frjókorna (bee pollen) og mjólkursýrugerla til að draga úr einkennum frjókornaofnæmis ásam því að sneiða hjá öllum mjólkurvörum.

Wild Biotic á Íslandi

Wild Biotic er frábær viðbót við þær vörur sem eru á markaði í dag og segja má að hér sé um nýja kynslóð mjólkursýrugerla að ræða. Í dagskammti, sem eru tvö hlaki, eru 12 milljarðar örvera, frjókorn, drottningarhunang og ýmsar aðrar hungangstegundir. Börn undir 12 ára aldri og allir niðir í eins árs mega fá eitt hylki á dag eða sem samsvarar innihaldi þess.

Söluastaðir: Flest apótek, heilsu- og heilsuhillur verslana.

Þéttur og heilbrigður hárvöxtur

Hair Gro frá New Nordic inniheldur frábæra blöndu náttúrulegra afurða sem rannsóknir hafa sýnt fram á að auki hárvöxt og sé einstaklega góð fyrir hársvörðinn og hársrótina.

Hárþynning eða skallamyndun er vel þekkt og það síðarnefnda sérstaklega hjá karlmönnum. Í raun felur skallamyndun ekki í sér neitt heilsufarslegt vandamál ef sá sem missir hárið er fullkomlega sáttur við það en það eru þó fjölmargir sem vilja halda hárinu lengur en náttúran ætlaði þeim.

Staðreyndir um hár

Hárið á höfðinu vex að meðaltali um 0,44 millimetra á dag eða um 13 mm á mánuði. Fjöldi hára er

nokkuð breytilegur en er yfirleitt á bilinu 100-160 þúsund hár. Hár myndast úr dauðum þekjufrumum sem þrýstast út úr hársökkjunum (rótinni) þegar nýjar frumur myndast þar. Hárvöxturinn er því undir þessari frumumyndun komin og þétteleiki hársins veltur á fjölda „virkra“ hársökkja.

Hair Gro fyrir þéttari hárvöxt

Hair Gro frá New Nordic inniheldur Procyandin B2 úr eplum, en rannsóknir hafa sýnt fram á að það eykur hárvöxt. Hair Gro



Hair Gro inniheldur tocotrienol, efni úr E-vítamín „fjölskyldunni“.

inniheldur einnig tocotrienol, efni úr E-vítamín „fjölskyldunni“ og er það þekkt fyrir að hafa jákvæð áhrif á almenna heilsu og einstak-



lega gott fyrir hársvörðinn og hársökkina (hárrótina) þar sem hárið myndast.

Töflurnar innihalda einnig hirsí, elftingu, aminósýrur, biótín og sink, allt efni sem styrkja hárið og stuðla að eðlilegum hárvexti.

Allt að 50% meiri hárvöxtur

Nýlega var gerð lítil rannsókn á hópi fólks sem þjáðist vegna skallamyndunar. Fengu allir tocotrienol til inntöku og í ljós kom að þetta efni virkaði sérlega vel til að vinna gegn vandamálinu (skallamyndun) og með tímanum fór nýtt hár að vaxa og þétteleikinn jókst. Á 8 mánuðum var aukningin 10-25% hjá flestum en margir voru þó með meira en 50% aukningu í hárvexti.

Söluastaðir: Flest apótek, heilsu- og heilsuhillur verslana.

Krampinn fór á 10 sekúndum

Magnesiumolíur og -flögur frá Better You hafa reynst einstaklega vel bæði fyrir börn og full-orðna og hefur Magnesium Recovery slegið í gegn hjá afreksfólki í íþróttum.

Magnesium er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er gróðarlega mikilvægt fyrir heilsu okkar. Það kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesiumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Magnesium er nauðsynlegt til orkuframleiðslu í líkamanum ásamt því að stuðla að betri heilsu vöðva, beina, vökvajafnvægis og til stjórnunar á tauga- og vöðvasamdrætti.

Merki um magnesiumskort

Magnesiumskortur má oft rekja til lélegs og rangs mataræðis, mikillrar streitu, ýmissa lyfja og mikillrar koffínneyslu. Einnig skolest steinefni út úr líkamanum þegar við svitnum, þannig að ef við æfum mikið þá töpum við steinefnum sem við þurfum að passa upp á að bæta okkur. Einkenni magnesiumskorts geta verið:

- Svefnröðuleikar
- Sínaðráttur
- Vöðvakrampi
- Aukin næmni fyrir stressi
- Síþreyta
- Orkulæysi
- Höfuðverkir
- Fjörfiskur

Ég ætlaði ekki að trúá árangrinum

Rannsóknir benda til þess að upptaka á þessu steinefni gegnum húð sé góð í flestum tilfellum og getur það skipt öllu máli í hita leiksins þar sem áhrifanna gæti nánast strax. Sigurjón Sigurbjörnsson er rúmlega sextugur ofurhlaupari sem notar Magnesium Recovery frá Better You. Með því hefur hann losnað við vöðvakrampa og um leið bætt sig í hlaupinu:

„Í síðasta 100 km hlaupinu mínu slapp ég alveg við krampa enda notaði ég magnesiumpreyið vel fyrir hlaupið. „Í Reykjavíkurmaraþoninu notaði ég sprejið fyrir hlaupið en drakk svo ekki nægan vökvu í hlaupinu sjálfu. Mér voru gefnar magnesiuntöflur í sjúkrahúsinu og sagt að það gætu liðið 15 mínútur þar til þær virkuðu. Ég fór út af svæðinu og hitti konuna mína sem var með magnesiumpreyið mitt, ég spreyaði á mig og eftir 10 sekúndur var ég krampalaus.“

„Ég ætlaði ekki að trúá árangrinum en í mínu fyrsta hlaupi eftir að ég fór að nota magnesiúm úðann fékk ég enga vöðvakrampa, bætti tímann og jafnaði mig rosalega fljótt.“

Slökun í heita pottinum

Magnesiumflögur koma í eins kílóa pokum og eru fjólmargir farnir að nota þær í heita pottinum. Það er ekki að ástæðulausu sem fólk stundar sjöbööð og koma magnesiúmflögurnar þar sterkar inn þegar á að slaka á og njóta í pottinum. Flögurnar henta einnig vel í baðið og eru frábærar í fótabaðið en húðin drekkur í sig þetta mikilvæga steinefni sem skilar sér í góðri slökun og betri svefni.

Krampar, fótaóeirð og flug

Magnesium frá Better You er til í úðaformi, sem gel til að nudda á þreytta vöðva og sem flögur til að setja í baðið, allt eftir því hvað hentar. Recovery er eins og áður var nefnt sérstaklega hannað með íþrótt- og afreksfólki í huga en það inniheldur einnig kamfóru, svartan pipar og sitrusolíur til að hraða endurheimt. Good night inniheldur auk magnesiúm, lavender ilm kjarnaolíu sem er slakandi og hentar vel fyrir svefninn til að slaka betur á og/eða losna við fótaóeirð. Original úðinn er hreinn og fyrir alla og svo eru allar þessar gerðir, auk mildari útgáfu (sensitive), til í 15 ml glösúm sem passa vel í íþróttabuxurnar og í veskið en mörgum þykir upplagt að nota þetta í flugi þegar þreyta og þroti kemur í fæturna.



Uptaka á steinefnum í gegnum húð er góð.



Sigurjón Sigurbjörnsson losnaði við vöðvakrampa með Magnesium.

Túrmerik munnúði

Betri upptaka en töflur.

Sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum.

Gott gegn bólgum, liðverkjum og meltingarvandamálum.

Hefur hvorki bælandi áhrif á ónæmiskerfið né veldur það aukaverkunum.

Söluastaðir: Apótek, heilsuþúðir og heilsuhillur verslana



BetterYou™
just as nature intended

14 dagar í leik!

ÍSLAND ARGENTÍNA

Örfáir
miðar eftir



Verð frá:

249.990 kr

Innifalið er:

Beint flug til Moskvu og til baka
14.-17. júní, gisting í þrjár nætur
ásamt morgunmat, fararstjórn,
skoðunarferð, kvöldvöku og
partý með Tólfunni eftir leik.

Nánari upplýsingar á tripical.is
eða í síma 519 8900.



Tripical

BUXNAÚRVAL

Betty Barclay GARDEUR GERRY WEBER



Kr. 9.900,-

Kr. 16.900,-

Kr. 15.900,-

f Skoðið LAXDAL.is/buxur



Draumaverkefnið að auka veg hönnunar

María Kristín Jónsdóttir er nýr ritstjóri hönnunartímaritsins HA en sjóðheitt tölublað kom út nú fyrir helgina. Hún segir íslenska hönnunarsenu blómstra sem aldrei fyrr.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



HA gegnir að mínu mati gróðarlega mikilvægu hlutverki með því að auka sýnileika íslenskrar hönnunar og arkitektúrs og sýna fjölbreytni þeirra og mikilvægi í nýsköpun og öðrum geirum íslensks menningar- og atvinnulífs. Ég tók formlega við ritstjórnastólnum í janúar á þessu ári en hafði leyst forvera minn af í september síðastliðnum. Ég hef komist að því að þetta er að mörgu leyti draumastarfið mitt. Ég hef fylgt HA frá frumhugmynd til dagsins í dag, fyrst sem ritstjórnarmeðlimur og nú sem ritstjóri og held að ég geti með sanni sagt að ég hafi komið að öllum þáttum útgáfunnar og ég er enn að læra," segir María Kristín Jónsdóttir, vöruhönnuður og nýr ritstjóri hönnunartímaritsins HA, en glænytt tölublað kom úr prentsmíðjunni fyrir helgina.

HA er gefið út af Hönnunarmiðstöð Íslands en að útgáfunni standa níu aðildarfélag Hönnunarmiðstöðvar; Arkitektafélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Félag vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélag Íslands, Fatahönnunarfélag Íslands, Textilfélagið, Félag íslenskra gullsmíða og Félag íslenskra teiknara. Fyrsta tölublaðið kom út vorið 2015 en blaðið kemur út tvisvar á ári, bæði á íslensku og ensku.

María Kristín segir íslenska hönnun blómstra og áhugavert efni fylli hverja síðu blaðsins. „Það getur verið snúið verk fyrir okkur í ritstjórninni að velja verkefni til umfjöllunar og mörg verðug verkefni ná ekki inn í hvert tölublað. Að mínu mati er íslensk hönnun í blóma lífsins og tilbúin til að axla meiri ábyrgð á öllum sviðum samfélagsins," segir María. „Ég hef lagt áherslu á að straumlínulaga alla verkferla og að tímaritið vinni nýtt myndefni í samstarfi við hönnuði sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Með því er ætlunin að skapa efni sem hönnuðir og fyrirtæki geta nýtt sér



María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður er nýr ritstjóri hönnunartímaritsins HA. MYND: EYÞÓR



Nýjasta tölublað HA kom út fyrir helgi. Kolofon sá um hönnun og umbrot.

til frekari framdráttar hér heima og erlendis," segir María. Lesendur eigi von á ánægjulegum lestri.

„Meðal efnis í blaðinu er viðtal við Jörunn Ragnarsdóttur, margverðlaunaðan arkitekt í Þýskalandi, sem leggur áherslu á endurnýtingu efna í stað endurvinnslu, Edda Katrín Ragnarsdóttir, vöruhönnuður og keramikker, segir frá samstarfi þeirra Egils Sæbjörnsónar myndlistarmanns, Magnús Ingvar Ágústsson hönnuður segir frá áhrifum samfélagsmiðla og tækniþróunar á friðhelgi einkalífsins, Kristjana Aðalgeirsdóttir, arkitekt við Aalto háskólann í Finnlandi, skrifar grein um Viðlagasjóðshúsin á Íslandi og dr. Alexandra Daisy Ginsberg, sem

» Íslensk hönnun er í blóma lífsins og tilbúin til að axla meiri ábyrgð á öllum sviðum samfélagsins.

vakti mikla athygli á DesignTalks 2018, segir frá hvernig hún beitir spáhönnun (e. Speculative Design) í verkom sínum.

Þá er einnig viðtal við Krot & Krass sem þrýða forsiðuna að þessu sinni."

Nánar má forvitnast um HA á hadesignmag.is

Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins



Probi Mage LP299V® inniheldur *Lactobacillus plantarum* 299v (LP299V®)

Finndu muninn með Probi Mage LP299V®

Fæst í apótekum og heilsuverzlunum, Hagkaup, Melabúðinni Fræinu, Fjarðarkaupum auk valdra útsölustaða um land allt.

Þorbjörg Hofsteinsdóttir heilbrigðisráðgjafi gefur Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar sína öflugt beðið.

Proffesor Bengt Jørgensen hefur staðfest hvað Probi AB í Svíþjóð í ári 2010, eða frá því að barn og kollega hans lagði miðla mjólkursýrugerlinn *Lactobacillus plantarum* 299v (LP299V®).

abel heilsuvörur

Ferðamálastólinn

Ævintýrlegur starfsvettvangur Starfstengt ferðafræðinám

Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Við val á einstaklingum sem tilnefndir eru í stjórnir fjármálafyrirtækja tekur valnefndin mið af yfirsýn, þekkingu og reynslu viðkomandi í tengslum við fyrirtækjarekstur og starfsháttum fjármálafyrirtækja. Nefndin leitast við að það sitji sem næst jafnframt konur og karlar í stjórnum fjármálafyrirtækja. Þá er jafnframt miðað að því að þekking og reynsla stjórnarmanna sé fjölbreytt.

VIÐ MAT Á HÆFI UMSÆKJENDA LÍTUR VALNEFNDIN MEÐAL ANNARS TIL EFTIRFARANDI ATRÍÐA:

- Yfirgripsmikil reynsla af starfsemi fjármálafyrirtækja.
- Reynsla af alþjóðlegum fjármálamarkaði.
- Traust og gott orðspor.
- Leiðtogaþæfileikar.
- Sérþekking á sviði áhættustefnu s.s. markaðs- og lánsáhættu.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og stefnumótun.
- Fjárhagslegt sjálfstæði, reynsla og þekking eða nám sem nýttist í starfi.

Ennfremur er vakin athygli á 29 gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem varðar mögulega hagsmunaaðreka í tengslum við lánveitingar. Stjórnarmenn fjármálafyrirtækja þurfa að gangast undir og standast hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

UMSÆKJENDUR ÞURFA JAFNFRAMT AÐ UPPFYLLA EFTIRFARANDI SKILYRÐI:

- Vera lögráða og hafa ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaðir gjaldþrota.
- Hafa ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað.
- Uppfylla kröfur um óháði, þ.e. þeim er ekki heimilt að vera starfsmenn eða stjórnarmenn hjá þeim sem fara með yfirráð yfir öðrum viðskiptaböndum eða sparisjóðum, eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá öðrum viðskiptaböndum og sparisjóðum eða dótturfélögum þeirra, eru ekki makar stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra framangreindra aðila eða skyldir þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Það sama gildir ef viðkomandi sinnir reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafastörfum fyrir framangreindra aðila eða hefur meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá. Stjórnarmenn og starfsmenn fjármálafyrirtækis mega ekki eiga sæti í stjórnum annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem eru í nánnum tengslum við hann.

BR

BANKASÝSLA RÍKISINS

Bankasýsla ríkisins er sérstök ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra og fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma.

Áhugasamir einstaklingar sem telja sig uppfylla framangreind skilyrði eru hvattir til að senda ferilskrár ásamt upplýsingum um ofangreind atriði til valnefndar Bankasýslu ríkisins á netfangið_valnefnd@bankasysla.is. Óskað er eftir að ferilskrár og umbeðnar upplýsingar berist eigi síðar en **16. júní nk.** Þeir einstaklingar, sem sent hafa ferilskrár sínar eða boðið sig fram til stjórnarsetu með öðrum hætti fyrir 1. janúar 2018, eru beðnir um að endurnýja áhuga sinn með pósti til valnefndar ef þeir geta áfram kost á sér til setu í stjórnum fjármálafyrirtækja. Nánari upplýsingar veitir Jón G. Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins, sími 550-1700.

Taktu þátt í að móta lærdóms-samfélag



Reykjanesbær leitar að fólki sem vill vera með í að byggja upp lærdóms-samfélag í fremstu röð þar sem metnaður, kraftur og samheldni eru lykilatriði. Í Reykjanesbæ eru tíu leikskólar þar sem gætir mikillar fjölbreytni í skólastarfi. Leikskólar bæjarins vinna eftir metnaðarfullri læsis- og menntastefnu sem sveitarfélagið hefur sett sér. Þeir leggja áherslu á læsi og stærðfræði með börnum frá tveggja ára aldri.



Heilsuleikskólinn Garðasel

Einkunnarorð skólans eru: Hreyfing - Virðing - Næring - Skapandi starf

- Leikskólakennarar
- Íþróttfræðingur

leikskolinngardasel.is



Holt – starfar í anda Reggio Emilia

Einkunnarorð skólans eru: Gleði - Virðing - Sköpun - Þekkingarleit

- Leikskólakennarar

leikskolinnholt.is



Heilsuleikskólinn Heiðarsel

Einkunnarorð skólans eru: Hreyfing - Næring - Sköpun - Leikur

- Leikskólakennarar
- Deildarstjórnarar

heidarsel.is

Hjallatún

Einkunnarorð skólans eru: Leikur - Lýðræði - Samskipti

- Leikskólakennarar
- Deildarstjórnarar

hjallatun.is

Tjarnarsel

Einkunnarorð skólans eru: Hreyfing - Virðing - Upplifun - Lífsgleði

- Leikskólakennarar

tjarnarsel.is

Vesturberg

Einkunnarorð skólans eru: Frumkvæði - Vinátta - Gleði

- Leikskólakennarar

vesturberg.is

Sótt er um störfin á vef Reykjanesbæjar, reykjanesbaer.is/stjorkerfi/laus-storf.

Umsóknarfrestur er til og með 16. júní 2018.

Hér er gott að búa

Reykjanesbær er fimmta stærsta sveitarfélag landsins með um 18 þúsund íbúa. Í bænum eru einnig starfræktir sex grunnskólar, framúrskarandi tónlistarskóli og öflugt íþrótt- og tómstundastarf. Hjá Reykjanesbæ starfar samhentur hópur starfsmanna sem hefur það að leiðarljósi að þjónusta við íbúa bæjarfélagsins sé eins og best verður á kosið hverju sinni. Við bjóðum góða starfsaðstöðu, jákvætt andrúmsloft og tækifæri til starfsþróunar.



MOSFELLSBÆR



Laus störf í Lágafellsskóla skólaárið 2018-2019

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi? Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum? Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útbúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

KENRAR ÓSKAST Í EFTIRTALIN STÖRF:

- Kennari í „Fellið“ náms- og atferlismótunarver (100% framtíðarstaða) – menntun í sérkennslufræðum æskileg sem og reynsla af atferlismótun
- Kennari í sérkennslu (70% - 100% framtíðarstaða), menntun í sérkennslufræðum æskileg
- Kennari á unglíngastig – kennslugreinar íslenska og stærðfræði
- Umsjónarkennarar á yngsta og miðstigi (80% - 100% framtíðarstöður)
- Tónmenntakennari (100% framtíðarstaða)

Menntunar- og hæfnikröfur í kennarastörf:

- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Mjög góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Hugmyndaauðgi, jákvæðni og sveigjanleiki

EINNI VERÐUR RÁÐIÐ Í EFTIRTALIN STÖRF:

- Atferlisfræðingur eða aðili með uppeldisfræðimenntun og góða þekkingu og reynslu af atferlismótandi aðferðum, t.d. sálfræðingur, þroskaþjálfari (í 70-100% starf)
- Skólaliða í Höfðaberg. Vinnutími 07:50 - 13:00 (aðstoð, gæsla og létt ræsting)
- Stuðningsfulltrúa (í 60-100% starf)
- Fristundaleiðbeinendur (hlutastarf) Vinnutími frá 13:00 - 16:00/17:00. Möguleiki á að vinna einstaka daga.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Menntun samkvæmt gildandi samningum, ef ekki fæst fólk með réttindi er annað skoðað
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Góð færni í samvinnu og samskiptum
- Áhugi á starfi með börnum
- Hugmyndaauðgi, jákvæðni og sveigjanleiki

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200/896 8230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaradila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

Umsóknarfrestur um stöðurnar er til 15. júní 2018.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir vildtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Framsækið fyrirtæki í mannvirkja-gerð leitar hæfra einstaklinga

- Tæknimann til svæðisstjórnunar á byggingasvæði. Magnskrár og samskipti við verkkaupa.
- Verkstjóra í steypuvinnu
- Járnamann vanan umsjón og magntöku

Áhugasamir sendi email á smidaland@smidaland.is

Flöskumóttaka Endurvinnslan

Starfsmaður

Endurvinnslan hf óskar eftir að ráða öflugan aðila til starfa.

Um er að ræða starf við móttöku drykkjarumbúða hjá traustu fyrirtæki. Starfsmaður aðstoðar viðskiptamenn og sér um úrvinnslu á flöskum og dósum. Vinnutími er frá 8:30 til 17:00 og einnig er nauðsynlegt að vinna einhverja daga til 18:00 og nokkra laugardaga frá 11:30 – 16:30.

Umsóknir berist á evhf@evhf.is og eru upplýsingar gefnar í síma 5888522

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



ÖRYGGI - SAMVINNA - FRAMSÆKNI

Sjúkrahúsið á Akureyri

~ fyrir samfélagið ~



Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs

Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs ber ábyrgð á verkefnum sviðsins. Hann hefur umsjón með fjármálum sjúkrahússins, annast reikningshald þess og gerir ársreikning. Framkvæmdastjórinn heldur utan um fjárheimildir sjúkrahússins, sér um fjárstýringu og innheimtir kröfur og gerir og fylgir eftir fjárhags-áætlun. Að auki ber hann ábyrgð á söfnun, úrvinnslu og miðlun klínískra og fjárhagslegra upplýsinga, tölvu- og upplýsingatæknimálum, sér um útboð, samningagerð, innkaup og vörustýringu og umsjón fasteigna og tækja. Sviðið starfar þvert á önnur svið, hefur við þau nána samvinnu og veitir þeim ráðgjöf.

Gerð er krafa um:

- próf í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærilega menntun auk framhaldsmenntunar sem nýttist í starfi,
 - leiðtogaþæfni og getu til að hvetja aðra til árangurs,
 - farsæla stjórnunar- og rekstrarreynslu, þ.m.t. reynsla af mannaforráðum,
 - framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og miðlun upplýsinga,
 - frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi,
 - reynsla af teymisvinnu og breytingarstjórnun,
 - getu til að vinna undir álagi.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.

UMSÓKNARFRETTUR:
18. JÚNÍ 2018

UMSÓKNIR:
SAK.IS/ATVINNA

Nánari upplýsingar um starfið og hæfnikröfur eru á sak.is/atvinna og starfatorg.is. Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Staðan veittist frá 1. ágúst nk. eða eftir samkomulagi og er veitt til fimm ára. Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Bjarni Jónasson forstjóri í síma 463 0100 og/eða í tölvupósti bjarnij@sak.is.



Sjúkrahúsið hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni.

SÉRFRÆÐINGUR Í LAUNALAUSNUM

Við leitum að lausnamiðuðum einstaklingi með brennandi áhuga á launamálum.

HÆFNISKRÖFUR

- Mikil reynsla af launavinnslu og launabókhalda er skilyrði
- Góð greiningarhæfni og geta til að leysa úr flóknum úrlausnarefnum
- Þekking á Kjarna, SAP eða öðrum sambærilegum kerfum er kostur
- Nákvæm, öguð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Góð almenn tæknikunnátta og færni á Excel
- Góð samskiptahæfni og mikil þjónustulund

HELSTU VERKEFNI

- Innleiðing á launalausnum Origo
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina
- Þátttaka í þróun og útfærslu á nýjum lausnum

Origo er framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni sem varð til við sameiningu Nyherja, Applicon og TM Software. Hjá Origo starfa hátt í 450 sérfræðingar sem nýta hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Kristinn Ögmundsson forstöðumaður mannauðs- og launalausna, sko@origo.is Umsóknarfrestur er **til og með 10. júní 2018**.

Sótt er um starfið á vefnum okkar, www.origo.is/atvinna. Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

origo.

SÖLURÁÐGJAFI Í MÚRVERSLUN



Steypustöðin ehf. leitar að söluráðgjafa í Múrverslun félagsins á Malarhöfða.

Helstu verkefni eru:

- Móttaka, sala og ráðgjöf til viðskiptavina á vörum Steypustöðvarinnar, bæði í verslun og á verkstað
- Tilboðsgerð og eftirfylgni
- Önnur tilfallandi störf

Um framtíðarstarf er að ræða. Vinnutími 08:00 – 18:00

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní. Umsóknir skulu berast til Sigríðar Rósu Magnúsdóttur á netfangið sigrður@steypustodin.is sem jafnframt veitir frekari upplýsingar um starfið.

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í múríón eða reynsla í faginu
- Stundvísi og heildarleiði
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði
- Góð þjónustulund og jákvæðni
- Almenn tölvukunnátta
- Þekking á Navision er kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af sölumennsku æskileg en ekki skilyrði

STEYPUSTÖÐIN EHF | MALARHÖFÐA 10 | 110 REYKJAVÍK | STEYPUSTODIN.IS | S: 4 400 400

SÉRFRÆÐINGAR Í VERÐBRÉFAMARKAÐSEFTIRLITI

► Leitum að sérfræðingum með ríka greiningarhæfni

Á sviði markaðs og viðskiptahátta eru laus tvö störf sérfræðinga í eftirliti með íslenska verðbréfamarkaðinum. Meðal verkefna sviðsins má nefna eftirlit með kauphöllum og öðrum vettvangi viðskipta, fjárfestavernd og viðskiptaháttum fjármálfyrirtækja, gagnsæi á markaði, upplýsingaskylda útgefenda, útbodum verðbréfa og lýsingum, yfirtökuskilyldu, verðmyndun á markaði, neytendavernd o.fl.

Sérfræðingur í umsjón og úrvinnslu gagna

Starfssvið

- Umsjón og úrvinnsla gagna og eftirlit með gagnaskilum á verðbréfamarkaði
- Þátttaka í eftirlitsverkefnum á verðbréfamarkaði
- Þátttaka í innleiðingu nýrra gagnaskila
- Þátttaka í þróun og vinnu við rafræn skýrsluskil og úrvinnslukerfi
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðeigandi þekking og reynsla af úrvinnslu gagna og gagnagrunnum
- Rík greiningarhæfni og nákvæmni í vinnubrögðum nauðsynleg
- Þekking og reynsla af fjármála- og verðbréfamarkaði æskileg
- Frumkvæði, metnaður og góð samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta auk færni til að tjá sig í ræðu og riti

Sérfræðingur í eftirliti með viðskiptum á markaði

Starfssvið

- Eftirlit með viðskiptum á markaði og samstarf við Kauphöll (markaðsvakt)
- Greiningarvinna vegna markaðssvika (innherjasvik og markaðsmisnotkun) o.fl.
- Eftirlit með fjárfestavernd í verðbréfavíðskiptum (MiFID reglur)
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf, einkum á sviði viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Viðeigandi reynsla af störfum á fjármála- og/ eða verðbréfamarkaði nauðsynleg
- Próf í verðbréfavíðskiptum æskilegt
- Reynsla af miðlun fjármálagerninga æskileg
- Nákvæmni, rík greiningarhæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, metnaður og góð samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta auk færni til að tjá sig í ræðu og riti

Frekari upplýsingar veita Aðalsteinn Eymundsson forstöðumaður verðbréfamarkaðseftirlits (adalsteinn@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk. Umsóknur um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



ÍSAFJARÐARBÆR

Leikskólinn Sólborg Sérkennslustjóri og leikskólakennarar

Ísafjarðarbær auglýsir laus til umsóknar 100% starf sérkennslustjóra og 75-100% störf leikskólakennara við leikskólann Sólborg á Ísafirði.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf um miðjan ágúst 2018. Sólborg er fimm deilda leikskóli sem starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia en í skólanum eru um 115 börn. Ein deildin er fimm ára deild sem staðsett er í húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar. Um er að ræða mjög skemmtileg og gefandi störf í lifandi starfs- umhverfi.

Ísafjarðarbær er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öflugra grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótt- og tómsundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skólasvæði landsins og endalausa möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins. Í Ísafjarðarbæ búa um 3800 íbúar og þar eru fimm leikskólar og fjórir grunnskólar í fjórum byggðakjörnum. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 10. júní 2018.

Frekari upplýsingar um störfina má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar (www.isafjordur.is) undir „Laus störf“. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfina.

-Við þjónum með gleði til gagns-



Sérgreinastjóri útikennslu

Laus er til umsóknar staða sérgreinastjóra útikennslu í Álfheimum. Helstu verkefni eru að skipuleggja og hafa umsjón með verkefnum sem tengjast útikennslu. Sérgreinastjóri vinnur í nánú samstarfi við stjórnendateymi leikskólans og er starfið í stöðugri þróun. Í Álfheimum eru 84 börn á fjórum deildum. Leikskólinn verður 30 ára á þessu ári og er hafinn undirbúningur að stækun hans um tvær deildir. Álfheimar eru grænánaskóli sem er alþjóðleg umhverfisviðurkenning er nýtur virðingar víða í heiminum. Um er að ræða tákna um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum, þar sem lögð er áhersla á að bæta daglegan rekstur skóla, draga úr sóun og neyslu. Rík áhersla er lögð á samskipti og velliðan í gegnum leik sem er aðalkennslaóðferð skólans. Öll börn leikskólans fara í skógarferð einu sinni í viku, auk þess er leikskólinn í samstarfsverkefni með Vallaskóla sem ber heitið Gullin í grenndinni.

Menntun og hæfniskröfur

- Leikskólakennararéttindi.
- Reynsla og þekking á útikennslu.
- Góð íslenskukunnátta.
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum.
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Starfið hentar jafnt körlum sem konum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Þórhallsdóttir, leikskólustjóri, í síma 480 3242. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið alfheimar@arborg.is

Umsóknarfrestur er til 15. júní 2018.

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Grunnskólar

- Aðstoðarmaður fristundar í Hörðuvallaskóla
- Deildarstjóri í Hörðuvallaskóla
- Dönskukennari í Kársnesskóla
- Forstöðumaður fristundar í Hörðuvallaskóla
- Fristundaleiðbeinandi í Lindaskóla
- Fristundaleiðbeinandi í Smáraskóla
- Kennari í hönnun og smíði í Kársnesskóla
- Kennari í leiklist og/eða dans í Álfhóllsskóla
- Kennsluráðgjafar í Hörðuvallaskóla
- Laus staða kennara á yngsta stig í Kársnesskóla
- Proskapjálfi/sérkennari í Kársnesskóla
- Umsjónarkennari á miðstig í Smáraskóla
- Umsjónarkennari á yngsta stig í Smáraskóla
- Íslenskukennari á elsta stig í Smáraskóla
- Íslenskukennari á unglingsstigi í Kársnesskóla
- Stuðningsfulltrúi í Smáraskóla
- Skólaliði í Lindaskóla
- Skólaliði í Smáraskóla
- Smíðakennari í Kársnesskóla

Leikskólar

- Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Kópasteini
- Deildarstjóri í Austurkór
- Deildarstjóri í Baug
- Deildarstjóri í Fífusölum
- Deildarstjóri í Kópahvol
- Deildarstjóri í Kópasteini
- Deildarstjóri í Rjúpnahæð
- Fólk í sérkennslu í Fífusölum
- Leikskólakennari í Arnarsmára
- Leikskólakennari í Austurkór
- Leikskólakennari í Baug
- Leikskólakennari í Dal
- Leikskólakennari í Efstahjalla
- Leikskólakennari í Kópahvoli
- Leikskólakennari í Kópasteini
- Leikskólakennari í Marbakka
- Leikskólakennari í Núp
- Leikskólakennari í Rjúpnahæð
- Leikskólakennari í Álfatúni
- Leikskólasérkennari í Kópahvol
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi í Austurkór
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi í Baug
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi í Efstahjalla
- Sérgreinastjóri í Núp
- Sérkennslustjóri í Fífusölum
- Proskapjálfi/leikskólasérkennari í Álfatúni

Velferðarsvið

- Deildarstjóri óskast á heimili fyrir fatlað fólk
- Stuðningsaðili í Rjúpnahæð
- Starfsmaður óskast í sértæka stuðningsþjónustu

Annað

- Sálfræðingur óskast við skólaþjónustu Kópavogs
- Starfsmaður í Þjónustumiðstöð við almenna þjónustu
- Fristundaleiðbeinendur í félagsmiðstöðvum Kópavogs

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Sérfræðingur í skjalastjórnun

Ríkisskattstjóri er í fararbroddi innleiðingar rafrænnar stjórnsýslu. Helstu verkefni embættisins eru álagning opinberra gjalda, skatteftirlit og að halda lögbundnar skrár en að auki er embættinu falið að sinna ýmsum sérverkefnum til lengri eða skemmri tíma, nú síðast verkefni tengdu ráðstöfun séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð.

Meginstefna ríkisskattstjóra í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli. Vinnustaðurinn er fjölmennur og er starfseminni á landsvísi skipt niður á átta starfsstöðvar. Ríkisskattstjóri er þátttakandi í tilraunaverkefni á vegum Velferðar-ráðuneytisins um styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir.

Öflugum og jákvæðum einstaklingi gefst nú tækifæri til að ganga til liðs við skráningarhóp fjármálasviðs á aðalskrifstofu embættisins í Reykjavík. Í starfinu reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku þar sem skjalavörslu og skjalastefnu er sinnt.

Starfssvið

- Ábyrgð og umsjón með þróun og eftirfylgni skjalastefnu og verklags við rafræna skjalastjórnun.
- Umsjón með móttöku, skráningu, varðveislu og miðlun skjala.
- Ráðgjöf og stuðningur um skjölun við samstarfsmenn.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Önnur tungumálakunnátta kostur.
- Umsjón með bókasafni embættisins.
- Almenn skrifstofustörf.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi, s.s. í bókasafns- og upplýsingafræði.
- Þekking og farsæl reynsla af skjalastjórnun nauðsynleg.
- Þekking á skjalavörslu ríkisstofnana og umgjörð opinberra skjalasafna er kostur.
- Fáguð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.
- Góð tölvukunnátta.

Frekari upplýsingar

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is/starf eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá ríkisskattstjóra kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, inn í heildstætt mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með **19. júní 2018** og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Upplýsingar um störfin veitir Inga Hanna Guðmundsdóttir í síma 442 1151.

Gildi ríkisskattstjóra eru fagmennska, jákvæðni og samvinna. Frekari upplýsingar um embættið má finna á vefsíðunni rsk.is.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

 rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opilið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00





Staða skólastjóra í Foldaskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Foldaskóla.

Foldaskóli er elsti hverfisskólinn í Grafarvogi, stofnaður árið 1985. Í skólanum eru um 500 nemendur í 1.-10. bekk. Við skólann er starfrækt einhverfudeild og Foldaskóli er safnskóli unglingsdeilda í Hamra-, Húsa- og Foldahverfi og er um helmingur nemenda á því skólastigi. Skólinn er Grænfánaskóli og tekur þátt í verkefnum Heilsuefandi skóli. Einkunnarorð skólans eru siðprýði, menntun og sálarheil. Skólinn vinnur í anda uppeldis til ábyrgðar og Olweusaráætlunar gegn einelti og verið er að innleiða leiðsagnarmat. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu starfsfólki, mikið samstarf er við félagsmiðstöðina Fjörgyn og nærsamfélagið og við skólann starfar öflugt foreldrafélag.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur viðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutílhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, upplýsingar um framsækni verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2018. Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2018.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Ragnheidur E. Stefánsdóttir, mannaúdstjóri, sími 411 1111. Netföng: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is / ragneidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Staða leikskólastjóra við leikskólann Geislabaug

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Geislabaugi til umsóknar.

Geislabaugur er fimm deilda leikskóli í Grafarholti, þar af er ein ungbarnadeild. Leikskólinn starfar á grundvelli aðalnámskrár leikskóla og er hugmyndafræði Reggio Emilia höfð að leiðarljósi. Í Geislabaugi er unnið metnaðarfullt og framsæknið starf þar sem áhersla er lögð á lýðræði, jafnrétti, sköpun, virðingu og gleði. Leikskólinn er Grænfána leikskóli, sem hefur verið þátttakandi í Erasmus verkefni og fengið hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs. Samstarf er við íþróttafélag hverfisins sem og milli skóla í hverfinu m.a. með virkri þátttöku í þróunarverkefni um eflingu læsis. Umhverfi leikskólans er fjölbreytt og ósnortin náttúra í næsta nágrenni.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarfi í Geislabaugi.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutílhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starfi í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2018. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2018.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111. Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Kennsluráðgjafi á Fræðslusviði



Fræðslusvið Reykjanesbæjar auglýsir lausa stöðu kennsluráðgjafa í þverfaglegt teymi skólaþjónustu Reykjanesbæjar. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á skólaþróun.

Skólaþjónustan mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda. Verkefni skólaþjónustu eru fjölmörg og beinast að því að efla skólana sem faglegar stofnanir sem leyst geta flest þau viðfangsefni sem upp kunna að koma í skólastafi. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, öflug tengsl skólastiga og þverfaglegt samstarf. Einnig er lögð áhersla á gæðaðþjónustu, vönduð og fagleg vinnubrögð þar sem stuðst er við gagnrýndar aðferðir.

Helstu verkefni

- Fræðsla og ráðgjöf við nemendur, foreldra, kennara og annað starfsfólk leik- og grunnskóla
- Stuðningur og ráðgjöf vegna nemenda með fjölbreyttar þæfir
- Ráðgjöf, stuðningur og handleiðsla vegna sveigjanlegra kennsluhátta með áherslu á snemmtæka íhlutun
- Stuðningur við nýbreytni- og þróunarstarf skóla, m.a. með ráðgjöf við stjórnendur og starfsmenn leik- og grunnskóla til að efla þá í starfi og stuðla að samstarfi þeirra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og réttindi til að kenna í leikskóla og/eða grunnskóla
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af kennslu og/eða ráðgjöf
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi og lipurð og færni í samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní.

Umsókn fylgi afrit af leyfisbréfi og ferilskrá ásamt upplýsingum um meðmælendur. Sótt er um starfið á vef Reykjanesbæjar, reykjanesbaer.is. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Upplýsingar veitir Kolfinna Njálisdóttir deildarstjóri skólaþjónustu í síma 421-6700 eða 868-4609.

Einnig er hægt að senda fyrirspurn á netfangið kolfinna.njalsdottir@reykjanesbaer.is

SAMFERDA?



Ós er lífill leikskóli með langa sögu og stórt hjarta.

Skólinn er rekinn af foreldrum barnanna. Rík áhersla er lögð á metnaðarfullt faglegt starf og nána samvinnu. Ós er til húsa við Skerplugötu í vesturbæ Reykjavíkur.

Við leitum að leikskólakennara eða áhugasömum leiðbeinanda í 50-100% starf.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Eiríksdóttir leikskólastjóri@barnaheimilis.is / 552 3277.

NEED A JOB?

AP-Prif is looking for people to hire. Must speak english or icelandic. Preferably between 20–40 years of age. Driving license and clean criminal record is required.

Please send application via email at gerda@ath-thrif.is titled "Job".



Skeiðarási 12
210 Garðabæ



Tæknivík óskar eftir að ráða sérfræðing í iðnstýringum við hönnun, forritun og þjónustu.

- Leitað er eftir mönnum með þekkingu á iðnstýringum og forritun

Einnig óskar fyrirtækið eftir því að ráða rafvirkja.

- Starfið fellst í uppsetningu, gangsetningu og viðhaldi á stýringum ásamt almennum rafvirkjastörfum.
- Leitað er eftir starfsmanni sem getur starfað sjálfstætt.

Tæknivík er leiðandi fyrirtæki í forritun og uppsetningu stýringa í fiskeldi á Íslandi.

Umsóknun skal skila á netfangið gulli@eldi.is

Allar upplýsingar um störfin fáast í síma 895-3556 eða á fyrrgreint netfang.



Skurðstofuhjúkrunarfræðingur

Við hjá Dea medica (Lýtalækningastöð Reykjavíkur) óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing í hlutastarf frá og með 1.9. '18.

Umsóknir sendist til Dea medica,
Álfheimum 74,104 Reykjavík eða
thordis@deamedica.is



Deildarstjóri óskast á heimili fyrir fatlað fólk í Kópavogi

Velferðarsvið óskar eftir þroskabjálfa eða öðrum fagaðila í starf deildarstjóra á heimili fatlaðs fólks í Kópavogi. Um er að ræða sex íbúða kjarna sem veitir fólki með einhverfu þjónustu. Deildarstjóri skipuleggur og leiðir faglegt starf í samvinnu við forstöðumann.

Um er að ræða framtíðarstarf sem er laust nú þegar. Starfshlutfall er 100% og unnið er í vaktavinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði þroskabjálfafræða eða mennta- og félagsvísinda.
- Reynsla af starfsmannahaldi æskileg.
- Gerð er krafa um haldgóða reynslu af starfi með fötluðu fólki.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, ábyrgðarkennd og frumkvæði.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á faglegu starfi í samvinnu við forstöðumann.
- Gerð þjónustuáætlaða.
- Einstaklingsmiðaður persónulegur stuðningur við íbúa í þeirra daglega lífi, jafnt innan sem utan heimilis.
- Samvinna við starfsfólk, aðstandendur og aðra þjónustuaðila íbúa.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá Velferðarsviði Kópavogs þurfa að skila sakavottorði eða veita heimild til að leitað sé upplýsinga af sakaskrá.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2018.

Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, johannalilja@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Skólustjóri Tónlistarskólans á Akranesi

Við leitum að skapandi og metnaðarfullum leiðtoga.

Akraneskaupstaður auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólustjóra Tónlistarskólans á Akranesi.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Veita Tónlistarskólanum faglega forystu.
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri.
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs á Akranesi.
- Samstarf við bæjaryfirvöld og aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun og nýjungum.
- Menntun á sviði tónlistar.
- Framhaldsmenntun á sviði tónlistar æskileg.
- Reynsla af tónlistarkennslu og tónlistarflutningi.
- Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða þekking og reynsla af rekstri og stjórnun.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund.

JÁKVÆÐNI - METNAÐUR - VÍÐSÝNI



Akraneskaupstaður

Í samræmi við mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi SNS og KÍ/FÍH Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2018. Umsóknarfrestur er til 24. júní 2018.

Nánari upplýsingar um starfið veita Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri í síma 433-1000 eða í valgerdur.janusdottir@akranes.is.

Sótt er um starfið rafrænt í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaðar. Umsóknun fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem kemur fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.

Akranes

Akraneskaupstaður er eitt af stærstu sveitarfélögum landsins með rúmlega 7 þúsund íbúa. Bærinn er sérstaklega barnvænn með gott framboð af íþróttá-, tómtunda- og menningarstarfi. Tónlistarskólinn var stofnaður árið 1955 og telja nemendur skólans í dag um 300. Hlutverk Tónlistarskólans á Akranesi er að stuðla að öflugu og fjölbreyttu tónlistarlífi en skólinn býr við mjög góðan aðbúnað til tónlistar kennslu.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérfr., verðbréfamarkaðseftirlit	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201805/1123
Sérfr., umsýsla/úrvinnsla gagna	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201805/1122
Sérfræðingur á sviði loftslagsmála	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Reykjavík	201805/1121
Skrifstofustjóri	Atvinnuv.- og nýsköpunarráðuneytið	Reykjavík	201805/1120
Hjúkrunarfræðingar, afleysingar	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201805/1119
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, Jarðvísindadeild	Reykjavík	201805/1118
Aðjúnt í efnaræði	Háskóli Íslands, Raunvísindadeild	Reykjavík	201805/1117
Verkefnisstjóri í nemendabjónustu	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201805/1116
Aðjúnt í hjúkrunarfræði	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201805/1115
Forstöðumaður	Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar	Reykjavík	201805/1114
Sérfræðingur í heimilislækningum	Heilsugæslan Hamraborg	Kópavogur	201805/1113
Aðstoðarfolk í umönnun	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201805/1112
Hjúkrunarfræðingur á skurðstofu	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201805/1111
Framkv.stj. fjármála/rekstrarsviðs	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201805/1110
Náttúrufræðingur	Landspítali, ónæmisfræðideild	Reykjavík	201805/1109
Sérfr. í rekstri miðlægra tölvukerfa	Landspítali, heilbr.-/upplýsingatæknid.	Reykjavík	201805/1108
Sérfræðingur í kerfisrekstri	Landspítali, heilbr.-/upplýsingatæknid.	Reykjavík	201805/1107
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, heimahlýning	Kópavogur	201805/1106
Sálfræðingur, geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201805/1105
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Sólvangi	Hafnarfjörður	201805/1104
Félagsliði, sumarafleysing	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201805/1103
Sjúkraliði, sumarafleysing	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201805/1102
Hjúkrunarfræðingur, heimahjúkrun	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201805/1101
Iðjubjálfi, heimahjúkrun	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201805/1100

TIL SÖLU



20779 Tilboð óskast í smáhýsi, staðsett við hjá Verkmenntaskóla Austurlands

Um er að ræða timburhús, 13,5 m² að grunnfleti. Húsið er nánast fullfrágengið og tilbúið til notkunar. Sjá nánar í byggingarlýsingu hússins. Húsið er til sýnis frá mánudeginum 11. júní til og með föstudeginum 15. júní 2018 í samráði við Elvar Jónsson í síma 896 5494 á skrifstofutíma og Ríkiskaup í síma 530 1400.

Húsið er tilbúið til flutnings og þarf kaupandi að fjarlægja það eigi síðar en 15. ágúst 2018 eða samkvæmt nánara samkomulagi við seljanda.

Tilboðseyðublað eru aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.ríkiskaup.is

Tilboðseyðublaðum skal skilað inn til Ríkiskaupa á netfangið utbod@rikiskaup.is

Merkt í viðfang/subject: 20779 – Smáhýsi VA

Afstaða verður tekin til innsendra tilboða eftir mánudaginn 18. júní 2018.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.ríkiskaup.is

RÍKISKAUP



S4S LEITAR AÐ

SKEMMTILEGU OG METNAÐARFULLU FÓLKI

ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR? VIÐ LEITUM AÐ FÓLKI Á ÖLLUM ALDRI TIL AÐ VERA PARTUR AF FJÓRUGRI OG ÓFLUGRI LIDSHEILD HJÁ FLOTTU FYRIRTÆKI.

Toppskórinn

TOPPSKÓRINN ÓSKAR EFTIR STARFSMÖNNUM Í HLUFASTARF OG HELGARSTARF

Umsóknir berist á anna@s4s.is

ecco

ECCO ÓSKAR EFTIR STARFSMÖNNUM Í HLUFASTARF AÐRA HVERJA HELGI OG ANNAN HVERN FIMMTUDAG

Umsóknir berist á ek@s4s.is

KOX
KRINGLUNNI

KOX ÓSKAR EFTIR STARFSMÖNNUM Í HLUFASTARF AÐRA HVERJA HELGI OG ANNAN HVERT FIMMTUDAGSKVÖLD

Umsóknir berist á kox@s4s.is



Helstu verkefni

- Sala
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Daglegur rekstur og aðstoð við verslunarstjóra

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunar- og þjónustustarfi er æskileg en ekki nauðsynleg.
- Góð almenn tölvukunnátta
- Framúrskarandi þjónustulund
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum



Umsóknir berist fyrir 5. júní



S4S hefur verið í topp 5 yfir fyrirmyndarfyrirtæki hjá VR síðustu 3 ár í flokki stórra fyrirtækja.

S4S



STARFSENDURHÆFING
NORÐURLANDS

Ráðgjafi í starfsendurhæfingu

Stjórn Starfsendurhæfing Norðurlands (SN) auglýsir eftir ráðgjafa í starfsendurhæfingu.

Hlutverk Starfsendurhæfingar Norðurlands er að veita einstaklingum starfsendurhæfingu sem hafa verið utan vinnumarkaðar um tíma, s.s. vegna veikinda, slysa eða félagslegra aðstæðna, sem eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn.

SN starfar eftir lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða

Um er að ræða 80% stöðu

Helstu verkefni;

- Verkefnastjórn
- Ráðgjöf við notendur í starfsendurhæfingu
- Greiningar- og meðferðarvinna
- Kennsla
- Hópastarf
- Samstarf við samstarfsaðila og tengslastofnanir
- Þróunarvinna

Menntun og hæfniskröfur;

- Háskólamenntun á sviði félags- og/eða heilbrigðisvísinda
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Reynsla af teymisvinnu
- Góðir samstarfshæfileikar
- Leiðtogaþæfileika og jákvætt viðmót
- Reynsla af ráðgjöf í starfsendurhæfingu æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 24. júní 2018.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 15. ágúst.

Umsókn berist til Starfsendurhæfingar Norðurlands Glerárögðu 36, 600 Akureyri eða á netfang; geirlaug@stn.is

Nánari upplýsingar veitir Geirlaug G. Björnsdóttir framkvæmdastjóri í síma 420-1020 / 695-5899, hægt er að kynna sér starfseminna á heimasíðunni, <http://www.stn.is>

Sérfræðingur í markaðsviðskiptum

Arctica Finance leitar að verðbréfamíðlara



Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða fjármálatengdum fögum
- Brennandi áhugi á fjármálamarkaði
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi færni í framsetningu og úrvinnslu flókinnna gagna
- Gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum

Verkefni

- Miðlun verðbréfa
- Samskipti við fagfjárfesta
- Greining fjármálamarkaða

Öll reynsla af fjármálamarkaði er kostur en þó ekki nauðsyn. Við hvetjum því nýtskrifaða verðbréfamíðlara til að sækja um ef þeir uppfylla tilgreind skilyrði og eru reiðubúnir að leggja hart að sér.

Arctica Finance er framsækið félag sem byggir þjónustu sína á ráðgjöf til fagfjárfesta og annarra fjársterkra aðila á þremur sviðum: Eignastýringu, Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsviðskiptum. Starfsfólk Arctica Finance býr að viðtækri og áralangri reynslu af ráðgjöf á fjármálamarkaði. Áhersla er lögð á að byggja upp traust samband við viðskiptavinum, með fagmennsku og trúverðugleika í fyrirrúmi.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2018.

Umsóknum ásamt staðfestingu á námsárangri skal skilað til Agnars Hanssonar, forstöðumanns Markaðsviðskipta, með því að senda tölvupóst á pósthfangið: agnar@arctica.is

www.arctica.is | Höfðatorgi, 15. hæð | 105 Rvk. | S. 513 3300

A / F
ARCTICA FINANCE



Deiliskipulag við Grundarfjarðarflugvöll, vegna flugskýla og/eda vélaskemma

Í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er nú auglýst tillaga að deiliskipulagi í Grundarfjarðarbæ.

Á fundi skipulags- og umhverfisnefndar Grundarfjarðarbæjar þann 1.3.2018 var lögð fram tillaga að deiliskipulagi Grundarfjarðarflugvallar vegna nýrra flugskýla austan megin við flugbraut. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð, dags. 27.2.2018, unninn af Zeppelin arkitektum. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti að setja málið í deiliskipulagsferli. Á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar þann 8.3.2018 var bókun skipulags- og umhverfisnefndar staðfest.

Í tillögunni felst að skilgreina þrjár nýjar lóðir, með byggingarreitum fyrir flugskýli og/eda vélaskýli, ásamt flughlaði austan megin við núverandi flugbraut. Hver lóð er um 1750 m² að stærð og hámarksmeðhöfð bygginga verður 7,5 og 8,5 m. Milli skýlanna og flugbrautar verður malbikað flughlaði eða akbraut. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2003-2015 m.s.br. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan mun liggja frammi á bæjarskrifstofu að Borgarbraut 16 á tímabilinu 2. júní - 16. júlí 2018 og verður að auki aðgengileg á vef bæjarins, www.grundarfjordur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar við tillöguna skal senda skriflega á netfangið bygg@grundarfjordur.is eða með pósti á Grundarfjarðarbæ, Borgarbraut 16, 350 Grundarfirði fyrir 16. júlí 2018. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast henni samþykkir. Bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar

Deiliskipulag Háls, tillaga að breytingu.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er nú auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi í Grundarfjarðarbæ.

Á fundi skipulags- og umhverfisnefndar Grundarfjarðarbæjar þann 4.4.2018 var lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi Háls, dags. 7.3.2010. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð, dags. 20.3.2018, unninn af Hús og skipulag ehf. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti að setja tillöguna í auglýsingaferli. Á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar þann 4.4.2018 var bókun skipulags- og umhverfisnefndar staðfest.

Í tillögunni felst að byggingarreit í landi Sólbakka, lóð A, er hlíðrar til suðausturs. Skilmálar fyrir lóðina eru óbreyttir. Á lóð Háls er byggingarreitur fyrir litla skemmu felldur út og afmörkuð er lóð og byggingarreitur fyrir nýtt íbúðarhús. Skipulags- og byggingarskilmálar breytast. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan mun liggja frammi á bæjarskrifstofu að Borgarbraut 16 frá 2. júní - 16. júlí 2018 og verður að auki aðgengileg á vef bæjarins, www.grundarfjordur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar við tillöguna skal senda skriflega á netfangið bygg@grundarfjordur.is eða með pósti á Grundarfjarðarbæ, Borgarbraut 16, 350 Grundarfirði fyrir 16. júlí 2018 n.k. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast henni samþykkir.

Bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar



EYJAFJARDARSVEIT

Skrifstofa: Skólartróð 9 - 601 Akureyri
Sími: 463 0600 - www.eyjafjardarsveit.is

Nútímavæðing Hrafnagilsskóla

Eyjafjardarsveit óskar eftir tilboðum vegna kaupna á tölvubúnaði fyrir Hrafnagilsskóla, Eyjafjardarsveit.

Um er að ræða búnað sem notaður verður við kennslu í grunnskólanum. Heiti útboðsins er „Nútímavæðing Hrafnagilsskóla 1708017“

Afhending gagna er frá 4. júní 2018. Tilboðsfrestur er til 18. júní 2018 kl. 14:00, en tilboð verða þá opnuð á skrifstofu Eyjafjardarsveitar, Skólartróð 9, 2. hæð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Tilboðum skal skilað á tilboðsblaði sem kaupandi leggur til.

Þeir sem óska eftir að fá tilboðsgögn afhent skulu senda beiðni þar um á netfangið esveit@esveit.is með efnislinu (e. subject) Nútímavæðing Hrafnagilsskóla 1708017.

Nánari lýsing er í útboðsgögnum. Útboð þetta er jafnframt auglýst á opinberum útboðsvef, www.utboðsvefur.is.

Ólafur Rúnar Ólafsson, sveitarstjóri Eyjafjardarsveitar.



HÓPBÍLAR

Melabrat 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000

Hópbílar óska eftir að ráða bifvélavirkja

Hæfniskröfur

Æskilegt að hafa menntun í bifvélavirkjun, en áhugi og reynsla af bílavíðgerðum kemur einnig til greina

Eiginleikar

Öguð vinnubrögð, metnaður og vandvirkni.
Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
Stundvísi og áreiðanleiki.

Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um framtíðarstarf er að ræða.

Hermann segir enska knattspyrnuáhugamenn eyðileggja fyrir liði sínu með óhóflegri gagnrýni sinni, en hann segir ensku þjóðina hæfilega vöngóða fyrir mótið í Rússlandi sem hefst eftir tæpar tvær vikur. Enska þjóðin geri sér grein fyrir því að liðið sé ekki sigurstranglegt á mótinu í sumar, en fari offari þessa stundina og finni leikmönnum allt til forráttu eins og vanalega.

„Maður finnur það alveg þegar maður er í liði með enskum landsliðsmönnum að pressa eykst dag frá degi þegar liður að stórmóti. Til að mynda David James sem ég spilaði lengi með hefur oft rætt það við mig hvað þetta umtal hafði slæm áhrif á sig og spilamennsku alls liðsins. Leikmenn eru mjög spennir fyrir mótinu, en þetta slæma umtal hefur



Hermann Hreiðarsson er þarna leikmaður Poursmouth í baráttu við Wayne Rooney, þáverandi leikmann Manchester United. NORDICPHOTOS/GETTY



Mynd af enska liðinu fyrir leik á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi árið 2006. Hermann telur að þetta lið hefði átt að ná lengra. NORDICPHOTOS/GETTY

af sjálfsgöðu neikvæð áhrif,” segir Hermann í samtali við Fréttablaðið. „Ég held sem dæmi að liðin sem í voru leikmenn á borð við Rio Ferdinand, Sol Campbell, John Terry,

Frank Lampard, Steven Gerrard, Paul Scholes, David Beckham, Wayne Rooney, Michael Owen og félagar hefðu getað gert mikið betri hluti en liðið gerði ef leikmenn og

þjálfarateymið hefðu fengið meiri vinnufrið og eðlilegri umfjöllun,” segir Hermann um skaðsemi ensku pressunnar.

„Enska þjóðin er knattspyrnuóð og það snýst allt um fótbolta þegar stórmótin eru. Það er vissulega jákvætt hvað landinn fylgdist vel með liðinu, en það snýst oftast upp í andhverfu sína af því að þeir eru svo neikvæðir.

Þeir hakka leikmenn í sig og einkalíf þeirra er undir smásjánni á meðan á stórmóti stendur. Blöðin eru bara að hugsa um sölutölurnar og þetta er ekki mjög öfundað eða málefaleg gagnrýni eftir á tíðum,” segir Hermann um bresku pressuna.

„Það eru aftur á móti mjög hófstílltar kröfur sem eru gerðar til liðsins að þessu sinni. Gagnrýnin beinist frekar að því hvers vegar Engendingar eigi ekki leikmenn í hæsta gæðaflokki en ekki að þjálfaranum [Gareth Southgate] eða

liðinu sjálfu. Þó svo að allir geri sér grein fyrir því að liðið hafi oft verið bettra þá kæmi mér það á óvart ef það verður farið silkihönskum um leikmenn enska liðsins þegar á hólminn er komið,” segir Hermann um komandi mót hjá enska liðinu.

„Ég ber sjálfur miklar taugar til enska liðsins eftir tíma minn þar og ég vona aðallega að þeir ensku leikmenn sem hafa verið að spila vel með Liverpool, Tottenham Hotspur og Manchester City í vetur verði í aðalhlutverki í liðinu og að liðið spili bolta eins og þau lið hafa verið að spila undanfarið.

Ég vona að Raheem Sterling, Dele Alli og Harry Kane eigi gott mót. Ég bind miklar vonir við að hann springi út og sjá til þess að sóknarleikur enska liðsins verði í lagi,” segir Hermann að endingu um enska liðið sem er á leiðinni til Rússlands og vonast til þess að rjúfa 52 ára bið Engendinga eftir heimsmeistaratitli í knattspyrnu karla.

LOOP

ICELAND

VERIÐ VELKOMIN Á LOOP-DAGINN Í VEIÐIFLUGUM,
Í DAG 2. JÚNÍ, MILLI KL. 11:00-16:00.

Á LOOP-DEGINUM GETUR ÞÚ:

- Kynnt þér allar vörur Loop og fengið góðar ráðleggingar.
- Prófað allar flugustangir, hjól og línur frá Loop.
- Skoðað allt það nýjasta í flugum fyrir veiðisumarið 2018.
- Tekið þátt í Loop-happdrættinu þar sem til mikils er að vinna.
- Þegið góð ráð varðandi flugur, flugulínur, tauma, stangir og hjól.
- Kynnt þér nýjar vörur frá Reiðu Öndinni, Haugnum, Frigga, Loop og Patagonia ásamt fjölmörgum öðrum.



Saga til næsta bæjar

Stefán Pálsson skrifar um ísbúð.

Bandaríski stjórnmála- maðurinn Al Gore hélt einhverju sinni ræðu þar sem hann þótti gera fullmikið úr mikilvægi starfa sinna í vísinda- og tækninefnd Bandaríkjaþings. Ymsum þótti ræðan bera vott um stærilæti og í meðförum andstæðinga hans varð sagan skjótt á þá leið að Gore hefði þóst hafa fundið upp internetið. Tókst stjórnmálamanninum aldrei að kveða niður þessa sögu, sem sífellt var rífuð upp honum til háðungar.

Löngu áður en Gore var sagður hafa eignað sér heiðurinn af alnetinu, gekk sú saga í Bretlandi að Margrét Thatcher hefði fundið upp vélaísinn. Allir elska ís í brauði með súkkulaðiðýfu, svo ætla mátti að þessi meinta uppfinning hefði verið talin Járnfrúnni til tekna, en það var svo sannarlega ekki raunin. Þvert á móti höfðu gagnrýnendur hennar þetta í flimtingum, enda væri vélaís halfgerð vörusvik: loftblandaður ís með lægra fituinnihald en „alvöru“ ís og í raun hálfgerð froða!

Sagan var reyndar úr lausu lofti gripin. Vélaís var fundinn upp í Bandaríkjunum án nokkurrar aðkomu Margrétar Thatcher. Hið rétta í sögunni er þó að Thatcher starfaði sem efnafræðingur hjá matvælafrirtæki sem vann við að þróa tækni til ísgerðar í samkeppni við bandaríska framleiðendur og varð nokkuð ágengt, þótt allt sé óvíst um þátt forsætisráðherrans verðandi í þeirri vinnu.

Saga ísrétta er ævagömul, en vitað er að Forngríkkir áttu til að blanda saman snjó og sætum ávöxtum til að búa til ljúffengan eftirtat. Tilkoma kælitalæni hafði þó mest að segja um þróun íssins, en færni manna til að framkalla kælingu tók miklum framförum á ofanverðri nítjándu öld og byrjun þeirrar tuttugustu. Rjómais fór sigurför vestan hafs og austan, fyrst meðal yfirstéttarinnar en með tímanum varð framleiðslan sífellt ódýrari og útbreiddari. Borgarastéttin í Kaupmannahöfn gæddi sér á rjómais eftir 1870 og slík ísgerð var á kennsluskránni í Kvænna-skólanum í Reykjavík þegar komið var fram yfir 1920. Rjómaisinn átti að vera feitur, eins og nafnið gefur til kynna og voru kröfur um háa

Nýtt! Nýtt!

Gómsætur mjólkurís kominn á markaðinn

Nú er hægt að kaupa **Mjólkurísinn Dairy Queen**, til notkunar í heimahúsum, á eftirtöldum stöðum:

MJÓLKURBÚÐIN
Laugaveg 162

SILLI OG VALDI:
Háteigsveg 2
Laugaveg 82
— 43
— 11
Aðalstræti 8
Hringbr. 49

BÍO-BAR, Austurbæjarbíó
DRÖTUR, Hverfisgötu 114
AXEL SIGURGEIRSSON, Barmahlíð 8
SVEINSBÚÐIR
Borgargerði
Fálkagötu 2
Hafnarfjörður: Kaupfélag Hafnirföngna.
Keflavík: Kaupfélag Suðurnesja.

Framreiða má ísinn á margan hátt, með ýmis konar sósum ávöxtum o. fl. o. fl.

Mjólkurísinn DAIRY QUEEN inniheldur tiltölulega lítið fitumagn, en því meira af vítamínum, eggjahvítuefnum og steinefnum.

MJÓLKURÍSINN DAIRY QUEEN

ÍSBARIR
SPRUTTU
UPP EINS
OG GOR-
KÚLUR.

Frost á Fróni

fituprósentu hans jafnvel bundnar í lög og reglugerðir. Þau viðhorf áttu þó eftir að breytast ansi skyndilega.

Svo dekkji þitt sprakk...

Tvö stór bandarísk fyrirtæki gera tilkall til þess að hafa fundið upp léttu vélaísinn. Carvel er nærri 90 ára gömul ísgerð, sem dragur nafn sitt af stofnanandanum, Tom Carvel, grískum innflytjanda í New York. Sagan segir að Carvel, sem raunar var skírður Athanasios Karvelas, hafi verið að aka ís sínum í verslanir dagi nokkurn árið 1934, þegar dekk hafði sprungið. Ísgerðarmaðurinn horfði upp á framleiðslu sína bráðna í sólinni og brá á það ráð að slá upp sölubúð og selja bifmanninn til vegfarenda. Honum til undrunar kunnu viðskiptavinirnir vel að meta mjúkan ísinn sem svalandi hressing, en eftirréttis var yfirleitt seldur gaddfreðinn. Í kjölfarið byggði Carvel upp öflugra keðju litilla íssölustaða víðsvegar um Bandaríkin.

Önnur ísbúðakeðja, Dairy Queen, heldur annari söguskoðun á lofti. Samkvæmt henni voru það feðgar í Illinois sem fundu árið 1938 upp aðferðina til að framleiða léttan ís með því að blanda lofti saman við ísblönduna og fá þannig úr mjúku vöru með hvítari áferð. Þeir seldu framleiðsluna í verslun vinar síns og stofnuðu ásamt honum Dairy Queen-keðjuna tveimur árum síðar með fjölda útibúa. Rjómadrotningin hafði mikil áhrif á smekk Bandaríkjamanna þegar kom að ís. Ísbarir spruttu upp eins og gorkúlur um allt land og urðu skjótt ein af helstu táknyndum bandarískrar unglingameningar.

Á árunum eftir seinni heimsstyrjöldina voru Bandaríkin flagskip kapitalisma og neyslumenningar. Enginn stóð þeim á sporði á tækni- sviðinu og þá sama gildi um auglýsingamennsku og útlitshönnun. Bandarískur neyslumeningur var eftirsótt munaðarvara hvarvetna, hvort sem var að ræða sportbíla, gallabuxur, sigarettur ... eða ís.

Til Íslands

Landvinningar Dairy Queen erlend- is hófust árið 1953, en þá var opnað fyrsta útibúið í Kanada. Það er því merkilegt í sjálftu sér að einungis ári síðar hafi verið gengið frá samningum um umboð fyrir vörumerkið á Íslandi. Það var jafnframt fyrsta alþjóðlega veitingakeðjan sem hér hóf starfsemi.

Það voru nokkrir ungir menn sem tryggðu sér umboðið. Einn þeirra, Pall Asgeir Tryggvason, kynntist Dairy Queen-ísnum í Bandaríkjunum og fékk til liðs við sig bræðurna Steingrím og Þorvald Árnasyni. Fleiri bættust í hópin og þeim tókst að afla sér fjár til að ýta verkefni um. Semja þurfti við Mjólkursamsölu- na um hráefni til framleiðslunnar og hóf MS að búa til blöndu sem hentaði fyrir ísgerðarvélarnar. Var þetta happafengingur fyrir fyrirtækið, en erlendir sérfræðingar höfðu áður hvatt til þess að reynt yrði að bygga upp ísmarkað í landinu, þar sem mjólkurneysla dróst talsvert saman

á sumrin svo tala mátti um offramleiðslu.

Stjórnendur umboðsins hugðust láta til sín taka á tveimur víg- stöðvum. Annars vegar með því að opna ísbúðir í Reykjavík til að selja svöngum bæjarbúum beint úr vél- unum, en hins vegar með því að selja ís í pakkningum, íspinna, ístertur o.fl. í verslunum. Rak fyrirtækið því frýstikápa í fjölda verslana á höfuð- borgarsvæðinu og í Keflavík. Hafði þó sérstakan frýstibil í ferðum með vörur sínar til verslana.

Salan á ísnum í neytdnapakkn- ingunum hófst fyrir júlín 1954 og var Dairy Queen-ísinn auglýstur sem tilvalinn eftirréttur í júlábö- unum. Mikil áhersla var lögð á hið lága fitumagn íssins, sem kallaður var „mjólkurís“ til aðgreiningar frá rjómaisnum sem landsmenn þekktu betur – ísinn væri því ekki fitandi. Þurfti raunar að breyta reglugerðum til að heimila sölu á svo fitulágum ís.

Rammþóttisk mjólkurblanda

Ekki fór hjá því að málverndarsinnar hnyttu í hið enska heiti fyrirtækisins, sem þótti til marks um undirlægju- hátt gagnvart amerískri lágmenningu. Pólitísku deilurnar um Dairy Queen snerust þó um meira en átök milli þjóðlegra og alþjóðlegra gilda. Árið 1954 var stjórni og skipu- lag íslensks atvinnulífs með þeim hætti að ekki var nóg að fá snjalla hugmynd til að stofnsetja fyrirtæki, flytja inn vélar og hefja rekstur. Inn- flutningur tækjábúnaðar og hvers kyns fjárfesting var ströngum leyfum háð og í þeim efnum gat öllu máli skipt að eiga inngrip hjá útlutunarf- nefndum og -ráðum eða hafa rétt pólitísk sambönd.

Þeir Þorvaldur og Steingrímur voru bræður Tómasar Arnasonar, sem var í innsta valdakjarna Fram- söknaflökkisins og síðar þingmaður, ráðherra og loks seðlabankastjóri. Pólitískir andstæðingar Framsóknar slógu því föstu að þessi tengsl hafi ráðið því að leyfi fékkst til að flytja inn ísgerðarvélarnar. Um langt árabil voru ísbúðartengslin rífuð upp Tómasi til háðungar, einkum af minna þróðum andstæðingum hans, s.s. í Mánudagsblaðinu orlójöta.

Ekki er ólíklegt að pólitísku tengslin hafi hjálpað til – annað hefði raunar verið frávik á þessum árum. Einnig mun það hafa greitt fyrir umsókninni að aðstandendur- unnir sögðust búast við talsverðum viðskiptum við bandaríska herinn á Keflavíkurflugvelli, sem kæmi sér vel fyrir gjalddeyrðisbúskapinn. Íslending- ar voru þó obbinn af viðskiptavinum fyrirtækisins.

Pólitísk tengsl voru þó enn veiga- meiri nokkrum misserum síðar þegar annað fyrirtæki ruddist inn á ísmarkaðinn. Ísborg var starf- rétt í Austurstræti, en meðal stofn- enda hennar voru Pálmi Jónsson kaupmaður og Steingrímur Her- mannsón, síðar forsætisráðherra þá nýtskriðaður verkfræðingur frá Bandaríkjunum. Þeir sóttu um leyfi til vélaínnflutnings og rákust á vegg, ísinn þeim hugkvæmdist að skrá tækni sem varahluti í togaral!

Þrátt fyrir samkeppnina stóð rekstur Dairy Queen í blóma og íhuguðu stjórnendurnir jafnvel að hefja útrás til annarra landa. Þannig var gerð tilraun til að undirbúa opnun ískeiðjunnar á Ítalíu, sem gekk þó ekki eftir. Velgengin reynd- ist hins vegar tveggjað sverð.

Sem fyrr segir Sá Mjólkursam- salan um að vinna hráefnið fyrir sjálfstæðu ísgerðarnar og náði fyrirtækið sífellt betri tókum á því með tímanum. Samsalan hafði fyrir vikið allar upplýsingar um stærð og eðli markaðarins og loks kom að því að hún ákvað að yfirataka hann sjálf. MS hóf eigin ísframleiðslu á árinu 1959 og ruddi keppinautnum fljótlega úr veg. Dairy Queen seldi Mjólkur- samsölunni hluta af tækjum sínum og dreifikerfi og fljótlega fór Ísberg sömu leið. Næstu áratugin var Dairy Queen því einvörðungur rekjið sem ísbúð á nokkrum stöðum, en var lokað fyrir nokkrum árum. Hugmyndir um að opna á ný hafa þó reglulega skotið upp kollinum og skyldi engan undra hjá þjóð sem er jafn sólglin í ís og raun ber vitni.

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI
- fyrir 25-30 manns

BJÖRNABAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

www.bjornabakari.is



BANANANAS

SUMARÍS



NÝTT!

Hitabeltisbonanza með banana- og ananasbragði

Kjörís kynnir splunkunýjan og svalandi sumarís með banana- og ananasbragði.
Fagnaðu sumri með Bananas.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, tengdamma og langamma,

Anna Sigríður Lúðvíksdóttir

áður til heimilis að Grandavegi 47, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 28. maí sl. Jarðarförin fer fram frá Neskirku föstudaginn 15. júní nk. kl. 15.00.

Lúðvík Ólafsson
Sigríður Ólafsdóttir

Hildur Viðarsdóttir
Páll Sigurðsson

Tryggvi Ólafsson

Viðar Lúðvíksson
Anna Lúðvíksdóttir

Borghildur Erlingsdóttir
Oscar Mauricio Usategui

Ólafur Pálsson

Anna Sigríður Pálsdóttir
Tanja Berglind Hallvarðsdóttir
barnabarnabörn.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Karls Ásmundar Hólm Þorlákssonar

húsasmiðameistara, Túngötu 2, Grenivík.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grenilundi Grenivík fyrir góða umönnun.

Hildigunnur Eyfjörð Jónsdóttir

Fanney Sólberg Ásmundsd.

Elisa Jóna Ásmundsdóttir

Kristinn Hólm Ásmundsson

Kristján Þór Ásmundsson

Andrés Þór Ásmundsson

Guðrún Þórlaug Ásmundsd.

Jónína Guðrún Gunnarsd.

Grétar Jón Pálmason

Erna Rún Friðfinnsdóttir

Hanna Björg Margrétard.

Hlynur Aðalsteinnsson

Trausti Hólmur Gunnarsd.

afa- og langafabörn.



Ástkær móðir okkar,

Þóra Þorbergssdóttir

Hátúni 10, Vík í Mýrdal,

lést á Hjallatúni mánudaginn 28. maí sl. Útförin fer fram frá Víkurkirkju mánudaginn 4. júní nk. kl. 14.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Þykkvabæjarklausturskirkju eða Dvalarheimilið Hjallatún Vík í Mýrdal.

Þorbergur Þ. Reynisson
Sigurður Karl Hjálmarsson
Vilborg Hjálmarssdóttir
Anna M. Hjálmarssdóttir
Jón Hjálmarsson

Gunnhildur Haraldsdóttir
Áslaug Einarssdóttir
Kristján Benediktsson
Einar H. Ólafsson
Sigrún Guðmundsdóttir
og fjölskyldur.



Við erum til staðar þegar þú þarft að okkur að halda

Sigrún Óskarsdóttir, guðfræðingur



Útfararþjónusta

og lögfræðisþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



Steinunn Ólina tók við styrknum ásamt börnum þeirra Stefáns Karls. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR

Náttúruöfl hvort á sinn hátt

Leikarahjónin Stefán Karl Stefánsson og Steinunn Ólina Þorsteinsdóttir hlutu í gær styrk úr Minningarsjóði frá Stefaniu Guðmundsdóttur við hátíðlega athöfn í Iðno.

Þau Stefán Karl og Steinunn Ólina eru náttúruöfl, hvort á sinn hátt,“ segir Marta Nordal leikstjóri í tilefni þess að þau Stefán Karl Stefánsson og Steinunn Ólina Þorsteinsdóttir hlutu styrk í gær úr Minningarsjóði frá Stefaniu Guðmundsdóttur leik-konu. Marta er meðal listrænna ráðgjafa sjóðsins og tekur fram að styrkurinn sé ekki heiðursverlaun fyrir ævistarf heldur sé lítið til þess sem fólk hefur verið að gera síguustu tvö leikar. „Um leið og þau hjón stöfu á svið eftir nokkurra ára eru sína erlendis vöktu þau athygli. Steinunn Ólina var í stóru hlutverki í verkinu Efa

og er tilnefnd fyrir það til Grímuverð-launa og Stefán Karl lék bæði í Hróa hetti og Með fulla vasa af grjóti og sýndi þar, svo um munaði, hver hann er. Þau eru framúrskarandi listamenn í sínu fagi og vel að styrknum komin.“

„Þetta er óvænt og skemmtilegt og kemur sér vel,“ segir Stefán Karl um styrkinn. Hann svarar símanum á líknardeildinni. „Ég er í tímabundinni innlögð í viku til tíu daga. Þegar maður er orðinn mikið veikur fer maður í verkja- og lyfjastillingu til að hafa það sem best í baráttunni, það eru tugir taflna sem ég er að taka á dag. Ég get samt enn staðið

í fæturna en mátturinn þverr, maður finnur það. Þetta er eins og lífið er.

Það er auðvitað heiður að fá þennan styrk. Ég sendi litlu englana mína til að veita honum viðtöku fyrir mína hönd. Sérstaklega var gaman og löngu tímabært að Steina fengi hann,“ segir hann og bætir við hlæjandi: „Hún fær hverja viðurkenninguna eftir aðra núna en ég hef verið að djöflast í tíu ár og aldrei fengið verðlaun.“

Ég heyrir að þú getur hlegið enn þá. „Að sjálfsögðu. Það verður það síðasta sem fer. Gleðin og hláturinn.“
gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hólmfríður Jónsdóttir

Fróðengi 5, Reykjavík,

lést þann 20. maí.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey, þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

Aðstandendur



Elskuleg dóttir okkar og systir,
Eydis Jóhannsdóttir

andaðist á Líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 15. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Hugheilar þakkir til þeirra sem önnuðust hana á Kópavogsbraut 5c.

Þuríður Ragnarsdóttir

Jóhann Arnfinnsson

Ragnar Brjánn Jóhannsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,
Einar Friðrik Snæbjörnsson

Eyrarholt 4, Hafnarfirði, andaðist á heimili sínu 18. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ólafía Agnarsdóttir



Ástkær faðir okkar,
Gestur Bjarnason

lést á líknardeild Landspítalans þann 27. maí síðastliðinn. Útför fer fram frá Neskirku 7. júní kl. 13.00.

Valgerður Lisa Gestsdóttir
Hlynur Þór Gestsson
Súsanna Ósk Gestsdóttir

Björn A. Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Lilju Jónsdóttir

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hrafnistu í Kópavogi fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

Ásta Garðarsdóttir
Helga Garðarsdóttir

Sturla Þórðarson
Sigurjón Sindrason
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5407.

GEFÐU ÞÍNUM GÖRMUM GLÆSTA FRAMTÍÐ

47% Brúðarkjöll
30% Hótelsængurföt
23% Slitnir sokkar



EIMSKIP



Á næstu dögum verða fatarsöfnunarpokar sendir á öll heimili landsins. Öll föt og vefnaðarvara sem þú afhendir til endurvinnslu styrkja mikilvægt hjálparstarf.

Tekið er við pokunum í afgreiðslustöðvum **Eimskips Flytjanda, Endurvinnslustöðvum Sorpu** og í yfir **100 Fatasöfnunargámum Rauða Krossins** um allt land.



+

Ástkær faðir okkar, afi og langafi,
Arnfinnur Scheving Arnfinnsson
Eyrarflöt 4, Akranesi,
lést sunnudaginn 27. maí á Dvalarheimilinu Höfða. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 8. júní klukkan 13.

Margrét Arnfinnsdóttir Þórdís Ásgerður Arnfinnsdóttir Maren Lind Másdóttir Helena Másdóttir
Gylfi Jónsson Gunnar Harðarson Ársæll Ottó Björnsson og barnabarnabörn.



+

Hugheilar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og vináttu vegna fráfalls okkar ástkæra
Bragi Þórs Stefánsson læknis.

Svala Karlsdóttir Davíð Þór Bragason Ásta Bragadóttir Eva Björk Bragadóttir Kristján Karl Bragason Stefán Bragason
Connie Lee Hafðis Vigfúsdóttir og barnabörn.



+

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Kristín Hrunð Kjartansdóttir Stafholti 5, Akureyri,
lést miðvikudaginn 23. maí á Dvalarheimilinu Lögmanshlið-Árgerði. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

Guðmundur Bjarnason Þórinn Óli Reynir Ingimarsson Guðfína Ásgrimsdóttir Kristbjörg Þ. Gunnarsdóttir Haukur Guðmundsson
Óli Reynir Ingimarsson Guðfína Ásgrimsdóttir Kristbjörg Þ. Gunnarsdóttir
ömmu og langömmubörn.



+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigmunda Hákonardóttir (Sisi) Árskógum 8,
lést á Landspítalanum, föstudaginn 27. apríl. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 8. júní kl. 13.00.

Inga Jónsdóttir Guðrún Valtýsdóttir Ágústa Rósa Finnlaugsdóttir Þórir Karl Jónasson
agnabörn og barnabarnabörn.



+

Ástkær eiginmaður minn, fösturpabbi, tengdapaubi, afi og frændi,
Björgúlfur Andrésson Unnarbraut 26, Seltjarnarnesi, sem lést sunnudaginn 27. maí, verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 11. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Hafdis Jónsdóttir Gýða Margrét Pétursdóttir Anna Björg Sigurðardóttir Ragnhildur Hrunð Sigurðardóttir
Matthias Hemstock Ymir, Elvin og Bragi Viglundur Ákason



+

Ástkær eiginkona, móðir, amma, langamma og tengdamamma,
Ríta Prigge Helgason Kirkjuvegi 11, 230 Keflavík,
lést þriðjudaginn 29. maí sl. eftir stutt veikindi á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útförin fer fram 13. júní nk. frá Kálfatjarnarkirkju kl. 13.00.

Valberg Helgason Reynir Valbergsson Haraldur Valbergsson Ívar Valbergsson
Una Steinsdóttir Þóra Björg Einisdóttir Anna Birgitta Geirfinnsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.



+

Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Jónu Aðalheiðar Hannesdóttir frá Nýpsstað, til heimilis að Árskógum 6, Reykjavík, sem lést mánudaginn 7. maí. Hjartans þakkir til starfsfólks heimahlyningra og líknardeildarinnar í Kópavogi fyrir alúð og hlýju.

Snorri Þór, Hannes, Ágúst, Hördur Ingþór, Pálmi og fjölskyldur.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Soffía Sigurðardóttir Hjállabraut 33, Hafnarfirði, lést þriðjudaginn 29. maí á hjúkrunarheimilinu Sólvangi. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 6. júní kl. 13.00.

Helga, Fjóla, Hulda, Svala, Lilja, Árdís og Sædis Markúsdætur tengdasynir, ömmubörn og langömmubörn.



+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ingibjörg Jóna Jónsdóttir sérkennari á Akranesi, Nýhöfn 4, Garðabæ, lést mánudaginn 28. maí. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 6. júní klukkan 13.00.

Ingjaldur Bogason Ingibjörg St. Ingjaldsdóttir Sólborg Þóra Ingjaldsdóttir Guðmundur R. Guðmundss. Einar Geir Hreinsson Guðröður Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Filippía Guðrún Kristinsdóttir lést mánudaginn 28. maí á Dvalarheimilinu Lögmanshlið, Akureyri. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 4. júní kl. 10.30.

Elin Dögg Gunnarsdóttir Kristór Þór Gunnarsson Kristín Lind, Bóel Birna, Karen Tara, Sóley Sara og Gunnar Aron
Valmar V. Vájljots Ásgerður Halldórsdóttir



+

Elskuleg dóttir mín, systir okkar og mágkona,
Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir verður jarðsungin frá Nesirkirkju miðvikudaginn 6. júní klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF).

Sigrún Brynjólfssdóttir Brynjólfur Jónsson Þorlákur Jónsson Þorgerður Jónsdóttir Jón Erlingur Jónsson Þuríður Jónsdóttir
Dagný Guðnadóttir Anna Guðrún Ivarsdóttir Sigurjón Helgi Björnsson Anna Stefánsdóttir Atli Ingólfsson



+

Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,
Láraus Fjeldsted Bláskógum, Sólheimum, Grimsnesi, lést á Landspítalanum hinn 29. maí sl. Útförin fer fram frá Sólheimakirkju, Sólheimum, Grimsnesi, kl. 15.00 hinn 6. júní. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á Styrktarsjóð Sólheima, kennitala 620586-1299, reikn. nr. 0152-26-5531.

Andrés Fjeldsted Skúli Th. Fjeldsted
Eva María Fjeldsted Guðrún Þ. Þórsdóttir og systkinabörn.



+

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Halla Guðný Erlendsdóttir Laufásvegi 50, Reykjavík, lést miðvikudaginn 30. maí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin auglýst síðar.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



+

Ástkær eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,
Sturla Þórdarson tannlæknir, lést að morgni 31. maí. Útförin fer fram í Fossvogskirkju föstudaginn 8. júní kl. 11.

Unnur G. Kristjánsdóttir Snorri Sturluson Auður Sturludóttir María Birna Arnardóttir Guðmunda Sírý Arnardóttir
Guðrún Birna Finnsdóttir Benjamin Bohn Arnar H. Jónsson og barnabörn.



+

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Baldur Ingvarsson vélstjóri, ádur til heimilis að Bólstaðarhlíð 46, Reykjavík, lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 22. maí. Útförin fer fram í kyrrþey frá Háteigskirkju 30. maí. Þökkum starfsfólki Mánaþeigs hlýju og umhyggju undanfarin ár.

Adalheiður Í. Hafliðadóttir Bergsteinn Baldursson Ingvar Júlíus Baldursson Ingibjörg Margrét Baldursd. Edda Pétursdóttir Sigurros Kristjánsdóttir Magnús Ingi Ásgeirsson afa- og langafabörn.



+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar,
Kristínar Þórdardóttir frá Árbakka. Hafði hjartans þakki fyrir, blessuð sé minning hennar.

Þór Krøyer Benedikt Krøyer Þorsteinn Krøyer Iðunn Krøyer
Martína Sigursteinsdóttir Kristín Sölvadóttir Ólafía Halldórsdóttir Eymundur Hannesson og fjölskyldur.



+

Perlan og uppáhaldið okkar,
Arnór Antonsdóttir Suðurtúni 50, Álftanesi, lést á sjúkrahúsi í Berlin 23. maí. Minningarathöfn fer fram í Víðalinskirkju föstudaginn 8. júní klukkan 13.00. Blómasendingar eru vinsamlega afþakkaðar en þeim sem vilja styrkja málefni sem var Óddu okkar kært er bent á Krýsvíkursamtökin.

Anton Lindal Ingvason Þórður Guðni Ingvason
Ingvi Þór Sigfússon Guðrún Lilja Lýðsdóttir Hrönn Brandsdóttir barnabörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Fjóla B. Helgadóttir Hvamnstanga, lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hvamnstanga, 26. maí. Útförin fer fram frá Hvamnstangakirkju 5. júní kl. 14.00.

Fjóla B. Helgadóttir Margrét Þ. Jakobsdóttir Aðalsteinn Jakobssson Helga Jakobsdóttir Ágúst F. Jakobs�on
Guðjón Ólafsson I. Signý Kristinsdóttir Ingólfur Áragi Arason Sólrún D. Arnadóttir barnabörn og barnabarnabörn.



Le Creuset
VÍNSETT

50%

TAPPATOGARI
OG PUMPA

VERD ÁÐUR...19.995
TILBOD9.995



KAI hnífasett

25%

Wasabi Black

VERD ÁÐUR...19.995
TILBOD14.995

BORD- OG GÓLFVIFTUR
VERD FRÁ 2.795

30%

GÓLFVIFTA
40cm



VERD ÁÐUR... 5.995
TILBOD 4.195



BORDVIFTA
40cm

VERD ÁÐUR... 4.995
TILBOD 3.495

BORDVIFTA
30cm



VERD ÁÐUR... 3.995
TILBOD 2.795

ALLIR
HÁRBLÁSARAR



20% - 50%

HELGARSÞRENGJA

ALLT AÐ 50% AFSL.

byggto**g**búid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

GRUNWERG HNÍFAPÖR
CARNIVAL

25%



24 STK

VERD ÁÐUR..... 6.995
TILBOD 5.245

KuchenProfi **GRILLÁHÖLD**



KUCHENPROFI
KJÖTHITAMÆLIR
PRÄDLAUS DIGITAL

VERD ÁÐUR... 6.495
TILBOD 4.495



KUCHENPROFI
KJÚKLINGASTANDUR

VERD ÁÐUR... 5.495
TILBOD 3.845

30% KUCHENPROFI
GRILLÁHÖLD
3STK



VERD ÁÐUR...4.995
TILBOD3.495

30% KUCHENPROFI
PIZZASTEINN Í
GRIND
30sm



VERD ÁÐUR...4.495
TILBOD3.145

EVA SOLO GLÖS



25cl 12 stk

VERD ÁÐUR.....5.495
TILBOD3.845

38cl 8 stk

Bodum **KAFFISETT**
Brazil



VERD ÁÐUR... 10.995
TILBOD 7.695

SOEHNLE
FERÐATÖSKUVOG



VERD ÁÐUR...3.995
TILBOD2.995

30%

OHB NORDICA
COMPACT FRESH
MATVINNSLUVÉL



VERD ÁÐUR..... 9.995
TILBOD 6.995



VERD ÁÐUR..... 7.995
TILBOD 5.995

25% ARIETE
HAMBORGARA
HEILSU
GRILL

Með
brauðhitara



5stk

Pottasett Paris

VERD ÁÐUR... 39.995
TILBOD 29.995

Fissler
Fissler. Perfect every time.



25%

Thomas
by
Rosenthal

„Let the
sunshine
in“

Dolce Gusto
PICCOLO KAFFIVÉL



33%

VERD ÁÐUR.....5.995
TILBOD3.995

Tefal **TALENT PÖNNUR**



50%



24cm

VERD ÁÐUR... 6.995
TILBOD 3.495



28cm

VERD ÁÐUR... 7.995
TILBOD 3.995



#MÆÐRA STYRKUR



MÆÐRASTYRKUR.IS

Mæðrastyrksnefnd hefur stutt við bakið á þeim sem þurfa í 90 ár. Með kaupum á Mæðrastyrkspokanum styrkir þú samtökin með upphæð sem nemur einum fullum poka af matvælum. Þannig hjálpumst við að og léttum undir með fólki sem hefur lítið á milli handanna, poka fyrir poka.

Þú getur líka stutt verkefnið með því að kaupa Mæðrastyrksbollann hjá Te & Kaffi. Lestu meira um hinn magnaða mæðrastyrk og styrktu verkefnið á mæðrastyrkur.is

margt smátt



Pipar TBWA

KRAKKAR

Konráð

304

og félagar á ferð og flugi



„Þetta er nú meira skrípið,“ sagði Kata hneyksluð þegar hún sá þetta dýradýr. „Þetta er ljótara en gömlu skrimslamyndirnar sem voru alltaf á gömlum

Íslandskortum.“ Lísaloppa varð að vera sammála að þetta dýradýr var nú heldur ljótt. „En úr hvaða dýrum er þetta dýradýr eiginlega?“

Getur þú séð úr hvaða dýrum þetta dýradýr er saman?



Jón Jökull er sérlegur aðdáandi Pac-Man og kom það vægast sagt skemmtilega á óvart þegar hann gekk framhjá innganginum að Fredda spilastofu.

Pac-Man og sólkerfið í uppáhaldi

Jóni Jökli finnst gott að fá sér grjónagraut og slátur. Popp kemur líka sterkt inn.

Nafn: Jón Jökull Amundason Johansen.

Fæðingardagur: 8. desember 2011.

Skóli: Barnaskólinn á Vífilstöðum í Garðabæ.

Uppáhaldsbókin? Hefðarkettirnir.

Uppáhaldsbiómyndin? Pac-Man myndin. Mér finnst líka gaman að perla Pac-Man.

Áhugamáli: Sólkerfið og pláneturnar. Það er gaman að skoða það.

Áttu systkini? Já, ég á bróður sem heitir Kolbeinn Óli. Hann er tveggja og hálfis árs.

Hvað ætlar þú að gera í sumar? Ég ætla í sumarskóla og leika mikið með vinum mínum. Svo ætla ég kannski að fara á sundnámskeið. Ég ætla líka að fara oft í heimsókn til ömmu long, það er svo gaman. Mig langar líka að fara til útlanda, af því að það er sól þar og svo gott veður. Og strönd.

Hvert myndirðu vilja fara? Mig langar mest að fara til New York og Flórída. Ég hef ekki komið til New York en fer stundum til

Sigrúnar frænku á Flórída.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Hamborgari og franskur. Líka grjónagrautur og slátur. Mér finnst popp líka gott. Og tortillakaka sem amma Kristín oft gerir fyrir mig.

Gerðist eitthvað skemmtilegt í vikunni? Já, ég var með fimleikasýningu í Stjórnunni í Ásgarði og svo fékk ég nýtt hjól úr Costco frá pabba og mómmu.

Hvernig gekk á sýningunni? Mjög vel. Ég var litill úlfliugur í teiknimyndinni Jungle Book. Hún heitir Skógarlíf á íslensku.

Litill fugl hvisaði að okkar að þú hefðir farið í vorferð í Vatnaskóg með skólanum um daginn. Hvernig var það? Mjög, mjög, mjög gaman. Við gístum í tveir nætur í kojum og ég gísti í efri kojunni. Það voru þrjár hoppukastalar í íþróttahúsinu. Við fórum líka í bátsferð og þurftum þá að vera með björgunarvesti. Maturinn var góður. Við fengum spaghetti og pylsur.

Listaverkið

Gunnar Hjartarson, listamaður vikunnar, teiknar mikinn fjársjóð neðanjarðar.



Lausn á gátunni

© 2018 by the author. All rights reserved.

ÚRVALIÐ ER Í ICELAND

50%
AFSLÁTTUR Í NAMMILANDI
ALLA FÖSTUDAGA,
LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA



KRISTALL Í DÓS
330 ML
79
KR/STK



BEN & JERRY'S
699
KR/STK



AMINO ENERGY
330 ML
199
KR/STK



TIL HAMINGJU
BOLTABLANDA
190 G
249
KR/STK



MARYLAND
145 G, 4 TEG.
99
KR/PK



PEPSI PEPSI MAX
OG APPELSÍN Í DÓS
500 ML
99
KR/STK



LAYS'S FLÖGUR
175 G
199
KR/STK



SMASS
HAMBORGARAR
2*120
499
KR/PK



ICELAND CHICKEN
BREAST FILLET
1.399
KR/PK



SS LAMBÆRI MED
KRYDDJURTUM, STUTT
1.499
KR/KG



ALI
SPARERIBS
799
KR/KG



FJALLALAMB
GRILLSNEIÐAR
1.499
KR/KG




KJARNAFÆÐI
LAMBALÆRIS-
SNEIÐAR SIRLOIN
1.699
KR/KG



Iceland

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Suðvestan strekkur í dag og skýjað með dálitilli vætu Vestanlands, en þurr og bjart austan til. Hiti 8 til 20 stig, hlýja á Austurlandi.

Heimurinn

Kaupmannah. Oslo 29°	Stokkhólmur 27°	Gautaborg 29°	Helsinki 23°	Dórshöfn 8°	Nuuk 1°
London 20°	Amsterdam 17°	Paris 23°	Berlin 26°	Madrid 20°	Brussel 20°
Róm 28°	Boston 21°	New York 22°	Orlando 24°	Moskva 23°	Singapúr 29°
Tókyó 19°	Sydney 15°				

Reykjavík

Sunnudagur 8° → 4	Mánudagur 8° ↘ 2	Þriðjudagur 10° ↘ 3	Miðvikudagur 11° ↘ 3	Fimmtudagur 13° ↘ 10
----------------------	---------------------	------------------------	-------------------------	-------------------------

Ísafjörður

Sunnudagur 7° → 11	Mánudagur 11° ↗ 11	Þriðjudagur 14° ↗ 9	Miðvikudagur 15° → 4	Fimmtudagur 17° ← 3
-----------------------	-----------------------	------------------------	-------------------------	------------------------

Akureyri

Sunnudagur 11° → 13	Mánudagur 14° ↓ 3	Þriðjudagur 16° ↓ 2	Miðvikudagur 17° ↓ 4	Fimmtudagur 20° ← 3
------------------------	----------------------	------------------------	-------------------------	------------------------

Egilsstaðir

Sunnudagur 14° → 8	Mánudagur 15° ↗ 2	Þriðjudagur 19° ↓ 1	Miðvikudagur 18° ↓ 5	Fimmtudagur 20° ↑ 5
-----------------------	----------------------	------------------------	-------------------------	------------------------

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur 15° ↘ 8	Mánudagur 14° ↑ 3	Þriðjudagur 19° ↘ 3	Miðvikudagur 17° ↑ 3	Fimmtudagur 15° ↘ 5
-----------------------	----------------------	------------------------	-------------------------	------------------------

Pondus

Eftir Frøde Øverli

Í alvöru, sko. Hvernig gekk í íþróttaprófinu? Sjúklega erfiitt, sko!

Ég bara... halló! Og ég klúðraði spurningu fjögur! Sjúkt, ég bara... hvað?

Ókei... en í alvöru, sko. Tölum saman síðar!

Hvernig talar maður við stelpur? Ahh...

Hefuru prófað að nota orð? Þau eru mjög einföld.

Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Palli, hvernig tölva myndirðu fá þér ef þú værir ég?

Eitthvað sem er ekki svona úrelt.

Fáðu þér spjaldtölva eða snjallsíma... eitthvað annað en gamla borðtölva.

Ég sem var loksins orðinn góður í þessari úreltu tækni.

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Nýja aðgangsráðið þarf að vera mjög öruggt!

En samt auðvelt að muna! BAM! OW!

Einhver frasi sem við erum alltaf að segja! Já! Hættu þessu! HEY! BONK! WAAAA!

HÆTTIÐ! ÞESSU STRAX!

Flott. Allt í stórum stöfum eða blanda af stórum og litlum?

Aðalfundur Hollvina Grensásdeildar

verður haldinn miðvikudaginn 6. júní 2018. í kennslustofu Grensásdeildar og hefst kl. 17:00.

Dagskrá fundarins:

- Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2017
- Ársreikningur 2017
- Kjör stjórnar - önnur mál



Allir velunnarar Grensásdeildar hjartanlega velkomnir



HOLLVINIR GRENSSÁSS

Stjórn Hollvina Grensásdeildar

Hollvinir Grensás safna fé bæði til tækjakaupa og almennra styrkja við starf Grensásdeildar og einnig til endurbóta á húsnæði deildarinnar

www.grensas.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

OFURHETJU VÍDDIN

VILDARVERÐ:

3.100.-

Verð:
3.899.-

BERNSKUBREK
ÆVAR'S VÍSINDAMANS
OFURHETJU-
VÍDDIN



ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON

ÚTGÁFUHÓF
Í DAG
KL 16:00
Í VERSLUN OKKAR Í
KRINGLUNNI

Ofurhetjuvíddin

- ALLIR SEM MÆTA FÁ PLAKAT -
- OFURHETJUKAKA & DRYKKIR Í BOÐI -
- BÚNINGAKEPPNI: ÞRÍR FLOTTUSTU VINNA -



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustig 2
Húsvík - Garðarsbraut 9
Flu

PENNINN Eymundsson

40 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vörurval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími vildarverðs er til og með 3. júní eða meðan birgðir endast. Upplysingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Skin og skúrir í köflóttu leikári

Sigríður Jónsdóttir, leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins, fer yfir leikárið sem er að liða og framtíð leikhúss á Íslandi.

Mikið hefur gengið á í sviðslistaheiminum á þessu leikári, bæði á sviðinu sjálfu og utan þess. Breytingar til hins betra liggja í loftinu en margt má bæta. Leikhúsin og sviðslistafólk berjast í bökkum við að sinna sem flestum áhorfendum en listrænn metnaður verður að vera í forgangi því þegar hann fær að njóta sín jafnast ekkert á við ferð í leikhúsið.

Borgarleikhúsið

Þegar á heildina er litið farnaðist Borgarleikhúsinu betur af stóru húsinum tveimur en leikárið einkennist af fjölbreytni, þó ekki gallalaus. Þrjár af bestu sýningum ársins; Kartóluaetumar eftir Tyrting Tyrffingsson í leikstjórn Ólafs Egils Egilssonar, Guð blessi Ísland eftir Mikael Torfason í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar og Medea, í nýrri leikgerð Hrafnhildar Hagalín, í leikstjórn Hörpu Arnardóttur, stoppuðu allar alltof stutt við í Borgarleikhúsinu og var sýningum hætt þrátt fyrir góða aðsókn. Ástæðurnar eru margþættar en ekki getur verið tilviljun að þær þurftu að vikja fyrir sýningum sem áttu að höfða til stærri markhóps eða sýningu frá fyrra leikári. Þessi þróun er áhyggjuefni. Auðvitað á leikhús að höfða til sem flestra en sorglegt er að horfa upp á sýningar sem varla fá tækifæri til að blómstra.

Ekkí gekk Himnaríki og helviti, byggt á þríleik Jóns Kalman í leikgerð Bjarna Jónssonar, nægilega vel upp þrátt fyrir metnað af hálfu höfundar og Egils Heiðars Antons Pálsónar leikstjóra. Aftur á móti var þeirri Þuríður Blær Jóhannsdóttir frábær í sínu hlutverki og heldur áfram að þroskast sem leikkona. Sýningin sem klinkar sýndi fram á að farsinn getur verið endurhugsadur með góðu og skemmtilegu móti, leikárinu lauk síðan með Fólk, staðir og hlutir í leikstjórn Gísla Arnar Garðarssonar þar sem Nína Dögg Filippusdóttir stóð í broddi fylkingar í einstaklega fallega hannaðri sýningu.

Þjóðleikhúsið

Í heildina var leikár Þjóðleikhússins fremur dapurlegt en átti sínar björtu hlíðar þó. Faðirinn eftir franska leikskáldið Florian Zeller í leikstjórn Kristinar Jóhannsdóttur stendur þar hátt upp úr; sterkur leikþpur, gullfalleg hönnun og fantagott handrit smullu saman í höndunum á þessum reynda leikstjóra. Endursýningar á íslensku leikritum gerast alltof sjaldan þannig að þakklátt var að sjá Hafid eftir Ólaf Hauk Simonarson á fjölonum, en höfundurinn hafði bæði endurbætt og lagað handritið að nýjum timum. Umbúðalaus leikstjórn Sigrúðar Sigurjónssonar gaf áhorfendum tækifæri til að endurmeta þetta klassíska verk. Sýningararnar báðar nutu krafta þræstar Leos Gunnarssonar sem ber með sér sjaldgæfa sviðshefuleika og tilfinningalega breidd.

Einkennandi fyrir leikár húsins

var gölluð og endaslepp handritavinna, sem rædd verður frekar síðar í pistlinum, og þrátt fyrir metnaðarfullar sýningar á borð við Óvin fólksins í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur og leikgerðina af Svartalogni eftir Kristínu Marju Baldursdóttur, skrifari af Melkorku Teklu Ólafsdóttur, vantaði yfirleitt eitthvað upp á. Efi – dæmisaga eftir John Patrick Shanley var frábærlega tímasett en leið fyrir leikstjórn Stefáns Baldurssonar og leikmyndina sem þjónaði sýningunni illa. Sömmuleiðis var verðlaunaverkið Smán frábært tækifæri fyrir nýja og fjölbreyttari kynslóð af leikurum en útkoman var því miður ekki nægilega góð.

Sjálftæða senan

Tjarnarbið hefur oft verið með sterkara leikar en ekkert í tekju út með sældinni að standa í forvigi fyrir tilraunamennsku í sviðslistum. Lókal og Reykjavík Dance Festival hafa fest bæktistöðvar sínar við Tjörnina og eru nú orðnar fastur punktur í íslenskri sviðslist. Húsið hefur líka verið ómetanlegt fyrir sjálftæðu danssenuna sem hefur fundið fast heimili þar inni á meðan draumurinn um danshús á enn eftir að verða að veruleika. Dansáriði náði suðupunktur með Vorblöti en sýningarnar SOL í boði Söma Þjóðar og Ahhh í boði RaTaTam sýndu að sjálftæða senan á mikið inni.

Leikfélag Akureyrar

Umbrotaktimar standa nú yfir hjá Leikfélagi Akureyrar en Jón Páll Eyrjólfsson, listrænn stjórnandi húsins, tók þokann sinn og hvarf frá leikfélaginu í kjölfar #metoo umræðum sem skall á sviðslistaheiminum í lok síðasta árs. Leikstjórnin Marta Nordal tók við nokkrum mánuðum seinna og hefur lofað norðan heiða að nafni Umkriptingar sem sýndi nýja leikritið Framhjá rauða húsinu og niður stigann síðastliðið haust. Einnig var dúóið Hundur í óskilum frábært sem endra nær, nú með sýninguna Kvenfólk. Vonandi bera nýr listrænn stjórnandi, nýr atvinnuleikhúpur og aukid fjármagn ferskan blæ inn í bæjarfélagið.

Söngleikir, markaðssetning og leikhandritavandinn

Fyrsta verkið sem Marta tilkynnti var söngleikurinn Kabarett eftir John Kander, Fred Ebb og Joe Masteroff. Þetta val er ágætis dæmi um stóðu söngleiksins hér á landi. Kabarett er byggður á sögum Christophers Isherwoods af dvöl sinni í Berlín á millistíðarárum sem síðan voru aðlagðar fyrir svið og tónlist frum-samin fyrir verkið. Bókin segir frá



Faðirinn, í Þjóðleikhúsinu.



Íó, brúðuleikhúsi í Tjarnarbiði.



Himnaríki og helviti, í Borgarleikhúsinu.

fordómum, kynfrelsi, kúgun og pólitískum átökum en hættu er á því að dregið verði úr ógrunninni til að þóknast stærri afþreyingarmarkhópi. Söngleikurinn Rocky Horror eftir Richard O'Brien var einmitt sýndur í leikstjórn Mörtu á stóra sviði Borgarleikhússins þar sem poppstjarnan Pall Óskar var fremstur í flokki. Margt heppnaðist skemmtilega í sýningunni en ógrandi skilaboðin skoluðust til.

Ekkert lát vírbíst á vinsældum Elly í sama húsi og verður sýningin tekin upp þriðja leikárið í röð og spyra má hvort hún taki pláss frá öðrum sýningum. Guðjón Davíð Karlsson gerði tilraun til að nýta sér vinsældir forsmis með því að setja saman sinn eigin glymskrattasöngleik í Þjóðleikhúsinu, vandamálið var að handritið gleymidist gjórsamlega og sýningin var sauðuð saman með lögum en ekkert persónuköpun.

Til þess að skrifa nýjan söngleik dugur ekki að sauma saman þekta slagara og krossa fingur. Til þess að ógra áhorfendum dugur ekki að tina saman orð af internetnetinu og ákveða fyrirfram að verkið verði krassandi. Til að sviðsetja nýtt íslenskt verk dugur ekki að setja saman orð úr þekktum skáldsögum. Grunnstöðurnar verða að vera til staðar og handverkið verður að vera betra. Við sem sviðslistaðir verðum að

hafa meiri metnað, stærri markmið og betri fjármögnun fyrir leikskáld. Þetta á við um alla fagaðila; leikhúsin, stéttafélög, eins og Leikskáldafélagið, og styrktaraðila sem að þessum málaflökki koma.

Barnaleikhúsið

Eins og með leikárið almennt þá hefur urvalið fyrir börnin oft verið betra. Þjóðleikhúsið bauð upp á farandsýninguna Oddur & Siggí og hina ljúfu Ég get sem kynnti töfra miðhúsin fyrir yngstu leikhúsáhorfendum en Björn Ingi Hilmarsson leikstýrði báðum sýningum. Blái hnötturinn hélt áfram sýningu í Borgarleikhúsinu og ekkí var boðið upp á aðrar sýningar fyrir þennan aldurshóp fyrir utan Skúmáskot eftir Sölkú Guðmundsdóttur sem fór fyrir ofan garð og neðan. Á höfuðborgarsvæðinu stóð Tjarnarbið sig best í þessum málum. Ragnheiður Harpa Leifsdóttir skrifaði hina hugljúfu Ío fyrir húsið og leikhúpurinn Lotta heldur áfram að fylla sali, þau í Lottu eiga heiður skilið fyrir að sinna ungum áhorfendum um allt land.

Hæfileikahápunktar

Einn af hápunktum leikársins er endurkomu tveggja af landsins hæfileikaríkustu leikkonum; Sigrún Edda Björnsdóttir og Elva Ósk Ólafsdóttir hafa verið vanmetnar í gegnum

tíðina en sýndu í ár hvers þær eru megnugar. Alltaf má treysta á Björn Thors og Björn Hlyn Haraldsson en vel má vera að Hjörtur Jóhann Jónsson sé arftaki þeirra miðað við vinnuna sem hann hefur sýnt.

Hvað nýja leikara varðar þá er Davíð Þór Katrinarson mikið efni og vonandi fær hann áfram framhaldandi verkefni enda spennandi leikari. Sömmuleiðis hitti Armar Dan í þráðbeint mark með túlkun sinni á Rocky, hlutverk sem hefði getað glatast í yfirborðskennndri túlkun en Armar fann leið til að gera sköpunarverk Frank-n-Furter mannlegt, þrjóstumkennanlegt og bráðfyndið.

Leikhúsbíó og björt framtíð

